

Lög

um útlendinga.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Ákvæði laga þessara gilda um heimild útlendinga til að koma til landsins, dvöl þeirra hér og rétt til alþjóðlegrar verndar.

Um útlendinga sem falla undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og stofnsamning Fríverslunarsamtaka Evrópu gilda sérreglur, sbr. ákvæði XI. kafla. Íslenskir ríkisborgarar geta einnig borið skyldur samkvæmt lögum þessum.

Íslensk skip í siglingum erlendis og íslensk loftför í flugferðum erlendis falla ekki undir gildissvið laga þessara.

2. gr.

Tilgangur og markmið.

Tilgangur laga þessara er að kveða á um réttarstöðu og tryggja réttaröryggi útlendinga sem koma til landsins eða fara frá því, sækja um dvalarleyfi eða dveljast hér á landi samkvæmt lögnum.

Enn fremur er það tilgangur laga þessara að veita heimild til eftirlits með komu útlendinga til landsins, dvöl útlendinga hér og för þeirra úr landi.

Lög þessi veita grundvöll fyrir alþjóðlegri vernd erlendra ríkisborgara og ríkisfangslausra einstaklinga sem eiga þann rétt samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum íslenskra stjórnvalda.

Markmið laga þessara er að tryggja mannúðlega og skilvirka meðferð stjórnvalda í mál-efnum útlendinga hér á landi.

3. gr.

Orðskýringar.

- Alþjóðleg vernd:** Vernd sem stjórnvöld veita einstaklingi sem hingað leitar og fullnægir þeim skilyrðum sem sett eru í A-lið 1. gr. alþjóðasamnings um stöðu flóttamanna, vernd sem veitt er á grundvelli reglna um viðbótarvernd og vernd veitt ríkisfangslausum einstaklingum samkvæmt samningi um réttarstöðu ríkisfangslausra einstaklinga frá 1954.

2. *Brottvísun*: Ákvörðun stjórnvalds um að útlendingi sem dvelst hérlendis skuli vísað úr landi til heimalands eða annars ríkis þar sem hann getur sýnt fram á löglega heimild til dvalar og honum bönnuð endurkoma í tiltekinn tíma eða að fullu og öllu.
3. *Dyflinnarsamstarfið*: Samstarf byggt á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 604/2013 frá 26. júní 2013 um að koma á viðmiðunum og fyrirkomulagi við að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð á meðferð umsóknar um alþjóðlega vernd sem ríkisborgari þriðja lands eða ríkisfangslaus einstaklingur leggur fram í einu aðildarríkjanna.
4. *EES-borgari*: Útlendingur sem er ríkisborgari ríkis sem fellur undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES).
5. *EFTA-borgari*: Útlendingur sem er ríkisborgari ríkis sem fellur undir stofnsamning Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA).
6. *Einstaklingar í sérstaklega viðkvæmri stöðu*: Einstaklingar sem vegna tiltekinna persónulegra eiginleika eða aðstæðna hafa sérþarfir sem taka þarf tillit til við meðferð máls eða geta ekki að fullu eða með engu móti nýtt sér rétt eða uppfyllt skyldur sem kveðið er á um í lögum þessum án aðstoðar eða sérstaks tillits, t.d. fylgdarlaus börn, fatlað fólk, fólk með geðraskanir eða geðfötlun, aldrað fólk, þungaðar konur, einstæðir foreldrar með ung börn, fórnarlömb mansals, alvarlega veikir einstaklingar og einstaklingar sem hafa orðið fyrir pyndingum, kynfæralímlestingum, nauðgun eða öðru alvarlegu andlegu, líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi.
7. *Fjöldaflótti*: Þegar fjöldi flóttamanna flýr tiltekið eða tiltekin landsvæði.
8. *Flóttamaður*: Útlendingur sem er utan heimalands síns eða ríkisfangslaus einstaklingur sem er utan þess lands þar sem hann hafði reglulegt aðsetur vegna þess að hann hefur ástæðuríkan ótta um að verða ofsóttur vegna kynþáttar, trúarbragða, þjóðernis, aðildar að tilteknum þjóðfélagshópi eða vegna stjórnmalaskoðana og getur ekki eða vill ekki vegna slíks ótta færa sér í nyt vernd þess lands. Þeir einstaklingar sem falla undir viðbótarvernd teljast einnig flóttamenn samkvæmt lögum þessum.
9. *Flóttamannasamningurinn*: Alþjóðasamningur um stöðu flóttamanna frá 28. júlí 1951, sbr. bókun við samninginn frá 31. janúar 1967.
10. *Frávísun*: Ákvörðun stjórnvalds um að vísa útlendingi frá landinu til heimalands eða annars ríkis þar sem hann getur sýnt fram á löglega heimild til dvalar.
11. *Fylgdarlaus barn*: Barn sem kemur fylgdarlaus inn á yfirráðasvæði ríkis, svo lengi sem það hefur ekki í reynd verið tekið í umsjá foreldra eða fullorðins einstaklings sem ber ábyrgð á því samkvæmt lögræðislögum. Þetta á einnig við ef barnið er skilið eftir án fylgdar eftir að það kemur á yfirráðasvæði ríkis.
12. *Föst búseta*: Sá staður þar sem lögheimili manns er, sbr. 1. gr. laga um lögheimili.
13. *Hagsmunagæsla barns*: Það að gæta hagsmuna barns og sjá til þess að barn fái þá aðstoð sem nauðsynleg er á meðan málsmeðferð stendur, þ.m.t. stuðning á grundvelli barnaverndarlaga og annarra laga, svo sem varðandi félagslega aðstoð, skólalþjónustu og heilbrigðisþjónustu.
14. *Mansal*: Mansal samkvæmt skilgreiningu í 227. gr. a almennra hegningarlaga sem byggist á Palermó-samningi Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri skipulagðri glæpastarfsemi og mansalsbókun við samninginn.
15. *Nám*: Samfellt nám á háskólastigi, þ.m.t. nám á háskólastigi sem fram fer á vinnustöðum, eða annað það nám sem gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi. Einstök námskeið teljast ekki til náms.
16. *Nánustu aðstandendur*: Maki, sambúðarmaki, börn viðkomandi yngri en 18 ára í forsjá hans og á framfæri og foreldrar 67 ára eða eldri.

17. *Norrænn ríkisborgari*: Ríkisborgarar Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, þ.m.t. Álandseyja, Færeyja og Grænlands.
18. *Ófsóknir*: Athafnir sem í eðli sínu eða vegna þess að þær eru endurteknar fela í sér alvarleg brot á grundvallarmannréttindum, einkum ófrávikjanlegum grundvallarmannréttindum á borð við réttinn til lífs og bann við pyndingum eða ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, bann við þrældómi og þrælkun og bann við refsingum án laga. Sama á við um samsafn athafna, þ.m.t. ólögmeta mismunun, sem hafa eða geta haft sömu eða sambærileg áhrif á einstakling.
19. *Ólögmet dvöl*: Þegar útlendingur dvelst hér á landi án tilskilinna heimilda eða getur ekki sýnt fram á heimild sína til dvalar.
20. *Ríkisfangslaus einstaklingur*: Einstaklingur sem ekkert ríki telur til ríkisborgara sinna samkvæmt landslögum, sbr. samning um réttarstöðu ríkisfangslausra einstaklinga frá árinu 1954.
21. *Samningar um ríkisfangsleysi*: Alþjóðasamningur um réttarstöðu ríkisfangslausra einstaklinga frá 1954 og alþjóðasamningur um að draga úr ríkisfangsleysi frá 1961.
22. *Schengen-ríki*: Ríki sem eru þátttakendur í Schengen-samstarfinu.
23. *Schengen-samstarfið*: Samstarf Evrópuríkja á sviði lögreglusamstarfs og landamæraeftirlits sem byggist á Schengen-samningnum.
24. *Talsmaður*: Sá sem talar máli útlendinga eða þess sem sækir um alþjóðlega vernd hér á landi og gætir hagsmuna hans við meðferð máls gagnvart íslenskum stjórnvöldum á meðan mál hans er til meðferðar. Talsmaðurinn skal vera lögfræðingur og þegar um er að ræða fylgdarlaust barn skal talsmaðurinn enn fremur hafa sérþekkingu á málefnum barna.
25. *Umsækjandi um alþjóðlega vernd*: Útlendingur sem óskar eftir viðurkenningu á stöðu sinni sem flóttamaður eða ríkisfangslaus einstaklingur hér á landi.
26. *Útlendingur*: Einstaklingur sem hefur ekki íslenskan ríkisborgararétt.
27. *Viðbótarvernd*: Útlendingur sem telst ekki flóttamaður samkvæmt ákvæði A-liðar 1. gr. alþjóðasamnings um stöðu flóttamanna ef raunhæf ástæða er til að ætla að hann eigi á hættu að sæta dauðarefsingu, pyndingum eða annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu eða að hann verði fyrir alvarlegum skaða af völdum handahófskennds ofbeldis vegna vopnaðra átaka verði hann sendur aftur til heimalands síns. Sama gildir þegar um er að ræða ríkisfangslausan einstakling.

4. gr.

Almennt um framkvæmd laganna.

Ráðherra fer með yfirstjórn laga þessara.

Útlendingastofnun, kærunefnd útlendingamála, lögregla, sýslumenn, Þjóðskrá Íslands og önnur stjórnvöld annast framkvæmd laga þessara.

Ráðherra setur reglugerð um starfssvið einstakra stofnana skv. 2. mgr. á grundvelli laga þessara að því leyti sem lögin og stjórnvaldsfyrirmæli kveða ekki á um það.

5. gr.

Útlendingastofnun.

Starfrækja skal sérstaka stofnun, Útlendingastofnun, undir yfirstjórn ráðherra.

Ráðherra skipar forstjóra Útlendingastofnunar til fimm ára í senn. Forstjórinn skal hafa lokið meistaraþrófi í lögfræði eða sambærilegu námi.

Útlendingastofnun gefur árlega út skýrslu um starfsemi sína.

6. gr.

Hlutverk, valdsvið og skipan kærunefndar útlendingamála.

Kærunefnd útlendingamála er sjálfstæð stjórnslunefnd sem úrskurðar í málum sem til hennar eru kærð á grundvelli 7. gr. Úrskurðum nefndarinnar er ekki unnt að skjóta til æðra stjórnvalds.

Við úrlausn mála hefur kærunefnd útlendingamála sömu valdheimildir og ráðherra sem úrskurðaraðili á æðra stjórnslustigi.

Ráðherra skipar sjö nefndarmenn í kærunefnd útlendingamála. Formaður nefndarinnar og varaformaður skulu skipaðir í fullt starf til fimm ára að undangenginni auglýsingu samkvæmt ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og að fenginni umsögn nefndar skv. 5. mgr. Þeir skulu uppfylla skilyrði um embættisgengi héraðsdómara. Um réttindi þeirra og skyldur fer samkvæmt ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Laun og starfskjör þeirra skulu ákveðin af kjararáði.

Ráðherra skipar fimm aðra nefndarmenn og jafnmarga til vara til fimm ára í senn. Þeir skulu hafa lokið embættis- eða meistaraþrófi í lögfræði. Tveir skulu tilnefndir af Mannréttindaskrifstofu Íslands, einn af Mannréttindastofnun Háskóla Íslands og tveir skipaðir án tilnefningar. Þess skal gætt að innan nefndarinnar sé jafnan til staðar nauðsynleg sérþekking á þeim sviðum sem fjallað er um í nefndinni. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti og skulu uppfylla sömu hæfisskilyrði og aðalmenn. Ráðherra ákveður þóknun þeirra.

Ráðherra skipar þrjú menn í nefnd sem meta skal hæfni umsækjenda um embætti formanns og varaformanns kærunefndar útlendingamála. Nefndin skal láta ráðherra í té skriflega rökstudda umsögn um umsækjendur.

Formaður kærunefndar útlendingamála hefur yfirstjórn hennar með höndum. Hann fer með fyrirvar nefndarinnar út á við og ber ábyrgð á fjárhag hennar og daglegum rekstri. Formaður úthlutar málum til meðferðar. Hann ræður starfsfólk í samræmi við samþykktar fjárheimildir og ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Varaformaður er staðgengill formanns og gegnir störfum hans þegar formaður er forfallaður eða fjarstaddur.

Kærunefnd útlendingamála skal að jafnaði birta úrskurði sína, eða eftir atvikum útdrætti úr þeim, sem fela í sér efnislega niðurstöðu á aðgengilegan og skipulegan hátt. Úrskurðirnir skulu birtir án nafna, kennitalna eða annarra persónugreinanlegra auðkenna aðila að viðkomandi málum. Kærunefnd útlendingamála gefur árlega út skýrslu um starfsemi sína. Kostnaður vegna kærunefndar greiðist úr ríkissjóði.

7. gr.

Kæruheimild.

Ákvarðanir Útlendingastofnunar og lögreglunnar samkvæmt lögum þessum er heimilt að kæra til kærunefndar útlendingamála innan 15 daga frá því að útlendingi var tilkynnt um ákvörðunina. Þegar kærandi er ríkisborgari ríkis sem er á lista Útlendingastofnunar yfir örugg upprunaríki og stofnunin hefur afgreitt málið á grundvelli b–f-liðar 1. mgr. 29. gr. er frestur til kæru þó fimm dagar.

8. gr.

Málsmeðferð fyrir kærunefnd útlendingamála.

Að jafnaði skulu þrjú nefndarmenn sitja fundi kærunefndar útlendingamála til að fjalla um hvert mál sem nefndinni berst. Formaður ákvarðar hvernig nefndin er skipuð í hverju máli og skal hann gæta þess að í nefndinni eigi sæti þeir sem besta þekkingu hafa til úrlausnar málsins. Formaður eða varaformaður eiga sæti í nefndinni í öllum málum. Varaformaður

hefur sömu heimildir og formaður, sbr. 2. og 3. mgr., til að úrskurða í málum. Formanni er heimilt að ákveða að nefndin starfi deildaskipt.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er formanni nefndarinnar heimilt að úrskurða í þeim málum sem nefndin hefur til meðferðar og varða vegabréfsáritanir, ákvarðanir er snerta málsmeðferð hjá Útlendingastofnun og frestun réttaráhrifa ákvarðana stofnunarinnar og kærunefndarinnar. Formanni er jafnframt heimilt að úrskurða einn í málum er varða umsókn um alþjóðlega vernd ef:

- a. kærandi er ríkisborgari ríkis sem er á lista Útlendingastofnunar yfir örugg upprunaríki og
- b. Útlendingastofnun hefur afgreitt málið á grundvelli b–f-liðar 1. mgr. 29. gr.

Meiri hluta fullskipaðrar nefndar er einnig heimilt að fela formanni að úrskurða einum í öðrum tegundum mála þar sem nefndin telur að framkvæmd og fordæmi séu svo skýr að ekki sé nauðsynlegt að afgreiða slík mál í deild.

Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. mgr. skulu mál ákvörðuð í samræmi við 1. mgr. ef formaður telur að efnislegur vafi sé á niðurstöðu máls eða vafi sé á að málsatvik hafi verið rannsökuð á fullnægjandi hátt.

Nefndinni er heimilt að kveðja sérfróða aðila sér til ráðgjafar og aðstoðar við úrskurði í einstökum málum. Skulu þeir starfa með nefndinni við undirbúning og meðferð máls samkvæmt ákvörðun formanns.

Nefndin skal meta að nýju alla þætti kærumáls. Hún getur ýmist staðfest ákvörðun að niðurstöðu til, breytt henni eða hrundið að nokkru eða öllu leyti. Þá getur nefndin einnig vísað máli til meðferðar að nýju til þeirrar stofnunar sem tók þá ákvörðun sem kærð var.

Málsmeðferð skal að jafnaði vera skrifleg. Í málum skv. IV. kafla og 74. gr. getur nefndin, telji hún ástæðu til, gefið kæranda kost á að koma fyrir nefndina og tjá sig um efni máls eða einstök atriði þess eftir atvikum. Þá getur nefndin, telji hún ástæðu til, kallað til aðra en kæranda. Við undirbúning máls er formanni eða varaformanni heimilt að ákveða að kæranda sé gefinn kostur á að koma fyrir nefndina. Formaður eða varaformaður stýrir störfum nefndarinnar við umfjöllun máls. Þegar nefndarmenn eru ekki sammála ræður meiri hluti niðurstöðu máls.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um starfshætti og störf kærunefndar útlendingamála, m.a. um nánari skilyrði fyrir beitingu 2. og 3. mgr.

9. gr.

Flóttamannanefnd.

Ráðherra sem fer með félagsmál skipar flóttamannanefnd til fimm ára í senn. Nefndin skal skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Skal einn nefndarmaður skipaður að fenginni tillögu ráðherra sem fer með dómsmál, einn af ráðherra sem fer með utanríkismál og einn af ráðherra sem fer með félagsmál sem jafnframt er formaður. Formaður skal hafa faglega þekkingu á málefnum flóttafólks. Enn fremur skipar ráðherra þrjá áheyrnarfulltrúa í nefndina samkvæmt tilnefningu frá Útlendingastofnun, Rauða krossinum á Íslandi og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Varamenn nefndarmanna og áheyrnarfulltrúa skulu skipaðir með sama hætti.

Hlutverk flóttamannanefndar er m.a. að leggja til við ríkisstjórn heildarstefnu og skipulag móttöku flóttamannahópa skv. 43. gr., hafa yfirumsjón með móttöku hópa flóttafólks og veita stjórnvöldum umsögn um einstök tilvik eftir því sem óskað er.

Flóttamannanefnd starfar í samvinnu og samráði við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna.

Flóttamannanefnd skal árlega gera ríkisstjórninni grein fyrir störfum sínum og leggur ráðuneyti félagsmála nefndinni til starfsmann.

Ráðherra sem fer með félagsmál er heimilt í reglugerð að kveða nánar á um störf flóttamannanefndar og getur falið nefndinni önnur verkefni sem varða málefni flóttamanna en greinir í ákvæði þessu.

10. gr.

Almennar reglur um málsmeðferð.

Stjórnsýslulög gilda um meðferð útlendingamála nema annað leiði af lögum þessum.

Ákvörðun sem varðar barn skal tekin með hagsmuni þess að leiðarljósi. Barni sem myndað getur eigin skoðanir skal tryggður réttur til að tjá sig í máli sem það varðar og skal tekið tillit til skoðana þess í samræmi við aldur og þroska.

11. gr.

Leiðbeiningarskylda.

Í máli er varðar frávisun, brottvísun eða afturköllun leyfis skal útlendingi þegar í upphafi máls leiðbeint um réttindi sín og meðferð málsins á tungumáli sem ætla má með sanngirni að hann geti skilið. Útlendingi skal m.a. leiðbeint um:

- a. rétt sinn til að leita aðstoðar lögmanns eða annars fulltrúa á eigin kostnað við meðferð máls,
- b. rétt sinn til að fá skipaðan talsmann við meðferð máls á kærustigi, sbr. 3. mgr. 13. gr.,
- c. rétt sinn til að hafa samband við fulltrúa heimalands síns og viðurkennd mannúðar- eða mannréttindasamtök.

Í máli vegna umsóknar um alþjóðlega vernd skal útlendingi þegar í upphafi máls leiðbeint um réttindi sín og meðferð málsins á tungumáli sem ætla má með sanngirni að hann geti skilið. Útlendingi skal m.a. leiðbeint um:

- a. rétt sinn til að fá sér skipaðan talsmann við meðferð máls á stjórnsýslustigi, sbr. 1. og 2. mgr. 30. gr.,
- b. rétt sinn til að njóta aðstoðar túlks á stjórnsýslustigi máls,
- c. rétt sinn til að hafa samband við fulltrúa Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna, Rauða krossins á Íslandi og viðurkenndra mannúðar- eða mannréttindasamtaka.

Að öðru leyti gildir almenn leiðbeiningarskylda skv. 7. gr. stjórnsýslulaga um framkvæmd laga þessara.

12. gr.

Andmælaréttur.

Áður en ákvörðun er tekin í máli útlendinga skal hann eiga þess kost að tjá sig um efni máls skriflega eða munnlega enda komi ekki fram í gögnum málsins afstaða hans og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft að mati viðkomandi stjórnvalds. Réttur til að tjá sig skriflega er þó ekki fyrir hendi þegar útlendingi ber að tjá sig munnlega við starfsmenn landamæraeftirlits eða lögreglu.

Í máli vegna umsóknar um alþjóðlega vernd eða máli þar sem ákvæði 42. gr. eiga við, svo og í máli er varðar frávisun eða brottvísun, skal stjórnvald eftir fremsta megni sjá um að útlendingurinn eigi kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri á tungumáli sem ætla má með sanngirni að hann geti skilið og tjáð sig á.

13. gr.

Réttaraðstoð.

Útlendingur á rétt á verjanda í samræmi við ákvæði laga um meðferð sakamála þegar krafist er gæsluvarðhalds skv. 115. gr.

Þegar krafist er aðgerða fyrir dómi skv. 109., 110. og 114. gr. skal dómari skipa útlendingi talsmann úr hópi lögmanna sem gæta skal hagsmuna hans í málinu.

Þegar kærð er ákvörðun sem varðar frávisun, brottvísun eða afturköllun dvalarleyfis skal stjórnvald skipa útlendingi talsmann úr hópi lögmanna til að gæta hagsmuna hans nema þegar um er að ræða kæru vegna ákvörðunar um alþjóðlega vernd skv. III. kafla eða brottvísun skv. 2. og 3. mgr. 95. gr., c- og d-lið 1. mgr. 98. gr., b- og c-lið 1. mgr. 99. gr. og a-lið 1. mgr. 100. gr.

Ef dómari tekur til greina beiðni um að afla gagna fyrir dómi skv. 16. gr. skal kostnaður útlendingis við lögfræðiaðstoð, meðan öflun gagnanna fer fram, greiddast úr ríkissjóði.

Kostnaður vegna starfa talsmanns greiddist úr ríkissjóði. Heimilt er að krefja útlending um endurgreiðslu kostnaðarins að hluta eða að öllu leyti.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um réttaraðstoð og talsmenn, þar á meðal um fjárhæð þóknunar til talsmanna, frekari skilyrði sem talsmaður þarf að uppfylla og hugsanlegar endurgreiðslur útlendingis á kostnaði vegna starfa talsmanns.

14. gr.

Upplýsinga- og tilkynningarskylda útlendingis.

Útlendingi er skylt að kröfu lögreglu að sýna skilríki og veita upplýsingar, ef þörf er á, svo að ljóst sé hver hann er og hvort dvöl hans í landinu sé lögmæt.

Við undirbúning máls er heimilt að leggja fyrir útlending, eða þann sem málið varðar, að mæta í samræmi við óskir stjórnvalda þar um og veita upplýsingar sem geta haft þýðingu við úrlausn þess.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð að aðrir en norrænir ríkisborgarar skuli ávallt bera vegabréf eða annað kennivottorð við komu og dvöl hér á landi.

15. gr.

Miðlun upplýsinga úr landi.

Stjórnvöldum sem fara með málefni útlendinga er heimilt að láta erlendum stjórnvöldum í té upplýsingar um útlending vegna meðferðar á máli er varðar vegabréfsáritun, dvalarleyfi eða alþjóðlega vernd að því marki sem nauðsynlegt er vegna samninga sem Ísland hefur gert um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um alþjóðlega vernd sem lögð er fram á Íslandi eða í einhverju samningsríkjanna.

Stjórnvöld mega ekki afla upplýsinga eða veita upplýsingar um einstök mál, er varða umsókn útlendingis um alþjóðlega vernd hér á landi, á þann hátt að þeir sem valdir hafa verið að ofsóknum eða ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð í máli viðkomandi útlendingis geti fengið upplýsingar um mál hans þannig að öryggi viðkomandi eða fjölskyldu hans sé teflt í tvísýnu.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um hvaða upplýsingar megi veita og um skilyrði sem þarf að fullnægja til að upplýsingar verði veittar.

16. gr.

Öflun gagna fyrir dómi.

Útlendingi, svo og stjórnvaldi sem hefur til meðferðar mál útlendingis, er heimilt að krefjast þess að gagna, sem ekki verður aflað á annan hátt svo að fullnægjandi sé í máli samkvæmt lögum þessum, verði aflað fyrir dómi eftir reglum XII. kafla laga um meðferð einkamála um öflun sönnunargagna án þess að mál hafi verið höfðað. Heimild samkvæmt ákvæði þessu gildir ekki þegar til meðferðar er mál gegn útlendingi um frávísun eða þegar sá sem óskað er að gefi skýrslu fyrir dómi er erlendis.

17. gr.

Vinnsla persónuupplýsinga.

Útlendingastofnun, kærunefnd útlendingamála, Þjóðskrá Íslands og lögreglu er heimil vinnsla persónuupplýsinga útlendinga að fullnægðum heimildarákvæðum laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sem og að því marki sem mælt er fyrir um heimildir til slíkrar vinnslu í lögum þessum. Að svo miklu leyti sem lög þessi mæla ekki fyrir um á annan veg gilda ákvæði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga um vinnslu upplýsinganna.

Stofnunum skv. 1. mgr. er heimilt að samkeyra persónuupplýsingar útlendinga svo tryggja megi að dvöl þeirra hér á landi sé lögleg. Í því skyni er þessum stofnunum heimilt að afla upplýsinga hjá skattyfirvöldum, Vinnumálastofnun og félagsþjónustu sveitarfélaga. Niðurstöður samkeyrslna sem hafa þýðingu vegna einstakra mála skulu varðveittar með málsgögnum en öðrum niðurstöðum skal eytt. Að öðru leyti fer um þessar samkeyrslur eftir ákvæðum laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Fái Útlendingastofnun, kærunefnd útlendingamála eða Þjóðskrá Íslands upplýsingar sem gætu falið í sér hugsanlegt lögbrot ber viðkomandi stofnun að upplýsa lögreglu eða hlutaðeigandi stjórnvald um málið og afhenda þau gögn sem hún gæti krafist.

Hagstofu Íslands er heimilt að hagnýta skrár Útlendingastofnunar og gögn hennar til hagskýrslugerðar. Útlendingastofnun skal láta Hagstofunni í té afrit af skránum og upplýsingar úr þeim eftir því sem hún óskar og án þess að gjald komi fyrir. Hagstofunni er skylt að fara með gögn frá Útlendingastofnun sem hagskýrslugögn sem um gildir trúnaður.

Ráðherra setur reglugerð, að fenginni umsögn Persónuverndar, um þær skrár um útlendinga sem skulu haldnar af Útlendingastofnun, kærunefnd útlendingamála, Þjóðskrá Íslands og lögreglu.

II. KAFLI

Koma og brottför.

18. gr.

Landamæraeftirlit.

Hver sá útlendingur sem kemur til landsins skal þegar í stað gefa sig fram á landamæra-
stöð eða við næsta lögregluyfirvald. Sama gildir um þann sem fer af landi brott og skal hann sæta brottfarareftirliti. Undanskilin er för yfir innri landamæri Schengen-svæðisins, svo og aðrar ferðir sem eru í samræmi við reglur sem ráðherra setur.

Koma til landsins og för úr landi skal fara fram á stöðum og afgreiðslutímum sem ráðherra ákveður. Ákvæði tollalaga gilda um för yfir innri landamæri Schengen-svæðisins.

Ráðherra setur nánari reglur um för yfir landamæri, þar á meðal skilyrði fyrir komu til landsins, tilhögun eftirlits, skráningu upplýsinga og jafnframt um undantekningar frá ákvæðum 1. og 2. mgr. um för yfir innri landamæri Schengen-svæðisins. Hann setur einnig reglur

um skyldu stjórnanda skips eða loftfars til að ganga úr skugga um að farþegar hafi gild ferðaskilríki.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um þátttöku Íslands í sjóðum, stofnum og verklegu samstarfi í tengslum við samvinnu á ytri landamærum á grundvelli skuldbindinga samkvæmt samningi sem undirritaður var í Brussel 18. maí 1999 um þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu.

19. gr.

Vegabréf.

Við komu til landsins skal einstaklingur hafa gilt vegabréf eða annað kennivottorð sem viðurkennt er sem ferðaskilríki nema annað sé ákveðið í lögum þessum eða í reglum sem ráðherra setur. Útlendingastofnun getur, ef sérstaklega stendur á, undanþegið útlending þeirri skyldu að hafa vegabréf eða viðurkennt önnur skilríki en leiðir af almennum reglum.

Ráðherra setur reglur um hvaða skilyrðum vegabréf eða annað kennivottorð þarf að fullnægja til að teljast gilt til komu til landsins og dvalar.

20. gr.

Vegabréfsáritanir.

Útlendingur þarf að hafa vegabréfsáritun til að mega koma til landsins nema annað sé ákveðið í reglum sem ráðherra setur.

Útlendingur sem hefur dvalarleyfi gefið út af ríki sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu er undanþeginn áritunarskyldu. Sama gildir um útlending sem hefur bráðabirgðadvalarleyfi gefið út af þátttökuríki í samstarfinu, enda hafi hann auk þess ferðaskilríki gefin út af sama ríki.

Vegabréfsáritun, gefin út af ríki sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu, gildir til komu og dvalar hér á landi þann tíma sem tilgreindur er ef það kemur fram í árituninni.

Ráðherra getur sett reglur um skyldu til að hafa vegabréfsáritun til að fara um flugvöll.

Vegabréfsáritun skal gilda fyrir eina eða fleiri komur til landsins í allt að 90 daga á nánar tilgreindu tímabili.

Heimilt er að veita útlendingi vegabréfsáritun sem gildir á öllu Schengen-svæðinu ef eftirfarandi grundvallarskilyrðum er fullnægt:

- a. hann hefur gilt vegabréf eða annað gilt kennivottorð sem viðurkennt er sem ferðaskilríki við komu til Íslands og annarra Schengen-ríkja og við brottför er gildir a.m.k. þrjá mánuði fram yfir þann tíma sem vegabréfsáritunin sem sótt er um tekur til,
- b. hann hefur heimild til að ferðast til baka til heimalandsins eða annars ríkis sem gildir a.m.k. þrjá mánuði fram yfir gildistíma áritunarinnar,
- c. hann hefur nægileg fjárráð sér til framfærslu meðan á fyrirhugaðri dvöl stendur og til að greiða fyrir ferð til baka til heimalandsins eða annars lands þar sem honum hefur verið tryggður aðgangur eða hann getur framfleytt sér á löglegan hátt,
- d. hann getur sýnt fram á tilgang dvalar,
- e. ekki liggur fyrir ástæða til brottvísunar eða frávísunar hans skv. 98., 99. eða 106. gr.,
- f. hann er ekki skráður í Schengen-upplýsingakerfið í því skyni að honum verði meinað að koma til landsins,
- g. hann telst ekki ógn við allsherjarreglu, þjóðaröryggi eða alþjóðasamskipti ríkisins eða annars ríkis sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu,
- h. hann hefur gilda sjúkrakostnaðar- og heimferðartryggingu.

Ef ástæður sem varða utanríkisstefnu eða almannaoöryggi mæla gegn því skal vegabréfsáritun ekki veitt. Sama gildir ef ástæða er til að vefengja uppgefinn tilgang ferðar útlendinga hingað til lands eða réttmæti upplýsinga sem hann hefur veitt, svo og þegar grunur leikur á að umsækjandi eða barn hans muni sæta misnotkun eða ofbeldi. Þegar stjórnvald telur sérstaka ástæðu til er heimilt að óska eftir umsögn lögreglu til að afla upplýsinga um sakaferil gestgjafa í því skyni að meta hvort hafna skuli umsókn á grundvelli þessa ákvæðis.

Ráðherra setur reglur um vegabréfsáritanir, þar á meðal um skilyrði fyrir því að veita þær. Við mat á umsókn um vegabréfsáritun ber auk þjóðernis að taka tillit til félagslegrar stöðu og hættu á að útlendingur dveljist lengur á Schengen-svæðinu en honum er heimilt. Heimilt er að taka tillit til reynslu og framkvæmdar annarra Schengen-riksja við mat á umsókn um vegabréfsáritun.

Ráðherra setur reglur um íslenskan hluta upplýsingakerfis um vegabréfsáritanir, þar á meðal persónuvernd við skráningu og meðferð upplýsinga í því kerfi. Með íslenskum hluta upplýsingakerfis um vegabréfsáritanir er átt við rafrænt gagnasafn sem starfrækt er hér á landi og tengt sameiginlegu upplýsingakerfi á Schengen-svæðinu.

Útlendingastofnun tekur ákvörðun um umsókn um útgáfu vegabréfsáritunar. Heimilt er að fela utanríkisþjónustunni að taka ákvörðun um slíkar umsóknir. Enn fremur er heimilt að fela utanríkisþjónustu annars ríkis sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu að verða við umsókn um vegabréfsáritun. Jafnframt er heimilt að fela utanríkisþjónustu ríkis sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu að hafna umsókn um vegabréfsáritun.

21. gr.

Langtímavegabréfsáritun.

Langtímavegabréfsáritun má veita þegar umsækjandi óskar eftir dvöl umfram 90 daga en tilgangur dvalar er ekki af ástæðu sem tilgreind er almennt í dvalarleyfisflokkum og ekki er ætlun umsækjanda að setjast að á landinu. Vegabréfsáritun samkvæmt þessu ákvæði verður ekki veitt til lengri tíma en 180 daga.

Heimilt er að afturkalla langtímavegabréfsáritun ef útlendingur brýtur gegn skilyrðum áritunar, t.d. með því að stunda atvinnu án heimildar.

Dvöl samkvæmt ákvæði þessu getur ekki verið grundvöllur ótímabundins dvalarleyfis.

Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd langtímavegabréfsáritunar og í hvaða tilvikum heimilt er að gefa út slíka áritun.

22. gr.

Áhafnir skipa og loftfara.

Útlendingur sem lætur af starfi um borð í skipi eða loftfari, eða er laumufarþegi, má ekki ganga hér á land án leyfis lögreglunnar. Ákvæði um stjórnvald í málum vegna frávísunar og um málskot gilda eftir því sem við á.

Ráðherra setur reglur um landgönguleyfi útlendra sjómanna við dvöl skips í höfn og um heimild til að meina þeim landgöngu.

III. KAFLI

Málsmeðferðarreglur í málum um alþjóðlega vernd.

23. gr.

Stjórnvald og málsmeðferð.

Útlendingastofnun tekur ákvarðanir í málum er varða umsóknir samkvæmt ákvæðum þessa kafla og IV. og IX. kafla.

Við meðferð mála skv. 1. mgr. skal Útlendingastofnun afla nauðsynlegra og aðgengilegra upplýsinga. Þrátt fyrir lagaákvæði um þagnarskyldu er heimilt að kynna Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna efnis málsskjala. Einnig er heimilt að kynna mannúðar- eða mannréttindasamtökum efnis málsskjala að því leyti sem það er óhjákvæmilegt í tengslum við öflun upplýsinga.

Íslensk stjórnvöld skulu við framkvæmd ákvæða þessa kafla og IV. kafla eiga samvinnu við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, sbr. 35. gr. alþjóðasamnings um stöðu flóttamanna, m.a. um framkvæmd og túlkun þess samnings og laga þessara.

Umsóknum skv. 36., 37. og 39. gr. skal að jafnaði svarað innan sex mánaða. Umsóknum skv. 1. og 2. mgr. 36. gr. um það hvort taka skuli umsókn til efnismeðferðar skal svarað innan 12 mánaða og umsóknum skv. 37. og 39. gr. skal svarað innan 18 mánaða.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um málsmeðferð Útlendingastofnunar, kærunefndar útlendingamála og lögreglu, m.a. heimildir til að úrskurða um mál á einfaldan og skilvirkan hátt með vísan til fyrri fordæma. Enn fremur er ráðherra heimilt að mæla nánar fyrir um málsmeðferðartíma en í 4. mgr. greinir og stytta kærufresti í allt að 24 klukkustundir, sem og að mæla fyrir um fresti til að leggja fram gögn og greinargerðir, í tilteknum tegundum umsókna.

24. gr.

Umsókn um alþjóðlega vernd.

Umsókn um alþjóðlega vernd skv. IV. kafla skal lögð fram hjá Útlendingastofnun eða lögreglu. Sé umsókn lögð fram hjá lögreglu skal framsenda hana til Útlendingastofnunar. Eftir að skráningu umsóknar um alþjóðlega vernd er lokið tekur Útlendingastofnun hana til meðferðar eins fljótt og kostur er. Skjalfesta, rannsaka og ákvarða skal um allar umsóknir um alþjóðlega vernd sem koma frá meðlimum fjölskyldu sem sækir um alþjóðlega vernd, ekki aðeins fullorðnum einstaklingum.

Við umsókn ber umsækjanda að afhenda vegabréf eða önnur ferðaskilríki sem hann hefur í förum sínum. Sama gildir um maka eða sambúðarmaka umsækjanda og börn hvort sem þau komu með honum eða sækja um alþjóðlega vernd síðar.

Útlendingastofnun ber að tryggja að útlendingur sem sótt hefur um alþjóðlega vernd verði upplýstur um skyldur sínar til að veita þær upplýsingar sem óskað er eftir og um afleiðingar þess að skýra ekki satt og rétt frá eða halda leyndum upplýsingum sem skipt gætu máli við úrlausn málsins.

Útlendingastofnun skal tryggja að útlendingur sem sótt hefur um alþjóðlega vernd verði eins fljótt og unnt er upplýstur um framvindu málsins og réttindi sín, þ.m.t. um skipun talsmanns skv. 30. gr. og hlutverk hagsmunagæslu barns skv. 31. gr.

Leiðbeiningar skulu vera skriflegar og/eða aðgengilegar á mynd- eða hljóðmiðli og á tungumáli sem ætla má með sanngirni að umsækjandi geti skilið. Þegar um fylgdarlaust barn er að ræða skulu leiðbeiningar vera í samræmi við aldur þess og þroska.

Ef um er að ræða fylgdarlaust barn skal fulltrúa hlutaðeigandi barnaverndarnefndar og Barnaverndarstofu einnig tilkynnt um málið.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um nánari framkvæmd þessarar greinar, m.a. um aðkomu barnaverndarnefnda.

25. gr.

Greining á sérþörfum og stöðu umsækjenda um alþjóðlega vernd.

Umsækjandi um alþjóðlega vernd skal gangast undir læknisskoðun svo fljótt sem verða má frá því að umsókn er lögð fram. Við meðferð umsóknar um alþjóðlega vernd skal Útlendingastofnun tryggja, eins fljótt og kostur er, að fram fari, með aðstoð viðeigandi sérfræðinga, einstaklingsbundin greining á því hvort umsækjandi teljist vera í sérstaklega viðkvæmri stöðu, sbr. 6. tölul. 3. gr. Teljist umsækjandi vera í slíkri stöðu skal meta hvort hann hafi vegna þessa einhverjar sérþarfir sem taka þurfi tillit til við meðferð málsins, t.d. þörf fyrir tiltekna heilbrigðisþjónustu. Slíkt mat skal ekki bundið við þann tíma sem sótt er um og ekki skal takmarka rétt einstaklings til sérstakrar aðstoðar þótt sérþarfir, sem stafa af viðkvæmri stöðu hans, komi fram síðar en við umsókn.

Ákvæði IV., V. og VII. kafla stjórn-sýslulaga um andmælarétt, um birtingu ákvörðunar, rökstuðning o.fl. og um stjórn-sýslukæru og viðeigandi ákvæði I. og IX. kafla laga þessara gilda ekki um ákvörðun um sérstaklega viðkvæma stöðu skv. 1. mgr. Skilgreining á stöðu skv. 1. mgr. hefur ekki önnur réttaráhrif en þau sem sérstaklega er getið í lögum eða reglugerð.

Varði mál samkvæmt þessum kafla barn skulu hagsmunir þess hafðir að leiðarljósi. Barni sem myndað getur eigin skoðanir skal tryggður réttur til að tjá sig í máli sem það varðar og skal tekið tillit til skoðana þess í samræmi við aldur og þroska, sbr. 2. mgr. 10. gr. Við ákvörðun sem er háð mati stjórnvalds skal huga að öryggi barns, velferð þess og félagslegum þroska og möguleika þess til að sameinast fjölskyldu sinni. Varði mál fylgdarlaust barn eða annan einstakling í sérstaklega viðkvæmri stöðu skal reynt að tryggja að starfsmaður með viðeigandi sérþekkingu og reynslu vinni að málinu.

Sæki fylgdarlaust barn um alþjóðlega vernd skal Útlendingastofnun tryggja að það fái þjónustu og meðferð í samræmi við aldur þess og þroska. Að lokinni umsókn skal stofnunin, eins fljótt og verða má, skipa barninu talsmann skv. 1. mgr. 30. gr. og tilkynna málið til barnaverndarnefndar og upplýsa Barnaverndarstofu um það skv. 31. gr.

Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd greinar þessarar, m.a. um hvernig meta skuli viðkvæma stöðu skv. 1. mgr. og um rannsókn og skráningu einkenna og ummerkja er fallið gætu undir 6. tölul. 3. gr.

26. gr.

Öflun upplýsinga vegna umsóknar um alþjóðlega vernd.

Að lokinni skráningu umsóknar skal lögregla taka mynd af umsækjanda og fingraför hans, sbr. 111. gr. Heimilt er að ljósrita ferðaskjöl og kennivottorð sem umsækjandi hefur í förum sínum. Sama gildir, ef nauðsyn krefur, um önnur skjöl. Lögreglu er heimilt að beita þeim úrræðum sem tilgreind eru í 109. og 110. gr.

Til að sannreyna hver umsækjandi um alþjóðlega vernd er skal lögregla, eins fljótt og kostur er, afla persónuupplýsinga um hann. Sama á við um öflun upplýsinga um ferðaleið hans. Lögregla skal, ef þurfa þykir, meta aðstæður og ástand umsækjanda og getur kallað sér til aðstoðar viðeigandi sérfræðinga til að meta hvort umsækjandi geti verið hættulegur sjálfum sér eða öðrum.

Vakni grunur um að umsækjandi sem segist vera fylgdarlaust barn sé lögráða, og ekki er hægt að staðfesta það á óyggjandi hátt, skal gerð, eins fljótt og kostur er, aldursgreining skv. 113. gr. Stjórnvöld sem koma að málum, umsækjandi sjálfur og talsmaður hans geta farið fram á aldursgreiningu. Eigi að síður skal ávallt litið svo á við meðferð máls að umsækjandi um alþjóðlega vernd sem segist vera undir lögdri sé barn þar til annað kemur í ljós með

aldursgreiningu eða á annan hátt. Þó er heimilt að víkja frá þessu ef augljóst er að viðkomandi sé lögráða. Neiti útlendingur sem sækir um alþjóðlega vernd að gangast undir aldursgreiningu er óheimilt að byggja synjun umsóknar hans á þeirri ástæðu einni.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd þessarar greinar.

27. gr.

Móttökumiðstöð.

Ráðherra ber ábyrgð á að til staðar sé móttökumiðstöð, með fullnægjandi móttökukerfi, fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd. Ráðuneytið getur eftir atvikum falið viðeigandi stofnun, sveitarfélagi, félagasamtökum eða öðrum rekstur hennar á grundvelli þjónustusamnings.

Móttökumiðstöð skal vera opið móttöku- og þjónustuúrræði fyrir umsækjendur skv. 1. mgr. við komu þeirra til landsins, og eftir atvikum fórnarlömb mansals og útlendinga í neyð, og skal tryggja réttindi og öryggi umsækjenda og veita þeim fullnægjandi þjónustu.

Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd ákvæðis þessa, m.a. um stofnun og almennan rekstur miðstöðvarinnar.

28. gr.

Viðtal við umsækjanda um alþjóðlega vernd.

Starfsmaður Útlendingastofnunar tekur viðtal við umsækjanda um alþjóðlega vernd að viðstöddum talsmanni, sbr. 30. gr., eins fljótt og unnt er eftir skráningu umsóknar. Skal talsmanni gefinn kostur á því að ræða við umsækjanda og leiðbeina honum um viðtalið áður en það fer fram.

Viðtali skal hagað þannig að sem mestar líkur séu á að aðstæður sem geta haft þýðingu fyrir umsókn umsækjanda upplýsist. Í slíku viðtali skal Útlendingastofnun gæta að því hvort taka þurfi sérstakt tillit til umsækjanda vegna persónulegra aðstæðna hans. Túlkur skal vera viðstaddur viðtal nema umsækjandi afþakki sérstaklega slíka þjónustu.

Við upphaf viðtals þarf að upplýsa umsækjanda um að þær upplýsingar sem hann lætur í té verði lagðar til grundvallar við ákvörðun um umsókn hans. Spyrja þarf umsækjanda hvort hann samþykki að stjórnvöld hér á landi afli upplýsinga um hann frá stjórnvöldum í heimaríki hans eða öðrum stjórnvöldum erlendis. Þetta skal gert ef talin er þörf á því við afgreiðslu málsins með fyrirvara um ákvæði 2. mgr. 15. gr.

Sinni umsækjandi ekki boði Útlendingastofnunar í tvígang um að mæta í viðtal samkvæmt þessari grein er stofnuninni heimilt að ákvarða í máli hans án frekari aðgerða. Forsenda þess að beita megi þessu úrræði er að við síðari boðun hafi Útlendingastofnun gert umsækjanda fullnægjandi grein fyrir afleiðingum fjarveru sinnar og að fjarvera hans hafi ekki átt sér réttmætar ástæður. Boðun síðara viðtals, ef til þess kemur, skal gerð með sannanlegum hætti.

Sá sem tekur viðtal við barn skal hafa sérþekkingu á málefnum barna. Útlendingastofnun er heimilt að kveðja sérfræðing í málefnum barna sér til aðstoðar.

Talsmanni barns skv. 30. gr. skal gefinn kostur á að ræða við barnið og leiðbeina því áður en viðtal fer fram.

Heimilt er að mynda og taka upp viðtal starfsmanns Útlendingastofnunar við umsækjanda um alþjóðlega vernd sem og viðtal sem tekið er með aðstoð sérfræðinga skv. 5. mgr. Upplýsa skal umsækjanda um slíka upptöku fyrir fram.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd viðtals, einkum að því er varðar viðtöl við börn eða aðra sem vegna stöðu sinnar hafa ríkari þörf en aðrir fyrir vernd eða aðstoð.

29. gr.

Sérstök málsmeðferð – forgangsmeðferð.

Í málum sem tekin eru til efnismeðferðar geta Útlendingastofnun og kærunefnd útlendingamála ákveðið að umsókn um alþjóðlega vernd sæti forgangsmeðferð, m.a. þegar:

- a. líkur eru á að umsókn verði samþykkt eða þegar sérstakar aðstæður umsækjanda mæla með því, t.d. ef um er að ræða fylgdarlaust barn eða einstakling sem hefur þörf á ríki vernd eða aðstoð,
- b. umsókn er bersýnilega tilhæfulaus, þ.e.:
 1. útlendingur hefur ríkisfang í ríki þar sem ekki er talið að hann þurfi að óttast ofsóknir eða meðferð sem fellur undir ákvæði 37. gr.; sama á við um ríki þar sem ríkisfangslaus einstaklingur hefur áður haft aðgang að vernd, eða
 2. senda má útlending til ríkis þar sem hann þarf ekki að óttast ofsóknir eða meðferð sem fellur undir ákvæði 37. gr.,
- c. umsækjandi gefur misvísandi eða ófullkomnar upplýsingar um sig eða hefur ekki borið fyrir sig aðstæður sem gætu fallið undir 37. gr.,
- d. framkoma umsækjanda eða vísbendingar í gögnum benda til þess að hann geti orðið sjálfum sér eða öðrum hættulegur,
- e. ný umsókn er lögð fram eftir að umsókn um alþjóðlega vernd hefur áður verið hafnað eða umsókn hefur verið dregin til baka,
- f. ljóst má telja að umsókn sé lögð fram í kjölfar ákvörðunar um brottvísun.

Í málum þeim sem greinir í b-lið 1. mgr. er Útlendingastofnun og kærunefnd útlendingamála heimilt að styðjast við lista yfir ríki sem almennt eru álitin örugg upprunaríki. Með öruggu upprunaríki er átt við ríki þar sem einstaklingar eiga almennt ekki á hættu að vera ofsóttir eða sæta alvarlegum mannréttindabrotum. Við mat á því hvort ríki teljist öruggt upprunaríki skal m.a. líta til þess hvort í viðkomandi ríki sé stöðugt stjórnarfyrikomulag sem byggist á viðurkenndum meginreglum um réttarríki. Heimilt er að líta til reynslu og framkvæmdar annarra Schengen-ríkja við mat á því hvaða upprunaríki teljist örugg. Útlendingastofnun er skylt að halda utan um slíkan lista, uppfæra hann reglulega og birta á vef stofnunarinnar.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari skilyrði fyrir því að beita megi forgangsmeðferð samkvæmt þessari grein.

30. gr.

Réttaraðstoð í málum um alþjóðlega vernd.

Umsækjandi um alþjóðlega vernd á rétt á að Útlendingastofnun skipi honum talsmann við meðferð málsins hjá stjórnvöldum. Sá réttur helst við mögulega kærumeðferð. Talsmaðurinn skal vera lögfræðingur með þekkingu á málum er líta að alþjóðlegri vernd og flóttafólki.

Heimilt er að skipa ólöggráða barni sem sækir um alþjóðlega vernd sérstakan talsmann þrátt fyrir að það sé í fylgd foreldra sinna eða annarra sem fara með forsjá þess.

Útlendingur sem sótt hefur um alþjóðlega vernd á rétt á aðstoð túlks við meðferð málsins nema hann afþakki sérstaklega slíka þjónustu. Stjórnvald metur hverju sinni hvort leitað skuli aðstoðar túlks hér á landi eða erlendis með þeim miðlum sem henta, t.d. í síma, tölvu eða með annars konar fjarskiptatæki.

Ákvæði 3. mgr. á við í samskiptum umsækjanda við talsmann sinn sé það nauðsynlegt.

Að öðru leyti gilda ákvæði 13. gr. um réttaraðstoð þar sem við á.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar, þar á meðal um talsmenn og þjónustu túlka og þær kröfur sem gera skuli til þeirra sem og þóknun vegna hennar.

31. gr.

Hagsmunagæsla barns.

Barnaverndarstofa skal tryggja hagsmunagæslu barns, sbr. 13. tölul. 3. gr. Heimilt er að víkja frá þessu ef augljóst er að viðkomandi er lögráða, sbr. ákvæði 3. mgr. 26. gr. Ákvæði þetta á við þegar umsækjandinn er ólögráða og dvelur hér á landi án foreldra sinna eða annarra sem fara með forsjá hans eða þegar foreldrar eða þeir sem fara með forsjá umsækjanda geta ekki sinnt skyldum sínum gagnvart honum eða þegar barnaverndarnefnd telur að umsjá barnsins sé ekki fullnægjandi. Ákvæði þetta á einnig við um börn sem talið er að geti verið fórnarlömb mansals. Sá sem fer með hagsmunagæslu barns skal hafa sérþekkingu á sviði barnaverndar og hreint sakavottorð.

Barnaverndarstofa skal sjá til þess að útvega barni fösturheimili eða annað vistunarúrræði, að hagsmunir barns séu hafðir í fyrirrúmi og að barnaverndarnefnd uppfylli þarfir barns á viðeigandi hátt samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga, m.a. hvað varðar búsetu, heilbrigðisþjónustu og möguleika til menntunar. Barnaverndarstofa skal m.a. sjá til þess að starfsmaður barnaverndar:

- verði viðstaddur skýrslutökur og önnur viðtöl við fulltrúa stjórnvalda,
- verði viðstaddur og gæti hagsmuna barns við aldursgreiningu, sé hennar krafist,
- aðstoði barn við að nýta þjónustu Rauða krossins á Íslandi við leit að nánustu fjölskyldu þegar þess er þörf,
- fái upplýsingar um stöðu umsóknar barnsins og sé í samskiptum við talsmann barnsins, sbr. 1. mgr. 30. gr.,
- tryggi barni örugga búsetu í samræmi við ákvæði barnaverndarlaga; þó er heimilt að barn frá 15 ára aldri dveljist í móttökumiðstöð, sbr. 27. gr., þar til viðeigandi úrræði finnst.

Við störf sín skal starfsmaður barnaverndarnefndar taka tillit til þjóðernis, kyns, tungumáls og trúar- og menningarlegs uppruna barnsins, t.d. með því að tryggja fullnægjandi samskipti við barnið með aðstoð túlks.

Hagsmunagæslu Barnaverndarstofu lýkur formlega þegar:

- barn verður lögráða eða þegar barn sem sagðist vera ólögráða telst lögráða samkvæmt ákvörðun Útlendingastofnunar,
- barni er veitt dvalarleyfi hér á landi og barnaverndarnefnd tekur við forsjá samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga,
- barn flyst eða því er fylgt úr landi,
- foreldrar barns eða sá sem fer með forsjá þess geta sinnt forsjárskyldum sínum svo að fullnægjandi sé.

Kostnaður vegna hagsmunagæslu greiðist úr ríkissjóði.

32. gr.

Refsileysi vegna ólöglegrar komu eða falsaðra eða stolinna skilríkja.

Umsækjanda um alþjóðlega vernd sem kemur ólöglega hingað til lands eða dvelst hér á landi án heimildar verður í samræmi við 31. gr. alþjóðasamnings um stöðu flóttamanna ekki refsað geti hann sýnt fram á að hann komi beint frá landsvæði þar sem hann hafði ástæðu til að óttast ofsóknir, sbr. 37. og 38. gr., eða var án ríkisfangs og gat ekki öðlast slíkt, sbr. 39. gr., enda gefi hann sig fram við stjórnvöld eins fljótt og unnt er eða færi ella gildar ástæður fyrir því að hafa ekki gert það, sem og ástæðu fyrir ólöglegri komu eða dvöl. Leiki vafi á að ákvæði 1. málsl. séu uppfyllt skal hann túlkaður umsækjanda í hag.

Ef grunur leikur á að útlendingur sem kemur ólöglega hingað til lands eða dvelst hér á landi án heimildar falli undir 1. mgr. skal lögregla kanna hver tilgangur dvalar viðkomandi er.

33. gr.

Réttindi umsækjanda um alþjóðlega vernd.

Umsækjanda um alþjóðlega vernd skal standa til boða:

- a. húsnæði,
- b. framfærsla,
- c. nauðsynleg heilbrigðisþjónusta, þar á meðal vegna geðraskana og geðfötlunar. Sérstakt tillit skal tekið til þeirra sem hafa sérþarfir eða þurfa sérstaka aðstoð. Barnshafandi konur skulu fá aðgang að mæðravernd og fæðingarhjálp.

Barn sem sækir um alþjóðlega vernd skal eiga þess kost að stunda skyldunám í grunnskóla eða sambærilegt nám innan hins almenna skólakerfis eða á dvalarstað þess eins fljótt og unnt er.

Við ákvörðun um húsnæði samkvæmt ákvæði þessu skal meginreglan vera sú að halda fjölskyldum saman. Einnig skal við slíka ákvörðun tekið sérstakt tillit til mögulegra sérþarfa umsækjanda sem teljast vera í sérstaklega viðkvæmri stöðu.

Börn sem hafa verið þolendur misnotkunar, vanrækslu, pyndinga eða grimmilegrar, ómannúðlegrar eða vanvirðandi meðferðar eða hafa þjáðst vegna vopnaðra átaka skulu eiga kost á viðeigandi heilbrigðisþjónustu og sálgæslu og annarri nauðsynlegri þjónustu samkvæmt barnaverndarlögum.

Polendum pyndinga, nauðgana eða annars alvarlegs ofbeldis skal veitt viðeigandi heilbrigðisþjónusta og sálgæsla vegna skaða af völdum þess.

Útlendingi sem sækir um alþjóðlega vernd skal leiðbeint um rétt sinn til að sækja um bráðabirgðadvalarleyfi skv. 77. gr. og um réttaráhrif þess.

Fyrir utan nauðsynlega heilbrigðisþjónustu, sbr. c-lið 1. mgr., skulu úrræði skv. 1. mgr. að jafnaði ekki veitt ef viðkomandi umsækjandi um alþjóðlega vernd hefur nægileg fjárráð til þess að bera kostnað af þeim sjálfur. Útlendingi sem veitt hefur verið bráðabirgðadvalarleyfi skv. 77. gr. skal þó áfram tryggður réttur skv. 1. mgr. í hæfilegan tíma til að verða sér úti um húsnæði og afla sér nægilegra tekna með tilliti til aðstæðna. Ef í ljós kemur að umsækjandi um alþjóðlega vernd hafði ekki þörf fyrir þá þjónustu sem veitt var getur Útlendingastofnun krafði hann um endurgreiðslu kostnaðar að fullu eða nokkru leyti.

Þegar Útlendingastofnun hefur hafnað umsókn ríkisborgara EES- eða EFTA-ríkis um alþjóðlega vernd á hann ekki rétt á þjónustu samkvæmt grein þessari.

Ráðherra setur, að höfðu samráði við viðeigandi fagráðherra, reglugerð með nánari ákvæðum um réttindi umsækjanda um alþjóðlega vernd, þ.m.t. kröfu um að umsækjandi beri sjálfur kostnað af framfærslu sinni hér á landi og um aðgang að menntun og starfsþjálfun. Ráðherra er jafnframt heimilt að setja í reglugerð að þjónusta við umsækjanda samkvæmt ákvæði þessu sé bundin við tiltekið sveitarfélag eða sveitarfélög.

34. gr.

Skráningarskírteini umsækjanda um alþjóðlega vernd.

Eftir að umsókn um alþjóðlega vernd hefur verið skráð skal Útlendingastofnun gefa út skráningarskírteini umsækjanda um alþjóðlega vernd svo fljótt sem verða má. Skráningarskírteinið skal gilda í ákveðinn tíma, allt að ári, og skal umsækjandi afhenda það lögreglu eða Útlendingastofnun þegar hann fær útgefið dvalarleyfisskírteini, bráðabirgðadvalarleyfi,

ferðaskirteini fyrir flóttamann eða vegabréf fyrir útlending, honum er gert að fara úr landi eða hann fær af öðrum ástæðum vegabréf heimarikis síns á ný.

Skráningarskirteini umsækjanda um alþjóðlega vernd gildir ekki sem staðfesting þess að uppgæfnar persónuupplýsingar séu réttar. Það gildir ekki sem ferðaskilríki.

35. gr.

Framkvæmd ákvarðana í málum um alþjóðlega vernd eða vernd gegn ofsóknum.

Ákvörðun um að umsækjandi um alþjóðlega vernd skv. 36., 37. eða 39. gr. skuli yfirgefa landið kemur ekki til framkvæmda fyrr en ákvörðunin er endanleg á stjórnslustigi nema umsækjandi sjálfur óski þess að hverfa úr landi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. frestar kæra ekki réttaráhrifum ákvarðana Útlendingastofnunar sem teknar eru á grundvelli 29. eða 36. gr. Ef útlendingur ber fyrir sig aðstæður sem greinir í 37., 38., 39. eða 42. gr. þegar honum er tilkynnt um að framfylgja eigi ákvörðuninni og ekki kemur fram að afstaða hafi þegar verið tekin til þeirra aðstæðna sem borið er við skal lögregla leggja fyrir Útlendingastofnun ákvörðun um að fresta framkvæmd. Nú telur Útlendingastofnun augljóst að aðstæður séu ekki þannig og má hún þá ákveða að ákvörðunin komi til framkvæmda.

Ráðherra getur í reglugerð mælt fyrir um málsmeðferð kæruneftndar við afgreiðslu beiðna um frestun réttaráhrifa, frest til að leggja fram slíka beiðni sem má þó ekki vera skemmri en 24 klukkustundir, málsmeðferðartíma og að hvaða skilyrðum uppfylltum beiðni skuli tekin til greina.

IV. KAFLI

Flóttamenn og vernd gegn ofsóknum.

36. gr.

Umsókn um alþjóðlega vernd tekin til efnismeðferðar.

Umsókn um alþjóðlega vernd skv. 37. gr. skal tekin til efnismeðferðar nema:

- a. umsækjandi hafi komið til landsins að eigin frumkvæði eftir að hafa hlotið virka alþjóðlega vernd eða annars konar vernd í öðru ríki eða ef hann, eftir að hafa dvalist í ríki þar sem hann þurfti ekki að sæta ofsóknum, gat óskað eftir því að fá viðurkennda stöðu sem flóttamaður og, ef hann var talinn flóttamaður, fengið vernd í samræmi við alþjóðasamning um stöðu flóttamanna,
- b. heimilt sé að krefja annað norrænt ríki um að taka við umsækjanda samkvæmt reglum norræna vegabréfaeftirlitssamningsins eða samkvæmt samningi milli Íslands og Færeyja um endursendingu útlendinga sem hingað koma með ferjunni Norrænu,
- c. heimilt sé að krefja annað ríki, sem tekur þátt í samstarfi á grundvelli samninga sem Ísland hefur gert um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um alþjóðlega vernd sem lögð er fram hér á landi eða í einhverju samningsríkjanna, um að taka við umsækjanda.

Ef svo stendur á sem greinir í 1. mgr. skal þó taka umsókn um alþjóðlega vernd til efnismeðferðar ef útlendingurinn hefur slík sérstök tengsl við landið að nærtækast sé að hann fái hér vernd eða ef sérstakar ástæður mæla annars með því. Ef meira en 12 mánuðir hafa liðið frá því að umsókn um alþjóðlega vernd barst fyrst íslenskum stjórnvöldum og tafir á afgreiðslu hennar eru ekki á ábyrgð umsækjanda sjálfs skal taka hana til efnismeðferðar.

Ef beiting 1. mgr. mundi leiða til þess að brotið væri gegn 42. gr., t.d. vegna aðstæðna í því landi sem senda á umsækjanda til, skal taka umsókn til efnismeðferðar.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

37. gr.

Grundvöllur alþjóðlegrar verndar.

Flóttamaður samkvæmt lögum þessum telst vera útlendingur sem er utan heimalands síns af ástæðuríkum ótta við að vera ofsóttur vegna kynþáttar, trúarbragða, þjóðernis, aðildar að tilteknum þjóðfélagshópi eða vegna stjórnámálaskoðana og getur ekki eða vill ekki vegna slíks ótta færa sér í nyt vernd þess lands; eða sá sem er ríkisfangslaus og er utan þess lands þar sem hann áður hafði reglulegt aðsetur vegna slíkra atburða og getur ekki eða vill ekki vegna slíks ótta hverfa aftur þangað, sbr. A-lið 1. gr. alþjóðasamnings um réttarstöðu flóttamanna frá 28. júlí 1951 og bókun við samninginn frá 31. janúar 1967, sbr. einnig 38. gr. laga þessara.

Flóttamaður samkvæmt lögum þessum er einnig útlendingur sem telst ekki flóttamaður samkvæmt ákvæði A-liðar 1. gr. alþjóðasamnings um stöðu flóttamanna ef raunhæf ástæða er til að ætla að hann eigi á hættu að sæta dauðarefsingu, pyndingum eða annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu eða hann verði fyrir alvarlegum skaða af völdum árása í vopnuðum átökum þar sem ekki er greint á milli hernaðarlegra og borgaralegra skotmarka verði hann sendur aftur til heimalands síns. Sama gildir um ríkisfangslausan einstakling.

Það er ekki forsenda þess að útlendingur teljist flóttamaður skv. 1. eða 2. mgr. að hann hafi fullnægt þeim skilyrðum sem þar koma fram þegar hann yfirgaf land sitt eða land þar sem hann hafði áður reglulegt aðsetur.

Ef útlendingur getur fengið raunverulega vernd í öðrum landshluta heimalands síns en hann flúði frá, viðkomandi getur ferðast þangað á öruggan og löglegan hátt og hægt er með sanngirni að ætlast til þess af viðkomandi að hann setjist að á því svæði getur verið að 1. og 2. mgr. eigi ekki við í þeim tilvikum og hann teljist ekki flóttamaður.

Við mat skv. 1. og 2. mgr. í málum sem varða börn, fylgdarlaus sem önnur, skal það sem er barninu fyrir bestu haft að leiðarljósi. Við mat á því hvað barni er fyrir bestu skal Útlendingastofnun líta til möguleika barns á fjölskyldusameiningu, öryggis þess, velferðar og félagslegs þroska auk þess sem taka skal tillit til skoðana barnsins í samræmi við aldur þess og þroska. Við ákvörðun í máli er varðar hagsmuni barns skal Útlendingastofnun taka skriflega afstöðu til framangreindra atriða samkvæmt grein þessari. Við framkvæmd þessarar greinar skal stofnunin eiga samráð við barnaverndaryfirvöld. Þegar um er að ræða fylgdarlaus börn er skylt að leita umsagnar Barnaverndarstofu áður en ákvörðun er tekin.

Ef stjórnvald í máli samkvæmt lögum þessum kemst að því að ákvæði 1. eða 2. mgr. eigi ekki við um útlending skal það að eigin frumkvæði taka til skoðunar hvort veita eigi dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða skv. 74. gr.

38. gr.

Ofsóknir.

Ofsóknir skv. 1. mgr. 37. gr. eru þær athafnir sem í eðli sínu eða vegna þess að þær eru endurteknar fela í sér alvarleg brot á grundvallarmannréttindum, einkum ófrávikjanlegum grundvallarmannréttindum á borð við réttinn til lífs og bann við pyndingum eða ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, bann við þrældómi og þrælkun og bann við refsingum án laga. Sama á við um samsafn athafna, þ.m.t. ólögmetna mismunun, sem hafa eða geta haft sömu eða sambærileg áhrif á einstakling.

Ofsóknir geta m.a. falist í:

- a. andlegu, líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi,
- b. löggjöf og aðgerðum stjórnvalda, lögreglu og dómstóla sem fela í sér mismunun að efni eða vegna þess hvernig þær eru framkvæmdar,

- c. saksókn eða refsingu sem er óhófleg eða mismunar einstaklingum á ómálefnalegum grundvelli,
- d. synjun um notkun réttarúræða sem leiðir til óhóflegrar og mismunandi refsingar,
- e. saksókn eða refsingu fyrir að neita að gegna herþjónustu í átökum þar sem þátttaka í slíkri herþjónustu mundi fela í sér glæpi eða athafnir skv. b-lið 2. mgr. 40. gr.

Þegar ofsóknir skv. 1. mgr. eru metnar skal miða við skilgreiningar í 2. mgr. Ekki skiptir máli við mat skv. 1. mgr. 37. gr. hvort umsækjandi hefur þau einkenni eða skoðanir sem vísað er til ef sá sem er valdur að ofsóknum telur svo vera:

- a. kynþáttur vísar einkum til hópa sem deila húðlit eða öðrum sameiginlegum líffræðilegum einkennum og þjóðfélagshópa af tilteknum uppruna og ber að túlka í víðri merkingu,
- b. trúarbrögð vísa einkum til trúarskoðana og annarra lífsskoðana, þ.m.t. guðleysis, og tjáningar þeirra, þátttöku í hvers konar trúarsamkomum, opinberum eða ekki, eða ákvörðunar um að taka ekki þátt í þeim, aðgerða sem byggjast á trúarskoðunum og frelsis til að skipta um trú,
- c. þjóðerni tekur ekki aðeins til ríkisborgararéttar eða ríkisfangsleysis heldur geta fallið þar undir þeir sem tilheyra tilteknum kynþætti eða tilteknum hópi fólks sem talar sama tungumál eða hefur sameiginlega menningarlega sjálfsmynd, sameiginlegan uppruna, landfræðilega eða pólitískt, eða hópi sem er skilgreindur út frá tengslum við hóp fólks á landsvæði annars ríkis,
- d. þjóðfélagshópur vísar einkum til hóps fólks sem umfram það að sæta ofsóknum hefur áþekkan uppruna, bakgrunn, venjur og félagslega stöðu eða hefur sameiginleg einkenni eða lífsskoðanir, svo sem kyngervi, sem eru svo mikilvæg fyrir sjálfsmynd þess að ekki ætti að gera kröfu til að þeim verði breytt, eða hóps fólks sem er álitinn frábrugðinn öðrum í samfélaginu; þá skulu fyrrverandi fórnarlömb mansals teljast meðlimir tiltekins þjóðfélagshóps,
- e. stjórnmalaskoðanir vísa einkum til skoðana á stefnumótun og aðferðum stjórnvalda sem kunna að beita ofsóknum án tillits til þess hvort viðkomandi hefur aðhafst eitthvað til að tjá skoðanir sínar.

Þeir sem geta verið valdir að ofsóknum eða ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eru:

- a. ríkið,
- b. hópar eða samtök sem stjórna ríkinu eða verulegum hluta landsvæðis þess,
- c. aðrir aðilar, sem ekki fara með ríkisvald, ef sýnt er fram á að ríkið eða hópar eða samtök skv. b-lið, þ.m.t. alþjóðastofnanir, geti ekki eða vilji ekki veita vernd gegn ofsóknum eða meðferð sem fellur undir 2. mgr. 37. gr., m.a. með því að ákæra og refsar fyrir athafnir sem fela í sér ofsóknir.

39. gr.

Ríkisfangslausir einstaklingar.

Ríkisfangslaus einstaklingur er sá sem ekkert ríki telur til ríkisborgara sinna samkvæmt landslögum, sbr. samning um réttarstöðu ríkisfangslausra einstaklinga frá árinu 1954. Ríkisfangslaus einstaklingur sem staddur er hér á landi en telst ekki flóttamaður skv. 37. gr. og er ekki útilokaður frá réttarstöðu ríkisfangsleysis skv. 41. gr. hefur sjálfstæðan rétt til alþjóðlegrar verndar á grundvelli ríkisfangsleysis síns samkvæmt umsókn.

Alþjóðleg vernd samkvæmt þessu ákvæði er veitt á grundvelli samnings um réttarstöðu ríkisfangslausra einstaklinga. Útlendingastofnun leggur mat á umsókn ríkisfangslaus einstaklings.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um afgreiðslu mála.

40. gr.

Réttur til alþjóðlegrar verndar.

Flóttamaður skv. 37. gr., sem er hér á landi eða kemur hér að landi, hefur samkvæmt umsókn rétt til að fá hér alþjóðlega vernd.

Ákvæði 1. mgr. gildir þó ekki um:

- a. flóttamann sem fellur undir D- eða E-lið 1. gr. alþjóðasamnings um stöðu flóttamanna,
- b. flóttamann þegar ríkar ástæður eru til að ætla að:
 1. hann hafi framið glæp gegn friði, stríðsglæp eða glæp gegn mannkyninu, eins og skilgreint er í alþjóðlegum samningum sem gerðir eru til þess að setja ákvæði um slíka glæpi,
 2. hann hafi framið alvarlegan ópólítískan glæp áður en honum var veitt viðtaka sem flóttamanni,
 3. hann hafi orðið sekur um athafnir sem brjóta í bága við tilgang og meginreglur Sameinuðu þjóðanna,
- c. flóttamann skv. 2. mgr. 37. gr., ef skynsamlegar ástæður eru til að álíta hann hættulegan öryggi ríkisins eða hann hefur hlotið endanlegan dóm fyrir mjög alvarlegt afbrot og er af þeim sökum hættulegur samfélaginu,
- d. flóttamann skv. 2. mgr. 37. gr. ef hann hefur yfirgefið heimaland sitt eða land þar sem hann hafði síðast fasta búsetu í þeim eina tilgangi að komast hjá refsingu fyrir eitt eða fleiri brot sem varða fangelsisrefsingu samkvæmt íslenskum hegningarlögum.

Um útlendinga sem falla undir 2. mgr. en ekki er heimilt að vísa brott vegna ákvæða 42. gr. fer eftir ákvæðum þeirrar greinar.

41. gr.

Útlökun frá réttarstöðu ríkisfangslausra einstaklinga.

Ákvæði 39. gr. um alþjóðlega vernd ríkisfangslausra einstaklinga gildir ekki um:

- a. einstaklinga sem njóta þegar verndar eða aðstoðar hjá stofnunum Sameinuðu þjóðanna öðrum en Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna meðan þeir njóta slíkrar verndar eða aðstoðar,
- b. einstaklinga sem þar til bær stjórnvöld þess lands þar sem þeir eru búsettir hafa viðurkennt að njóti þeirra réttinda og beri þær skyldur sem fylgja ríkisfangi í því landi,
- c. einstaklinga ef ríkar ástæður eru til að ætla að:
 1. þeir hafi framið glæp gegn friði, stríðsglæp eða glæp gegn mannkyninu, eins og það er skilgreint í alþjóðlegum samningum sem gerðir eru til þess að setja ákvæði um slíka glæpi,
 2. þeir hafi framið alvarlegan ópólítískan glæp utan búsetulands síns áður en þeim er veitt leyfi til að koma til landsins,
 3. þeir hafi gerst sekir um athafnir sem brjóta í bága við tilgang og meginreglur Sameinuðu þjóðanna.

42. gr.

Grundvallarreglan um bann við því að vísa fólki brott eða endursenda þangað sem líf þess eða frelsi kann að vera í hættu.

Ekki er heimilt samkvæmt lögum þessum að senda útlending eða ríkisfangslausan einstakling til svæðis þar sem hann hefur ástæðu til að óttast ofsóknir, sbr. 37. og 38. gr., eða vegna svipaðra aðstæðna og greinir í flóttamannahugtakinu er í yfirvofandi hættu á að láta lífið eða

verða fyrir ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð. Sama gildir um þá einstaklinga sem eru útilokaðir frá réttarstöðu flóttafólks skv. 40. gr.

1. mgr. á einnig við um sendingu útlendinga til svæðis þar sem ekki er tryggt að hann verði ekki sendur áfram til slíks svæðis sem greinir í 1. mgr.

Vernd skv. 1. og 2. mgr. á við um hvers konar ákvarðanir samkvæmt lögum þessum.

Séu aðstæður eins og í 1. mgr. greinir en viðkomandi er undanskilinn alþjóðlegri vernd skv. 40. eða 41. gr. er heimilt að veita útlendingi bráðabirgðadvalarleyfi skv. 77. gr. með sérstökum skilyrðum sem koma fram í því ákvæði.

43. gr.

Koma hópa flóttafólks í boði stjórnvalda.

Útlendingastofnun heimilar komu hópa flóttafólks til landsins að fenginni tillögu flóttamannanefndar, sbr. 9. gr., og í samvinnu við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna. Sama gildir um útlendinga sem ekki hafa verið skilgreindir sem flóttamenn en koma frá svæði þar sem vopnuð átök fara fram eða frá hamfarasvæði og uppfylla ákveðin skilyrði sett af stjórnvöldum hverju sinni.

Útlendingastofnun veitir útlendingi sem kemur til landsins á grundvelli þessa ákvæðis réttarstöðu flóttamanns. Útlendingastofnun getur einnig tekið ákvörðun um hvort öðrum útlendingum sem koma til landsins á grundvelli þessa ákvæðis skuli veitt réttarstaða flóttamanns eða dvalarleyfi af mannúðarástæðum.

Ákvæði IV. og V. kafla stjórnsýslulaga um andmælarétt og um birtingu ákvörðunar, rökstuðning o.fl., og viðeigandi ákvæði III. kafla laga þessara gilda ekki um ákvarðanir skv. 1. mgr.

44. gr.

Sameiginleg vernd vegna fjöldaflótta.

Þegar um er að ræða fjöldaflótta getur ráðherra ákveðið að beita skuli ákvæðum greinar þessarar. Ráðherra ákveður einnig hvenær heimild til að veita sameiginlega vernd skv. 2. og 3. mgr. skuli falla niður.

Útlendingi sem er hluti af hópi sem flýr tiltekið landsvæði og kemur til landsins eða er hér þegar ákvæðum greinarinnar er beitt má að fenginni umsókn um alþjóðlega vernd veita vernd á grundvelli hóp mats (sameiginlega vernd). Felur það í sér að útlendingnum verður veitt dvalarleyfi skv. 74. gr. Leyfið getur ekki verið grundvöllur ótímabundins dvalarleyfis.

Leyfið er heimilt að endurnýja eða framlengja í allt að þrjú ár frá því að umsækjandi fékk fyrst leyfi. Eftir það má veita leyfi skv. 74. gr. sem getur verið grundvöllur ótímabundins dvalarleyfis. Að liðnu einu ári með slíkt leyfi er heimilt að gefa út ótímabundið dvalarleyfi enda séu skilyrðin fyrir því að halda leyfinu enn fyrir hendi og skilyrðum að öðru leyti fullnægt, sbr. 58. gr.

Umsókn útlendinga sem fellur undir 2. mgr. um alþjóðlega vernd má leggja til hliðar í allt að þrjú ár frá því að umsækjandi fékk fyrst leyfi. Þegar heimild til að veita sameiginlega vernd skv. 1. mgr. er niður fallin, eða þegar liðin eru þrjú ár frá því að umsækjandi fékk fyrst leyfi, skal tilkynna umsækjanda að umsóknin um alþjóðlega vernd verði því aðeins tekin til meðferðar að hann láti í ljós ótvíræða ósk um það innan tiltekins frests.

Útlendingastofnun tekur ákvörðun um leyfi og um að leggja umsókn til hliðar.

45. gr.

Réttaráhrif alþjóðlegrar verndar.

Alþjóðleg vernd eða viðurkenning á ríkisfangsleysi einstaklings skv. 37. og 39. gr. hefur í för með sér að útlendingurinn fær réttarstöðu flóttamanns eða ríkisfangslaus einstaklings og skal honum veitt dvalarleyfi skv. 73. gr. Hann hefur þá réttarstöðu sem leiðir af íslenskum lögum og alþjóðasamningi um stöðu flóttamanna, samningi um ríkisfangsleysi eða öðrum þjóðréttarsamningum um flóttamenn.

Maki eða sambúðarmaki útlendingis sem nýtur alþjóðlegrar verndar samkvæmt kafla þessum, börn hans yngri en 18 ára án maka eða sambúðarmaka eiga einnig rétt á alþjóðlegri vernd nema sérstakar ástæður mæli því í mót. Um fjölskyldutengsl sem verða til eftir að umsókn um alþjóðlega vernd er lögð fram gilda ákvæði VIII. kafla.

Nú nýtur barn yngra en 18 ára alþjóðlegrar verndar samkvæmt kafla þessum og eiga þá foreldrar þess jafnframt rétt til verndar enda þyki sýnt að þeir hafi farið með forsjá barnsins og hyggist búa með barninu hér á landi. Nú hefur annað foreldrið farið með forsjá barns og nýtur það þá þessa réttar. Þá njóta þessa réttar systkini barnsins sem eru yngri en 18 ára, eru án maka og búa hjá foreldrunum eða foreldrinu.

Þegar fylgdarlausu barni er veitt alþjóðleg vernd skal barnaverndarnefnd þegar í stað taka til sín forsjá barnsins og tryggja öryggi þess í samræmi við barnaverndarlög og eftir atvikum ráðstafa barninu í fóstur eða aðra vistun.

Ráðherra setur, í samráði við viðeigandi fagráðherra, reglugerð um hvaða ákvæði, m.a. viðvíkjandi menntun, samfélagsfræðslu og starfsþjálfun, skuli setja um stuðning við þá sem koma í boði íslenskra stjórnvalda skv. 43. gr., þá sem fengið hafa dvalarleyfi á grundvelli alþjóðlegrar verndar skv. 73. gr. eða mannúðarsjónarmiða skv. 74. gr. og þá sem eru með umsókn til meðferðar.

Ráðherra er heimilt að kveða í reglugerð nánar á um skilyrði fyrir fjölskyldusameiningu á grundvelli 2. mgr., þ.m.t. hvaða skilyrðum 55. gr. skuli vera fullnægt.

46. gr.

Ferðaskírteini fyrir þá sem njóta alþjóðlegrar verndar og vegabréf fyrir útlendinga.

Þeim sem nýtur alþjóðlegrar verndar, og dvelst eða fær að dveljast löglega í landinu, skal að fenginni umsókn veita ferðaskírteini fyrir flóttamenn til ferða til útlanda. Heimilt er að synja um útgáfu ferðaskírteinis þegar:

- a. þær aðstæður eru fyrir hendi sem leiða mundu til þess að íslenskum ríkisborgara yrði ekki veitt vegabréf skv. 5. gr. laga um vegabréf,
- b. þær aðstæður eru fyrir hendi að foreldrar fara saman með forsjá barns og annað þeirra hyggst fara með barnið úr landi án samþykkis hins, sbr. 3. mgr. 28. gr. a barnalaga,
- c. þær aðstæður eru fyrir hendi sem lýst er í F-lið 1. gr. alþjóðasamnings um stöðu flóttamanna,
- d. útlendingurinn hefur hlotið endanlegan dóm fyrir mjög alvarlegt afbrot og er talinn hættulegur samfélaginu,
- e. ekki er staðfest hver útlendingurinn er eða vafi leikur á um hver útlendingurinn er,
- f. ástæður sem varða öryggi ríkisins eða stefnu stjórnvalda í utanríkismálum mæla gegn því.

Nú hefur flóttamaður ferðaskilríki gefið út af öðru ríki og skal hann þá því aðeins fá skírteini gefið út að honum hafi verið veitt hér alþjóðleg vernd eða ótímabundið dvalarleyfi eða skylt sé að gefa hér á landi út ferðaskírteini fyrir flóttamenn í samræmi við þjóðréttarsamning.

Útlendingur sem hefur eða fær dvalarleyfi hér á landi á grundvelli umsóknar um alþjóðlega vernd, en án þess að vera veitt alþjóðleg vernd, skal fá vegabréf fyrir útlendinga til ferða til útlanda samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur með reglugerð. Þar má og heimila útgáfu vegabréfs fyrir útlendinga í öðrum tilvikum ef sérstakar ástæður mæla með því.

Með umsókn um ferðaskírteini fyrir flóttamenn eða vegabréf fyrir útlendinga skal umsækjandi afhenda vegabréf eða önnur ferðaskilríki sem hann hefur í förum sínum.

Ferðaskírteini skal afturkalla þegar:

- a. handhafa þess er vísað frá landi á grundvelli f-liðar 1. mgr. 98. gr., d-liðar 1. mgr. 99. gr., b-liðar 1. mgr. 100. gr. eða i-, j- eða k-liðar 1. mgr. 106. gr.,
- b. handhafi þess útvegar sér ferðaskilríki heimaríkis,
- c. handhafi þess missir réttarstöðu sína sem flóttamaður við það að fá íslenskan ríkisborgararétt eða ríkisborgararétt annars ríkis eða missir hana á annan hátt, sbr. 48. gr.,
- d. handhafa þess er samkvæmt lögum bannað að yfirgefa landið,
- e. brottför frá landinu mundi fara í bága við dóm, úrskurð eða ákvörðun stjórnvalda,
- f. útliti eða efni þess hefur verið breytt á ólögmatan hátt.

Heimilt er að afturkalla ferðaskírteini þegar:

- a. aðstæður þær sem um getur í a-, b- eða e-lið 1. mgr. eru fyrir hendi,
- b. það hefur skemmst eða er ónothæft af öðrum ástæðum,
- c. ljósmynd eða upplýsingar í því svara ekki lengur til auðkenna handhafa,
- d. það finnst í vörslu óviðkomandi aðila,
- e. handhafi þess hefur ekki lengur leyfi til dvalar hér á landi.

Lögreglan eða starfsmenn utanríkisþjónustunnar geta haldlagt ferðaskírteini til bráðabirgða en skulu senda Útlendingastofnun málið til meðferðar og ákvörðunar um afturköllun eftir atvikum.

Þegar ferðaskírteini er afturkallað skv. d- eða f-lið 5. mgr. eða a–e-lið 6. mgr. skráir Útlendingastofnun ákvörðun um afturköllun í vegabréfaskrá.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði, m.a. um útgáfu, gildissvið og endurnýjun ferðaskírteinis fyrir flóttamenn og vegabréfs fyrir útlendinga, og nánari skilyrði í þessu sambandi.

47. gr.

Gildi erlendra ákvarðana um stöðu flóttamanns.

Útlendingur, sem veitt hefur verið alþjóðleg vernd eða ferðaskírteini fyrir flóttamenn í öðru ríki en Íslandi, skal talinn flóttamaður með fasta búsetu í því ríki. Sama á við um einstakling sem staðfest hefur verið að sé ríkisfangslaus. Fyrri ákvörðun um stöðu hans sem flóttamanns eða ríkisfangslaus einstaklings skal ekki vefngd nema sú ákvörðun sé röng eða aðrar ástæður liggi til þess.

48. gr.

Afturköllun alþjóðlegrar verndar.

Heimilt er að afturkalla veitingu alþjóðlegrar verndar ef flóttamaður eða ríkisfangslaus einstaklingur fellur ekki lengur undir skilyrði 37. og 39. gr., þ.e. ef:

- a. hann hefur sjálfviljugur notfært sér á ný vernd heimalands síns,
- b. hann hefur sjálfviljugur endurheimt ríkisfang sitt sem hann hafði glatað,
- c. hann hefur öðlast nýtt ríkisfang og nýtur verndar hins nýja heimalands,
- d. hann hefur sjálfviljugur sest að á ný í landi því sem hann yfirgaf eða dvaldist ekki í vegna ótta við ofsóknir,

- e. hann getur ekki lengur neitað að hagnýta sér vernd heimalands síns vegna þess að aðstæður þær sem höfðu í för með sér að hann var viðurkenndur flóttamaður eru ekki lengur fyrir hendi,
- f. hann getur horfið aftur til landsins sem hann hafði áður reglulegt aðsetur í vegna þess að aðstæður þær sem leiddu til þess að hann var viðurkenndur flóttamaður eru ekki lengur fyrir hendi, ef um ríkisfangslausan mann er að ræða.

Ekki skal afturkalla veitingu alþjóðlegrar verndar skv. e- eða f-lið 1. mgr. ef útlendingurinn getur borið fyrir sig ríkar ástæður til þess að neita að hverfa aftur til landsins sem hann hafði áður fast aðsetur í vegna fyrri ofsókna.

Heimilt er að afturkalla veitingu alþjóðlegrar verndar ef í ljós kemur að útlendingi sem fellur undir ákvæði 1. eða 2. tölul. b-liðar 2. mgr. 40. gr. eða 1. eða 2. tölul. c-liðar 41. gr. hefur verið veitt alþjóðleg vernd hér á landi.

Útlendingastofnun skal tilkynna flóttamanni um það fyrir fram þegar til greina kemur að afturkalla veitingu alþjóðlegrar verndar og hvers vegna það kemur til greina. Ef veiting alþjóðlegrar verndar er afturkölluð skal stjórnvald taka til athugunar hvort veita eigi dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða skv. 74. gr. eða hvort 42. gr. eigi við.

V. KAFLI

Dvöl.

49. gr.

Dvöl án dvalarleyfis.

Útlendingi sem þarf vegabréfsáritun til landgöngu er ekki heimilt að dveljast hér á landi lengur en áritunin segir til um nema sérstakt leyfi komi til. Öðrum útlendingum er óheimilt án sérstaks leyfis að dveljast hér lengur en 90 daga frá komu til landsins. Dvöl í öðru ríki, sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu, telst jafngilda dvöl hér á landi.

Norrænum ríkisborgurum er heimilt að dveljast hér á landi án dvalarleyfis.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um dvöl umfram þrjá mánuði ef það leiðir af þjóðréttarsamningi, svo og nánari ákvæði um hvernig reikna skuli dvalartíma.

Ráðherra er enn fremur heimilt að setja reglugerð um frekari undanþágur frá kröfu um dvalarleyfi.

50. gr.

Hverjir þurfa dvalarleyfi.

Útlendingur sem hyggst dveljast hér á landi lengur en honum er heimilt skv. 49. gr. þarf að hafa dvalarleyfi.

Útlendingur sem hyggst ráða sig til starfa hér á landi þarf að hafa dvalarleyfi auk atvinnuleyfis þar sem það er áskilið í lögum um atvinnuréttindi útlendinga. Útlendingi er óheimilt að starfa hér á landi sem sjálfstætt starfandi einstaklingur nema viðkomandi sé undanþeginn kröfu um atvinnuleyfi samkvæmt lögum um atvinnuréttindi útlendinga.

51. gr.

Skylda til að sækja um dvalarleyfi áður en komið er til landsins.

Útlendingur sem sækir um dvalarleyfi í fyrsta skipti skal sækja um leyfið áður en hann kemur til landsins og er honum óheimilt að koma til landsins fyrr en umsóknin hefur verið samþykkt. Frá þessu er heimilt að víkja ef umsækjandi um dvalarleyfi er undanþeginn áritunarskyldu eða hann er staddur hér á landi og er:

- a. maki eða sambúðarmaki íslensks eða norræns ríkisborgara eða útlendinga sem dvelst löglega í landinu samkvæmt ótímabundnu dvalarleyfi eða dvalarleyfi sem getur verið grundvöllur ótímabundins dvalarleyfis,
- b. barn íslensks eða norræns ríkisborgara eða útlendinga sem dvelst eða fær að dveljast löglega í landinu samkvæmt ótímabundnu dvalarleyfi eða dvalarleyfi sem getur verið grundvöllur ótímabundins dvalarleyfis, þegar barnið er yngra en 18 ára,
- c. umsækjandi um dvalarleyfi vegna starfs sem krefst sérfræðipækkingar skv. 61. gr., dvalarleyfi vegna starfa íþróttafólks skv. 63. gr. eða dvalarleyfi fyrir sérhæfða starfsmenn á grundvelli samstarfs- eða þjónustusamnings skv. 64. gr.

Undantekningar c-liðar 1. mgr. gilda meðan umsækjandi hefur heimild til dvalar á grundvelli gildrar vegabréfsáritunar eða á meðan umsækjandi hefur heimild til dvalar án áritunar.

Heimilt er að víkja frá 1. mgr. í öðrum tilvikum en þar eru upp talin ef ríkar sanngirnissástæður mæla með því.

Ef umsækjandi um dvalarleyfi sem dvelur hér á landi sækir um dvalarleyfi án þess að vera undanþeginn því að sækja um leyfi áður en hann kemur til landsins skv. 1. og 2. mgr. skal hafna umsókninni á þeim grundvelli. Það sama á við ef umsækjandi kemur til landsins áður en umsókn er samþykkt.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um undanþágur skv. 3. mgr.

52. gr.

Umsókn um dvalarleyfi.

Útlendingastofnun tekur ákvörðun um veitingu dvalarleyfis en Vinnumálastofnun um veitingu atvinnuleyfis. Umsækjandi skal undirrita umsókn eigin hendi þar sem m.a. kemur fram að hann samþykki að gangast undir lækni skoðun innan tveggja vikna frá komu til landsins í samræmi við gildandi lög og fyrirmæli heilbrigðisyfirvalda.

Umsókn skulu fylgja öll þau gögn og vottorð sem Útlendingastofnun og Vinnumálastofnun gera kröfu um til staðfestingar á að umsækjandi uppfylli skilyrði sem lög, reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli kveða á um. Útlendingastofnun áframsendir umsóknir um atvinnuleyfi til Vinnumálastofnunar til afgreiðslu.

Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd ákvæðis þessa, m.a. hvaða gögn og vottorð umsækjandi skuli leggja fram, hvaða kröfur skuli gerðar til framlagðra gagna, hver skuli leggja mat á gildi skjala og um undanþágu frá kröfu um gögn.

53. gr.

Forgangs- og flýtiafgreiðsla umsókna um dvalarleyfi.

Útlendingastofnun er heimilt að forgangsraða afgreiðslu umsókna um dvalarleyfi.

Útlendingastofnun má einnig taka umsóknir um dvalarleyfi á grundvelli atvinnuþátttöku til flýtimeðferðar gegn sérstöku þjónustugjaldi.

Í undantekningartilvikum er Útlendingastofnun heimilt að flýta meðferð annarra fullbúinna dvalarleyfisumsókna þegar óviðráðanlegar ytri aðstæður krefjast þess eða vegna annarra sérstakra aðstæðna.

Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd þessa ákvæðis.

Útlendingastofnun annast innheimtu þjónustugjalda samkvæmt þessari grein.

54. gr.

Útgáfa dvalarleyfis.

Dvalarleyfi verður ekki gefið út fyrir en umsókn um dvalarleyfi hefur verið samþykkt, útlendingur er kominn til landsins, hefur gengist undir læknisskoðun samkvæmt vottorði heilbrigðisstofnunar og tilkynnt dvalarstað sinn hér á landi til skráningar. Útlendingastofnun gefur út skirteini til staðfestingar á veitingu dvalarleyfis. Skirteini er gefið út á nafn útlendingins sem er handhafi dvalarleyfisins. Í því skyni að unnt sé að bera kennsl á réttthafa dvalarleyfis og staðreyna að handhafi þess sé sá sem hann kveðst vera skal tekin stafræn mynd af umsækjanda og prentuð á skirteinið. Í sama tilgangi er ráðherra heimilt að ákveða að dvalarleyfisskirteini skuli innihalda örflögu með þeim upplýsingum sem skráðar eru á kortið auk fingrafara handhafa. Í skirteininu skal m.a. koma fram nafn útlending, ríkisfang hans, nafn atvinnurekanda þegar það á við og gildistími dvalarleyfisins.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um gjald fyrir endurútgáfu dvalarleyfisskirteinis.

55. gr.

Grunnskilyrði dvalarleyfis.

Heimilt er að veita útlendingi dvalarleyfi í samræmi við ákvæði VI.–IX. kafla samkvæmt umsókn uppfylli hann eftirtalin grunnskilyrði:

- a. framfærsla hans skv. 56. gr. og sjúkratrygging sé örugg,
- b. skilyrði fyrir dvalarleyfi sem fram koma í lögum þessum,
- c. hann samþykki að gangast undir læknisskoðun innan tveggja vikna frá komu til landsins í samræmi við gildandi lög og fyrirmæli heilbrigðisyfirvalda,
- d. ekki liggi fyrir atvik sem valdið geta því að honum verði meinuð landganga hér á landi eða dvöl samkvæmt öðrum ákvæðum laga þessara.

Tilgangur umsækjanda með dvöl hér á landi skal vera í samræmi við það dvalarleyfi sem sótt er um.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um skilyrði skv. a–d-lið 1. mgr.

56. gr.

Trygg framfærsla útlending sem sækir um dvalarleyfi.

Útlendingur sem er eldri en 18 ára og sækir um dvalarleyfi skal sýna fram á að framfærsla hans sé trygg þann tíma sem hann sækir um að fá að dveljast hér á landi.

Sýna þarf fram á framfærslu í gjaldmiðli sem skráður er hjá Seðlabanka Íslands.

Greiðslur í formi félagslegrar aðstoðar ríkis eða sveitarfélags teljast ekki til tryggrar framfærslu samkvæmt þessu ákvæði.

Ráðherra er heimilt, í samráði við ráðherra sem fer með félagsmál, að setja í reglugerð nánari ákvæði um kröfu um trygga framfærslu, þ.m.t. um hvað telst trygg framfærsla, hvernig framfærslu skuli háttáð og í hvaða tilvikum heimilt er að víkja frá þeim kröfum.

57. gr.

Endurnýjun dvalarleyfis.

Útlendingastofnun er heimilt að endurnýja dvalarleyfi útlending að fenginni umsókn ef skilyrðum leyfisins er áfram fullnægt. Ef sérstaklega stendur á er þó heimilt að víkja frá skilyrði um trygga framfærslu skv. a-lið 1. mgr. 55. gr., sbr. 56. gr., hafi framfærsla verið ótrygg um skamma hríð vegna atvinnuleysis, slyss eða veikinda eða vegna sambærilegra ástæðna og eins ef ríkar sanngirnisástæður mæla með því.

Útlendingur sem óskar eftir endurnýjun dvalarleyfis skal sækja um hana eigi síðar en fjórum vikum áður en dvalarleyfi fellur úr gildi. Sé sótt um endurnýjun innan tilskilins frests er útlendingi heimilt að dveljast hér á landi samkvæmt fyrra dvalarleyfi þar til ákvörðun hefur verið tekin um umsókn hans. Að öðrum kosti skal útlendingur yfirgefa landið áður en gildistími fyrra dvalarleyfis hans rennur út.

Sé ekki sótt um endurnýjun dvalarleyfis innan gildistíma fyrra dvalarleyfis skal réttur til dvalar falla niður og fara skal með umsókn skv. 51. gr.

Útlendingastofnun getur heimilað útlendingi að dveljast hér á landi samkvæmt fyrra leyfi þar til ákvörðun hefur verið tekin á grundvelli umsóknar um endurnýjun leyfis sem borist hefur eftir þann frest sem um getur í 2. mgr. ef ríkar sanngirnissástæður mæla með því.

Útlendingastofnun getur heimilað útlendingi sem dvalist hefur hér á landi á grundvelli annars konar dvalarleyfis en um getur í 64., 66., 67. eða 68. gr. og sækir um dvalarleyfi á nýjum grundvelli áframhaldandi dvöl þar til endanleg ákvörðun um umsókn liggur fyrir enda sækir útlendingur um nýtt leyfi eigi síðar en fjórum vikum áður en fyrra dvalarleyfi fellur úr gildi og hefur verið í löglegri dvöl a.m.k. síðustu níu mánuði.

Sækir útlendingur um dvalarleyfi á nýjum grundvelli hér á landi án þess að uppfylla skilyrði 5. mgr. skal hafna umsókn af þeirri ástæðu. Í undantekningartilvikum getur Útlendingastofnun þó heimilað umsækjanda, sem ekki uppfyllir fyrrgreind skilyrði, að dveljast hér á landi þar til ákvörðun hefur verið tekin um umsókn hans ef ríkar sanngirnissástæður mæla með því.

Útlendingastofnun tekur ákvörðun um hvort fella skuli dvalarleyfi niður þegar leyfishafi hefur dvalist erlendis samfellt lengur en þrjá mánuði. Dvalarleyfi útlendinga fellur sjálfkrafa niður þegar lögheimili hans, sem skráð var hér á landi, hefur verið skráð erlendis í þrjá mánuði. Þótt dvalarleyfi falli niður kemur það ekki í veg fyrir að útlendingur geti sótt um endurnýjun samkvæmt ákvæði þessu ef það er gert innan gildistíma fyrra dvalarleyfis og sanngirnissástæður mæla með því.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um skilyrði fyrir endurnýjun dvalarleyfis.

58. gr.

Ótímabundið dvalarleyfi.

Heimilt er að veita útlendingi ótímabundið dvalarleyfi hafi hann dvalist hér á landi samfellt síðustu fjögur ár samkvæmt dvalarleyfi sem getur verið grundvöllur ótímabundins dvalarleyfis. Skilyrði fyrir veitingu ótímabundins dvalarleyfis eru eftirfarandi:

- a. útlendingur uppfyllir áfram skilyrði dvalarleyfis þegar hann sækir um ótímabundið dvalarleyfi,
- b. útlendingur sýnir fram á að framfærsla hans hafi verið trygg á dvalartíma hans og að hann hafi getað og geti áfram framfleytt sér hér á landi á löglegan hátt; Útlendingastofnun er m.a. heimilt að afla skattframtala og gagna frá skattyfirvöldum því til staðfestingar; greiðslur í formi félagslegrar aðstoðar ríkis eða sveitarfélags teljast ekki til tryggrar framfærslu samkvæmt þessu ákvæði,
- c. útlendingur hefur sótt námskeið í íslensku fyrir útlendinga, sbr. þó 9. mgr.,
- d. ekki eru til meðferðar mál sem valdið geta því að útlendingi verði vísað úr landi, sbr. 1. mgr. 98. gr. eða 1. mgr. 99. gr.,
- e. útlendingur á ekki ólokið máli í refsivörslukerfinu þar sem hann er grunaður eða sakaður um refsiverða háttsemi.

Í undantekningartilvikum er heimilt að víkja frá kröfu um að tiltekin skilyrði skv. 1. mgr. séu uppfyllt:

- a. skilyrði um framfærslu, sbr. b-lið 1. mgr., ef hún hefur verið ótrygg um skamma hríð og ríkar sanngirniasástæður mæla með því,
- b. skilyrði um að útlendingur hafi dvalist hér á landi síðustu fjögur ár samkvæmt dvalarleyfi sem getur verið grundvöllur ótímabundins dvalarleyfis, þegar útlendingur hefur haft slíkt dvalarleyfi í a.m.k. tvö ár og hefur áður dvalið hér á landi í samfelldri dvöl samkvæmt dvalarleyfi vegna náms skv. 65. gr. þannig að heildardvöl sé a.m.k. fjögur ár eða í þeim tilvikum þegar doktorsnemi hefur dvalið hér á landi á grundvelli dvalarleyfis vegna starfs sem krefst sérfræðipækkingar skv. 61. gr. í að minnsta kosti þrjú ár og lokið doktorsnámi hér á landi.

Heimilt er í vissum tilvikum að veita útlendingi ótímabundið dvalarleyfi hér á landi án þess að skilyrði um fyrri dvöl skv. 1. mgr. og b-lið 2. mgr. séu uppfyllt:

- a. útlendingi sem á íslenskan ríkisborgara að foreldri ef hann hefur haft dvalarleyfi hér á landi samfellt síðastliðin tvö ár fyrir framlagningu umsóknar og foreldri hefur haft íslenskan ríkisborgararétt ekki skemur en fimm ár,
- b. útlendingi sem er í hjúskap með íslenskum ríkisborgara og hefur búið með hinum íslenska ríkisborgara hér á landi og haft dvalarleyfi samfellt í þrjú ár eftir stofnun hjúskapar; sama gildir um útlending sem hefur verið í skráðri sambúð með íslenskum ríkisborgara enda sé hvorugur aðila giftur,
- c. útlendingi sem öðlaðist íslenskan ríkisborgararétt við fæðingu en hefur misst hann eða afsalað sér honum,
- d. ungmenni sem náð hefur 18 ára aldri og dvalið hér á landi á grundvelli fjölskyldu-sameiningar í fjögur ár eða lengur og hefur stundað nám eða störf hér á landi.

Heimilt er að veita barni sem fæðist eftir að forsjáforeldri kemur til landsins ótímabundið dvalarleyfi enda hafi foreldrið ótímabundið dvalarleyfi hér á landi.

Skilyrði b-liðar 1. mgr. eiga ekki við um þá sem hafa haft dvalarleyfi á grundvelli alþjóðlegrar verndar skv. 73. gr. eða á grundvelli mannúðarsjónarmiða skv. 74. gr.

Útlendingastofnun tekur ákvörðun um ótímabundið dvalarleyfi. Útlendingur sem óskar eftir ótímabundnu dvalarleyfi skal sækja um leyfið til Útlendingastofnunar eigi síðar en fjórum vikum áður en dvalarleyfi fellur úr gildi. Honum er heimilt að dveljast hér á landi þar til ákvörðun hefur verið tekin um umsókn hans enda hafi umsóknin borist Útlendingastofnun innan tilskilins frests. Ákvæði 4. og 7. mgr. 57. gr. eiga við um umsóknir sem síðar berast.

Útlendingastofnun tekur ákvörðun um hvort fella skuli niður ótímabundið dvalarleyfi þegar leyfishafi hefur dvalist erlendis lengur en 18 mánuði á fjögurra ára tímabili. Ótímabundið dvalarleyfi útlendinga fellur sjálfkrafa niður þegar lögheimili hans, sem skráð var hér á landi, hefur verið skráð erlendis samfellt í 18 mánuði. Að fenginni umsókn má heimila útlendingi lengri dvöl erlendis án þess að ótímabundið dvalarleyfi falli úr gildi.

Við veitingu ótímabundins dvalarleyfis gefur Útlendingastofnun út skírteini því til staðfestingar skv. 54. gr. Skírteini er gefið út á nafn útlendinga sem er handhafi leyfisins.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um ótímabundið dvalarleyfi, þar á meðal um dvöl erlendis skv. 7. mgr. og um námskeið í íslensku fyrir útlendinga skv. 1. mgr. Þar skal kveðið á um lengd námskeiðs, lágmarkstímasókn og vottorð til staðfestingar á þátttöku. Einnig er heimilt að kveða þar á um undanþágu frá þátttöku í námskeiði fyrir útlendinga sem náð hafa viðhlítandi þekkingu á íslensku og um próf því til staðfestingar. Þá er í reglugerðinni heimilt að kveða á um undanþágur frá skyldu til þátttöku í námskeiði og um gjald vegna þátttöku í námskeiði eða prófi.

59. gr.

Afturköllun.

Útlendingastofnun er heimilt að afturkalla dvalarleyfi og ótímabundið dvalarleyfi ef útlendingur hefur við umsókn, gegn betri vitund, veitt rangar upplýsingar eða leynt atvikum sem hefðu getað haft verulega þýðingu við leyfisveitinguna eða ekki eru lengur uppfyllt skilyrði fyrir veitingu dvalarleyfis eða ótímabundins dvalarleyfis eða það leiðir að öðru leyti af almennum stjórnsýslureglum.

Eftir afturköllun leyfis á grundvelli rangra upplýsinga eða þess að leynt var atvikum sem verulega þýðingu gátu haft við útgáfu þess leyfis skal réttarstaða útlendingans samkvæmt lögum þessum vera eins og hann hefði aldrei fengið útgefið það leyfi og önnur leyfi byggð á sömu forsendum.

60. gr.

Tilkynningarskylda.

Útlendingur sem fengið hefur dvalarleyfi áður en hann kom til landsins skal innan viku frá komu gefa sig fram við Útlendingastofnun eða embætti sýslumanns utan Reykjavíkur. Sama á við um útlending sem kemur til landsins og hyggst sækja um dvalarleyfi eða að öðru leyti þarfnast slíks leyfis.

VI. KAFLI

Dvalarleyfi vegna atvinnuþátttöku.

61. gr.

Dvalarleyfi vegna starfs sem krefst sérfræðipækkingar.

Heimilt er að veita útlendingi dvalarleyfi vegna starfs hér á landi sem krefst sérfræðipækkingar. Skilyrði fyrir veitingu dvalarleyfis samkvæmt ákvæði þessu eru m.a. eftirfarandi:

- a. útlendingur fullnægir skilyrðum 1. og 2. mgr. 55. gr.,
- b. tímabundið atvinnuleyfi vegna starfs sem krefst sérfræðipækkingar hefur verið veitt á grundvelli laga um atvinnuréttindi útlendinga.

Dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu er heimilt að veita til allt að tveggja ára, þó aldrei til lengri tíma en nemur gildistíma atvinnuleyfis. Heimilt er að endurnýja dvalarleyfið í allt að tvö ár í senn, þó aldrei til lengri tíma en nemur gildistíma atvinnuleyfis enda séu uppfyllt skilyrði 1. mgr.

Heimilt er að endurnýja leyfi útlendinga, sem hefur fengið útgefið dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu og misst starf sitt, í allt að þrjú mánuði frá því að hann missti starfið eða uppsagnarfrestur er liðinn til þess að hann geti leitað sér annars starfs á grundvelli sérþekkingar sinnar. Þarf þá skilyrði b-liðar 1. mgr. ekki að vera uppfyllt.

Dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu getur orðið grundvöllur ótímabundins dvalarleyfis.

62. gr.

Dvalarleyfi vegna skorts á starfsfólki.

Heimilt er að veita útlendingi dvalarleyfi vegna starfs þegar um er að ræða skort á starfsfólki hér á landi. Skilyrði fyrir veitingu dvalarleyfis samkvæmt ákvæði þessu eru m.a. eftirfarandi:

- a. útlendingur fullnægir skilyrðum 1. og 2. mgr. 55. gr.,
- b. tímabundið atvinnuleyfi vegna skorts á starfsfólki hefur verið veitt á grundvelli laga um atvinnuréttindi útlendinga.

Dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu skal í fyrsta skipti ekki veitt til lengri tíma en eins árs, þó aldrei til lengri tíma en nemur gildistíma atvinnuleyfis. Heimilt er að endurnýja dvalarleyfið í allt að eitt ár í senn.

Heimilt er að endurnýja leyfi til lengri tíma en skv. 2. mgr. þegar um er að ræða skýrt afmarkaða og tímabundna verkframkvæmd sem tekur lengri tíma en þar greinir. Er þá heimilt að veita dvalarleyfi til þess tíma sem atvinnuleyfið gildir.

Óheimilt er að veita útlendingi sem haft hefur dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu leyfi samkvæmt ákvæðinu að nýju fyrr en að lokinni tveggja ára samfelldri dvöl erlendis, frá lokum gildistíma leyfisins. Ákvæði þetta á þó ekki við þegar útlendingur starfar hér á landi skemur en átta mánuði á hverju tólf mánaða tímabili.

Dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu getur orðið grundvöllur ótímabundins dvalarleyfis.

63. gr.

Dvalarleyfi fyrir íþróttafólk.

Heimilt er að veita dvalarleyfi vegna starfa íþróttafólks hjá íþróttafélagi innan Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands. Skilyrði fyrir veitingu dvalarleyfis samkvæmt ákvæði þessu eru m.a. eftirfarandi:

- a. útlendingur fullnægir skilyrðum 1. og 2. mgr. 55. gr.,
- b. tímabundið atvinnuleyfi fyrir íþróttafólk hefur verið veitt á grundvelli laga um atvinnuréttindi útlendinga.

Dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu skal í fyrsta skipti ekki veitt til lengri tíma en eins árs, þó aldrei til lengri tíma en nemur gildistíma atvinnuleyfis. Heimilt er að endurnýja það um allt að tvö ár í senn, þó aldrei til lengri tíma en nemur gildistíma atvinnuleyfis enda séu uppfyllt skilyrði 1. mgr.

Dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu getur orðið grundvöllur ótímabundins dvalarleyfis.

64. gr.

Dvalarleyfi fyrir sérhæfða starfsmenn á grundvelli samstarfs- eða þjónustusamnings.

Heimilt er að veita útlendingi sem fyrirhugað er að senda hingað til lands til sérhæfðra starfa á vegum atvinnurekanda sem ekki hefur starfsstöð hér á landi dvalarleyfi. Skilyrði fyrir veitingu dvalarleyfis samkvæmt ákvæði þessu eru m.a. eftirfarandi:

- a. útlendingur fullnægir skilyrðum 1. og 2. mgr. 55. gr.,
- b. tímabundið atvinnuleyfi vegna sérhæfðra starfsmanna á grundvelli þjónustusamnings eða samstarfssamnings um kennslu-, fræði- eða vísindastörf hefur verið veitt í samræmi við lög um atvinnuréttindi útlendinga.

Leyfi samkvæmt ákvæði þessu skal að jafnaði ekki veitt til lengri tíma en sex mánaða á grundvelli sama samnings, þó aldrei til lengri tíma en nemur gildistíma atvinnuleyfis.

Dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu getur ekki orðið grundvöllur ótímabundins dvalarleyfis.

VII. KAFLI

Dvalarleyfi vegna menntunar og menningarskipta.

65. gr.

Dvalarleyfi vegna náms.

Heimilt er að veita útlendingi sem ætlar að stunda fullt nám hér á landi dvalarleyfi enda sé hann eldri en 18 ára og fullnæggi þeim kröfum sem gerðar eru í viðkomandi námi.

Skilyrði fyrir veitingu dvalarleyfis samkvæmt ákvæði þessu eru m.a. eftirfarandi:

- a. útlendingur fullnægir skilyrðum 1. og 2. mgr. 55. gr.,
- b. útlendingur stundar fullt nám hér á landi samkvæmt staðfestingu eða vottorði frá hlutaðeigandi skóla.

Heimilt er að veita erlendum skiptinemum dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu að uppfylltum skilyrðum 2. mgr. komi þeir til landsins á vegum viðurkenndra skiptinemasamtaka og má þá víkja frá aldursskilyrðum 1. mgr.

Heimilt er að veita útlendingi dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu að uppfylltum skilyrðum a-liðar 2. mgr. vegna náms sem fram fer á vinnustöðum hér á landi enda hafi verið veitt tímabundið atvinnuleyfi á grundvelli laga um atvinnuréttindi útlendinga.

Dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu skal að jafnaði ekki veitt til lengri tíma en tólf mánaða í senn. Heimilt er að endurnýja dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu á námstíma ef útlendingur fullnægir áfram skilyrðum 1. og 2. mgr. og getur sýnt fram á viðunandi námsárangur, þar sem þess er krafist. Við fyrstu endurnýjun dvalarleyfis telst námsárangur viðunandi hafi útlendingur lokið samanlagt a.m.k. 75% af fullu námi á námsárinu. Heimilt er að víkja frá kröfunni um viðunandi námsárangur ef um er að ræða óviðráðanlegar ytri aðstæður, svo sem slys eða alvarleg veikindi.

Heimilt er að endurnýja dvalarleyfi meistara- og doktorsnema sem vinna að lokaverkefni þrátt fyrir að engum einingum hafi verið lokið á leyfistíma liggja fyrir staðfesting á námsframvindu frá viðkomandi skóla.

Heimilt er að endurnýja dvalarleyfi útlendinga sem lokið hefur háskólanámi hér á landi í allt að sex mánuði frá útskriftardegi til þess að leita atvinnu á grundvelli sérfræðipækkingar hans, þrátt fyrir að skilyrði 2. mgr. séu ekki uppfyllt.

Dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu getur ekki verið grundvöllur ótímabundins dvalarleyfis, sbr. þó b-lið 2. mgr. 58. gr.

66. gr.

Dvalarleyfi vegna samninga Íslands við erlend ríki.

Heimilt er að veita ríkisborgurum tiltekinna ríkja á aldursbilinu 18–26 ára dvalarleyfi hér á landi á grundvelli samnings sem íslensk stjórnvöld hafa gert við heimaland viðkomandi útlendinga um dvöl ríkisborgara þess hér á landi í þeim tilgangi að kynna sér landið og menningu þess.

Forsenda fyrir veitingu dvalarleyfis samkvæmt ákvæði þessu er m.a. að skilyrðum 1. og 2. mgr. 55. gr. sé fullnægt og að útlendingi hafi ekki áður verið veitt dvalarleyfi á grundvelli slíks samnings hér á landi.

Dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu skal að hámarki veitt til tólf mánaða og er óheimilt að endurnýja slíkt dvalarleyfi.

Dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu getur ekki orðið grundvöllur ótímabundins dvalarleyfis.

67. gr.

Dvalarleyfi fyrir sjálfboðaliða og trúboða.

Heimilt er að veita útlendingum, eldri en 18 ára, dvalarleyfi hér á landi til þess að starfa fyrir frjáls félagasamtök sem starfa að góðgerðar- eða mannúðarmálum og eru ekki rekin í hagnaðarskyni auk þess að vera undanþeginn skattskyldu skv. 4. gr. laga um tekjuskatt, sem og útlendingum sem koma til dvalar í trúarlegum tilgangi fyrir skráð trúfélög eða þjóðkirkjuna.

Skilyrði fyrir veitingu dvalarleyfis samkvæmt ákvæði þessu eru m.a. eftirfarandi:

- a. útlendingur fullnægir skilyrðum 1. og 2. mgr. 55. gr.,
- b. farmiði frá Íslandi í lok tímabils liggur fyrir, nema þegar um dvöl í tengslum við skráð trúfélag eða þjóðkirkjuna er að ræða,
- c. fyrirleggjandi er boð til útlendingis frá innlendum aðilum, sbr. 1. mgr., um að koma hingað til lands og starfa á þeirra vegum þar sem kemur fram hver sé tilgangur dvalar, hversu lengi hún muni vara og hvaða störfum viðkomandi eigi að sinna,
- d. tengsl eru milli þess starfs sem útlendingurinn á að inna af hendi og starfsemi aðila, sbr. 1. mgr.

Útlendingi sem fær útgefið dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu er óheimilt að ráða sig til starfa á íslenskum vinnumarkaði gegn endurgjaldi meðan á dvöl hans stendur.

Hámarksdvöl samkvæmt ákvæði þessu er tólf mánuðir og er almennt óheimilt að endurnýja dvalarleyfið. Þegar um er að ræða dvöl á vegum skráðs trúfélags eða þjóðkirkjunnar er þó heimilt að endurnýja dvalarleyfið um allt að eitt ár í senn séu skilyrði ákvæðisins enn uppfyllt.

Heimilt er að víkja frá kröfu 1. mgr. að um samtök sé að ræða ef markmið tiltekins verkefnis er sannarlega í mannúðar- eða góðgerðarskyni.

Dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu getur ekki orðið grundvöllur ótímabundins dvalarleyfis nema dvalarleyfi sem veitt er í tengslum við dvöl á vegum skráðs trúfélags eða þjóðkirkjunnar.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari skilyrði fyrir veitingu dvalarleyfis samkvæmt ákvæði þessu, m.a. um kröfur til framfærslu, hvaða skilyrði samtök skuli uppfylla til að teljast viðurkennd samtök og hvaða störfum útlendingi er heimilt að sinna.

68. gr.

Dvalarleyfi vegna vistráðningar.

Heimilt er að veita útlendingi dvalarleyfi á grundvelli samnings um vistráðningu á heimili fjölskyldu hér á landi. Umsækjandi þarf að fullnægja skilyrðum 1. og 2. mgr. 55. gr. og má ekki vera yngri en 18 ára eða eldri en 25 ára þegar umsókn er lögð fram.

Vistfjölskylda skal samanstanda af hjónum eða sambúðarmökum með barni eða börnum eða einstæðu foreldri með barn eða börn. Ef vistfjölskylda samanstendur af aðilum sem ekki eru íslenskir ríkisborgarar þarf a.m.k. annað hjóna eða sambúðarmaka að vera komið með ótímabundið dvalarleyfi. Ekki mega vera fjölskyldutengsl milli umsækjanda og vistfjölskyldu.

Hver vistfjölskylda getur aðeins haft einn útlending í einu í vistráðningu og skal útvega hinum vistráðna fæði og sérherbergi til afnota á heimili fjölskyldunnar. Útlendingastofnun er heimilt að óska eftir upplýsingum um vistfjölskyldu, m.a. um fjárhagsaðstoð og aðra veitta aðstoð hjá félagsþjónustu viðkomandi sveitarfélags, auk upplýsinga um sakaferil, innan lands og erlendis ef stofnunin telur ástæðu til.

Umsókn um dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu skal hafnað ef líklegt er talið að umsækjandi muni ekki yfirgefa landið þegar leyfi hans rennur út. Við mat Útlendingastofnunar er m.a. heimilt að byggja á upplýsingum um umsækjanda sjálfan og heimaríki hans, almennri reynslu af umsækjendum í sömu eða svipaðri stöðu og umsækjandi, tilgangi umsóknar, reynslu af vistfjölskyldu og hvort umsækjandi hafi áður sótt um alþjóðlega vernd eða dvalarleyfi á öðrum forsendum hér á landi. Dvalarleyfi skal jafnframt hafnað ef rökstuddur grunur er um að vistráðning sé notuð til að fá útlending til landsins í þeim tilgangi að misnota starfskrafta hans eða í öðrum ólögætum tilgangi.

Dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu skal ekki veitt til lengri tíma en eins árs en þó aldrei til lengri tíma en hlutaðeigandi samningur um vistráðningu gerir ráð fyrir. Óheimilt er að endurnýja dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu. Jafnframt er óheimilt að veita útlendingi dvalarleyfi á grundvelli atvinnuþátttöku skv. VI. kafla fyrr en að lokinni tveggja ára samfelldri dvöl erlendis frá lokum gildistíma leyfisins.

Verði slit á vistráðningu áður en vistráðningartíma samkvæmt samningi aðila er lokið skulu bæði hinn vistráðni og vistfjölskyldan tilkynna það Útlendingastofnun eða þeim aðila sem hafði milligöngu um gerð samningsins ef við á. Hinum vistráðna er heimilt að gera samning um nýja vistráðningu við nýja vistfjölskyldu að uppfylltum öllum skilyrðum ákvæðis þessa. Samanlagður dvalartími hjá vistfjölskyldum skal ekki vera lengri en eitt ár.

Útlendingur sem dvelst hér á landi samkvæmt ákvæði þessu hefur ekki heimild til atvinnuþátttöku utan heimilis vistfjölskyldu á dvalartíma, hvorki til að sinna launuðum né ólaunuðum störfum.

Lögregla skal að beiðni Útlendingastofnunar fara á heimili hins vistráðna og kanna aðstæður hans, sbr. 110. gr.

Leyfi samkvæmt ákvæði þessu getur ekki verið grundvöllur ótímabundins dvalarleyfis.

Útlendingastofnun skal láta í té nauðsynleg eyðublöð vegna samninga um vistráðningu og er henni heimilt að fela stofnun eða fyrirtæki milligöngu og umsjón með vistráðningum. Hlutverk slíkrar stofnunar eða fyrirtækis skal nánar útfært í reglugerð.

Ráðherra mælir í reglugerð fyrir um það hvaða reglur skuli gilda um dvöl samkvæmt ákvæði þessu, þar á meðal um það sem fram skal koma í samningi um vistráðningu og skilyrði sem útlendingur og viðkomandi vistfjölskylda þurfa að uppfylla vegna dvalarinnar, svo sem um ábyrgð vistfjölskyldu á heimferð, vasapeninga hins vistráðna, frítíma og vinnutíma sem að hámarki má vera 30 klst. á viku.

VIII. KAFLI

Dvalarleyfi vegna fjölskyldusameiningar.

69. gr.

Skilyrði dvalarleyfis vegna fjölskyldusameiningar.

Nánasti aðstandandi íslensks eða annars norræns ríkisborgara sem er með fasta búsetu hér á landi eða útlendingur sem dvelst hér á landi á grundvelli dvalarleyfis skv. 61., 63., 70., 73., 74. og 78. gr. eða ótímabundins dvalarleyfis skv. 58. gr. getur með umsókn fengið dvalarleyfi á grundvelli fjölskyldusameiningar að fullnægðum skilyrðum 55. gr. og VIII. kafla. Til nánustu aðstandenda teljast maki, sambúðarmaki, börn viðkomandi yngri en 18 ára í forsjá hans og á framfæri og foreldrar 67 ára og eldri. Sama gildir um maka, sambúðarmaka og börn þeirra sem stunda framhaldsnám á háskólastigi, doktorsnám og rannsóknir hér á landi á grundvelli 65. gr.

Dvalarleyfi skv. 70.–72. gr. verða ekki veitt ef sá fjölskyldumeðlimur sem umsókn byggist á hefur á síðustu fimm árum hlotið dóm eða verið látinn sæta öryggisráðstöfunum fyrir brot á ákvæðum XXI.–XXIV. kafla almennra hegningarlaga nema synjun um dvalarleyfi mundi fela í sér ósanngjarna ráðstöfun gagnvart honum eða nánustu fjölskyldumeðlimum hans. Ef það brýtur í bága við forsendur dvalarleyfis fjölskyldumeðlims hér á landi að veita umsækjanda dvalarleyfi skv. 70.–72. gr. er heimilt að synja um dvalarleyfi.

Umsókn um fyrsta dvalarleyfi skv. 70.–72. gr. skal hafnað ef samþykki fjölskyldumeðlims fyrir útgáfu þess leyfis liggur ekki fyrir.

Dvalarleyfi skv. 70.–72. gr. skulu að jafnaði veitt til eins árs en heimilt er að veita dvalarleyfi til lengri tíma til samræmis við þann fjölskyldumeðlim sem umsókn byggist á, þó að há-

marki í tvö ár. Dvalarleyfi fjölskyldumeðlims útlendingis, sem dvelst hér á landi á grundvelli dvalarleyfis eða ótímabundins dvalarleyfis, getur þó aldrei gilt lengur en leyfi þess sem hann leiðir rétt sinn af. Heimilt er að endurnýja dvalarleyfi á grundvelli ákvæða 70.–72. gr. samkvæmt umsókn ef skilyrði leyfisins eru enn uppfyllt.

Dvalarleyfi skv. 70.–72. gr. geta verið grundvöllur ótímabundins dvalarleyfis nema sá fjölskyldumeðlimur sem dvalarleyfishafi leiðir rétt sinn af hafi dvalarleyfi sem skapar ekki slíkan grundvöll.

70. gr.

Dvalarleyfi á grundvelli hjúskapar eða sambúðar.

Heimilt er að veita útlendingi dvalarleyfi hér á landi hyggist hann flytjast hingað til lands til að búa með maka sínum eða sambúðarmaka. Skilyrði þess er að makinn hafi rétt til fjölskyldusameiningar samkvæmt kafla þessum og að hann sé annaðhvort í hjúskap eða sambúð sem hefur varað lengur en eitt ár. Hvor aðili um sig verður að hafa verið eldri en 18 ára þegar stofnað var til hjúskaparins eða sambúðarinnar. Hjúskapur eða sambúð viðkomandi þarf að uppfylla skilyrði til skráningar samkvæmt lögheimilislögum. Heimilt er að krefja aðila um að leggja fram gögn til sönnunar á hjúskap eða sambúð erlendis.

Heimilt er að beita ákvæðum 1. mgr. þótt hjúskapur eða sambúð hafi varað skemur en eitt ár ef sérstakar ástæður mæla með því.

Byggi umsækjandi rétt sinn á útlendingi sem er með dvalarleyfi hér á landi á grundvelli alþjóðlegrar verndar skv. 73. gr., mannúðarsjónarmiða skv. 74. gr., sérstakra tengsla við landið skv. 78. gr. eða fjölskyldusameiningar skv. 72. gr. þarf sá aðili að hafa starfað eða stundað nám hér á landi í löglegri dvöl síðustu fjögur ár fyrir framlagningu umsóknar.

Ákvæði 3. mgr. á ekki við, með fyrirvara um önnur ákvæði þessarar greinar, þegar:

- a. aðilar voru í hjúskap áður en maki búsettur á Íslandi fluttist hingað til lands eða
- b. aðilar gengu í hjúskap meðan báðir aðilar höfðu dvalarleyfi hér á landi eða
- c. aðilar eiga saman barn eða eiga von á barni saman.

Hægt er að veita frekari undanþágu frá skilyrðum 3. mgr. ef sérstakar aðstæður standa til þess.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd 3. og 4. mgr., þ.m.t. um viðmið varðandi nám og störf hér á landi.

Makar og sambúðarmakar skulu hafa fasta búsetu á sama stað í samræmi við ákvæði laga um lögheimili. Heimilt er að víkja frá þessu ákvæði ef sérstakar tímabundnar ástæður eru fyrir hendi.

Nú er rökstuddur grunur um að til hjúskapar eða sambúðar hafi verið stofnað í þeim tilgangi að afla dvalarleyfis og ekki er sýnt fram á annað svo að óyggjandi sé og veitir það þá ekki rétt til dvalarleyfis. Sama gildir ef rökstuddur grunur er um að ekki hafi verið stofnað til hjúskapar með vilja beggja hjóna eða ef stofnun hjúskapar brýtur í bága við allsherjarreglu og meginreglu íslenskra laga.

Útlendingur sem hefur haft dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu getur ef sérstaklega stendur á og ríkar sanngirnisástæður mæla með því fengið dvalarleyfi á grundvelli sérstakra tengsla við landið skv. 78. gr. ef skilyrðum 1. og 2. mgr. 55. gr. er fullnægt ásamt einu af eftirfarandi:

- a. hjúskap eða sambúð hefur lokið með andláti maka nema sérstakar ástæður mæli gegn því,
- b. hjúskap eða sambúð hefur verið slitið vegna þess að útlendingur eða barn hans hefur sætt misnotkun eða öðru ofbeldi af hálfu maka og það hefur verið tilkynnt lögreglu eða

- barnaverndaryfirvöldum eða önnur gögn benda til þess; líta ber til tengsla útlendinga við landið og í undantekningartilfellum er heimilt að víkja frá ákvæðum 1. og 2. mgr. 55. gr. við útgáfu dvalarleyfis samkvæmt þessum staflíð ef framfærsla er ótrygg um skamma hríð,
- c. útlendingur sýnir fram á að vegna félagslegra eða menningarlegra aðstæðna í heimaríki hans geti honum reynst erfitt að snúa aftur til þess ríkis vegna skilnaðar eða sambúðarslita.

71. gr.

Dvalarleyfi fyrir börn.

Heimilt er að veita barni yngra en 18 ára dvalarleyfi ef foreldri þess hefur dvalarleyfi á grundvelli 58., 61., 63., 70., 73., 74. eða 78. gr.

Barn skal vera í forsjá þess aðila sem það leiðir rétt sinn af. Samþykki beggja forsjáforeldra þarf að liggja fyrir við umsókn séu þeir fleiri en einn. Heimilt er að víkja frá þessu skilyrði vegna sérstakra aðstæðna, t.d. ef sannanlega næst ekki í forsjáraðila, enda mæli hagsmunir barnsins með því.

Sé um ættleiðingu að ræða þarf henni að vera lokið áður en umsókn er lögð fram og skal hún vera í samræmi við íslensk lög þess efnis.

Heimilt er að endurnýja dvalarleyfi samkvæmt þessu ákvæði þrátt fyrir að umsækjandi hafi náð 18 ára aldri enda séu grunnskilyrði dvalarleyfis og fjölskyldusameiningar uppfyllt. Jafnframt er skilyrði að umsækjandi stundi annaðhvort nám eða störf hér á landi, sé búsettur hjá foreldri og sé hvorki í hjúskap né sambúð.

Heimilt er að víkja frá skilyrðum ákvæðis þessa ef sérstaklega stendur á enda krefjast hagsmunir barnsins þess. Á þetta t.d. við í þeim tilvikum þar sem barnaverndarnefnd hefur tekið yfir forsjá barns eða ef barn er í varanlegu fóstri.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari skilyrði fyrir dvalarleyfi á grundvelli þessarar greinar, m.a. um skilyrði þess að fósturbarn geti fengið dvalarleyfi.

72. gr.

Dvalarleyfi fyrir foreldra.

Heimilt er að veita útlendingi sem á barn hér á landi dvalarleyfi í þeim tilvikum sem greinir í 2.–4. mgr. Skilyrði 1. og 2. mgr. 55. gr. skulu ávallt vera uppfyllt þegar dvalarleyfi er veitt á þessum grundvelli.

Heimilt er að veita útlendingi sem er 67 ára eða eldri dvalarleyfi eigi hann uppkomið barn hér á landi. Í þeim tilvikum er heimilt að veita útlendingi undanþágu frá skilyrði um að geta framfleytt sér sjálfur ef barn hans sýnir fram á að það geti tryggt framfærslu viðkomandi.

Heimilt er að veita útlendingi sem er foreldri íslensks barns sem er yngra en 18 ára og búsett hér á landi dvalarleyfi ef foreldrið fer með eða deilir forsjá barnsins og fullnægir eftirfarandi skilyrðum:

- a. umsækjandi ætlar að búa með barninu hér á landi,
- b. umsækjandi er ekki í hjúskap eða sambúð með hinu foreldri barnsins og
- c. það er nauðsynlegt til þess að barnið geti búið áfram hér á landi.

Heimilt er að veita foreldri sem fer með forsjá barns sem er yngra en 18 ára og búsett hér á landi dvalarleyfi þrátt fyrir að foreldri og barn muni ekki búa saman ef:

- a. barn er annaðhvort íslenskur ríkisborgari eða með dvalarleyfi,
- b. umsækjandi var í lögumatri dvöl hér á landi þegar umsókn var lögð fram,

- c. umsækjandi hefur haft dvalarleyfi hér á landi sem ekki er unnt að endurnýja á sama grundvelli,
- d. umsækjandi hefur umgengnisrétt við barnið samkvæmt staðfestum samningi og fyrir liggur að umgengni á sér stað samkvæmt honum og
- e. það er nauðsynlegt til að viðhalda umgengni við barnið.

IX. KAFLI

Dvalarleyfi vegna alþjóðlegrar verndar, mannúðarsjónarmiða og mansals.

73. gr.

Dvalarleyfi á grundvelli alþjóðlegrar verndar.

Þegar umsækjanda er veitt alþjóðleg vernd skv. 37. eða 39. gr. gefur Útlendingastofnun út dvalarleyfi.

Dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu skal veitt til fjögurra ára og er heimilt að endurnýja það að þeim tíma liðnum, nema skilyrði séu til að afturkalla veitingu skv. 48. gr. eða synjun á endurnýjun dvalarleyfis sé nauðsynleg vegna öryggis ríkisins eða almannahagsmuna. Endurnýja má dvalarleyfi þótt ekki sé fullnægt öllum skilyrðum 55. gr.

Dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu getur verið grundvöllur ótímabundins dvalarleyfis.

74. gr.

Dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða.

Í þeim tilvikum þegar útlendingur er staddur hér á landi og getur sýnt fram á ríka þörf fyrir vernd, t.d. af heilbrigðisástæðum eða vegna erfiðra félagslegra aðstæðna viðkomandi eða erfiðra almennra aðstæðna í heimaríki eða í landi sem honum yrði vísað til, má líta til almennra mannúðarsjónarmiða þó svo að skilyrði 37. gr. séu ekki uppfyllt. Ákvæði þessu skal ekki beitt nema skorið hafi verið úr um með efnismeðferð að útlendingur uppfylli ekki skilyrði alþjóðlegrar verndar skv. 37. og 39. gr.

Heimilt er að veita útlendingi sem sótt hefur um alþjóðlega vernd og ekki fengið niðurstöðu í máli sínu á stjórnáráðslustigi innan 18 mánaða eftir að hann sótti fyrst um alþjóðlega vernd hér á landi dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða samkvæmt ákvæði þessu að því tilskildu að skorið hafi verið úr um að útlendingur uppfylli ekki skilyrði skv. 37. og 39. gr. Skilyrði fyrir veitingu dvalarleyfis í þeim tilvikum eru að:

- a. tekin hafi verið skýrsla af umsækjanda um alþjóðlega vernd,
- b. ekki leiki vafi á því hver umsækjandi er,
- c. ekki liggi fyrir ástæður sem geta leitt til brottvísunar umsækjanda,
- d. útlendingur hafi veitt upplýsingar og aðstoð við úrlausn máls.

Ákvæði 2. mgr. gilda ekki um útlending sem eitt eða fleira af eftirfarandi á við um:

- a. útlendingur hefur framvísað fölsuðum skjölum með það að markmiði að styrkja umsókn sína um alþjóðlega vernd,
- b. útlendingur hefur dvalist á ókunnnum stað í meira en tvær vikur eða hefur yfirgefið landið án leyfis,
- c. útlendingur hefur veitt rangar upplýsingar um fyrri dvöl í ríki sem tekur þátt í Dyflinnarsamstarfinu eða í ríki eða á svæði þar sem hann þurfti ekki að sæta ofsóknum og hafði ekki ástæðu til að óttast að verða sendur aftur til heimalands síns án þess að umsókn hans um alþjóðlega vernd hefði fengið fullnægjandi skoðun,
- d. útlendingur á sjálfur þátt í því að niðurstaða hafi ekki fengist innan tímamarka.

Heimilt er að víkja frá ákvæðum 3. mgr. þegar sérstaklega stendur á. Dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu má jafnframt veita þótt ekki sé fullnægt öllum skilyrðum 55. gr.

Dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu skal ekki veitt til lengri tíma en eins árs. Heimilt er að endurnýja dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu í allt að tvö ár í senn enda hafi forsendur fyrir veitingu leyfisins í upphafi ekki breyst.

Dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu getur verið grundvöllur ótímabundins dvalarleyfis.

75. gr.

Dvalarleyfi fyrir hugsanlegt fórnarlamb mansals.

Heimilt er að veita útlendingi sem grunur leikur á að sé fórnarlamb mansals dvalarleyfi í allt að níu mánuði þótt skilyrðum 1. og 2. mgr. 55. gr. sé ekki fullnægt. Sama gildir um barn viðkomandi ef það er statt héraðs með foreldri. Við rannsókn málsins skal lögregla veita Útlendingastofnun aðstoð, t.d. við mat á aðstæðum viðkomandi. Þrátt fyrir ákvæði XII. kafla skal ekki vísa viðkomandi einstaklingi úr landi á þessu tímabili.

Nú er rökstuddur grunur um að útlendingur geri tilkall til að vera í stöðu fórnarlamb í þeim tilgangi einum að afla dvalarleyfis og ekki er sýnt fram á annað svo óyggjandi sé og veitir það þá ekki rétt til dvalarleyfis. Sama gildir ef veiting dvalarleyfis er andstæð allsherjarreglu.

Ef sótt hefur verið um alþjóðlega vernd skv. 37. eða 39. gr. eða grunur er um að þau ákvæði eigi við skal fyrst skorið úr því hvort skilyrði eru til þess að veita slíka vernd áður en þessu ákvæði er beitt.

Dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu getur ekki verið grundvöllur ótímabundins dvalarleyfis.

76. gr.

Dvalarleyfi fyrir fórnarlamb mansals.

Heimilt er að veita fórnarlambi mansals og barni viðkomandi sem statt er hér á landi endurnýjanlegt dvalarleyfi til eins árs þegar sérstaklega stendur á, þótt skilyrðum 1. og 2. mgr. 55. gr. sé ekki fullnægt, þegar það telst nauðsynlegt:

- a. vegna persónulegra aðstæðna viðkomandi eða
- b. að mati lögreglu vegna samvinnu viðkomandi við yfirvöld vegna rannsóknar og meðferðar sakamáls.

Þrátt fyrir ákvæði XII. kafla skal ekki vísa viðkomandi einstaklingi úr landi á þessu tímabili.

Dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu getur ekki verið grundvöllur ótímabundins dvalarleyfis.

77. gr.

Bráðabirgðadvalarleyfi.

Heimilt er eftir umsókn útlendinga sem sótt hefur um alþjóðlega vernd að veita honum bráðabirgðadvalarleyfi þar til ákvörðun hefur verið tekin um umsóknina. Einnig er heimilt að beiðni útlendinga sem hefur fengið endanlega synjun um alþjóðlega vernd eða dvalarleyfi, sem kemur ekki til framkvæmda að svo stöddu, að veita honum bráðabirgðadvalarleyfi þar til synjunin kemur til framkvæmda. Skilyrði fyrir veitingu dvalarleyfis samkvæmt ákvæði þessu eru m.a. að:

- a. tekin hafi verið skýrsla af umsækjanda um alþjóðlega vernd,
- b. ekki leiki vafi á því hver umsækjandi er,
- c. ekki liggi fyrir ástæður sem geta leitt til brottvísunar umsækjanda,

- d. ekki liggi fyrir beiðni um að annað ríki taki við umsækjanda á ný, sbr. 1. mgr. 36. gr.,
e. útlendingur hafi veitt upplýsingar og aðstoðað við úrlausn máls.

Heimilt er að vikja frá skilyrði b-liðar 1. mgr. þegar sérstaklega stendur á, t.d. þegar ósanngjarnt eða ómögulegt er að ætlast til þess að umsækjandi framvísi fullnægjandi skilríkjum og er Útlendingastofnun skylt að meta í hverju tilviki hvort þannig sé ástatt. Séu liðnir meira 90 dagar frá því að umsókn um alþjóðlega vernd barst íslenskum stjórnvöldum skal dvalarleyfi samkvæmt þessari grein, samkvæmt umsókn, veitt þó svo að d-liður 1. mgr. eigi við.

Séu aðstæður með þeim hætti að 1. mgr. 42. gr. eigi við en viðkomandi sé undanskilinn alþjóðlegri vernd skv. 40. eða 41. gr. er heimilt að veita útlendingi bráðabirgðadvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu. Í þeim tilvikum er heimilt að binda leyfið sérstökum skilyrðum sem nauðsynleg þykja eftir atvikum, t.d. heimild til þess að undanskilja rétt til atvinnuþátttöku og krefjast þess að viðkomandi sinni tilkynningarskyldu eða haldi sig á tilteknum stað skv. 114. gr. eða gangist undir önnur þvingunarúrræði skv. XIII. kafla.

Heimilt er að veita dvalarleyfi samkvæmt þessari grein þótt ekki sé fullnægt öllum skilyrðum 1. og 2. mgr. 55. gr.

Dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu skal að jafnaði ekki veitt til lengri tíma en sex mánaða. Heimilt er að endurnýja dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu í allt að eitt ár í senn samkvæmt ákvörðun Útlendingastofnunar.

Ákvæði IV., V. og VII. kafla stjórnsýslulaga um andmælarétt, um birtingu ákvörðunar, rökstuðning o.fl. og um stjórnsýslukæru, viðeigandi ákvæði I. kafla laga þessara og ákvæði þessa kafla, gilda ekki um ákvörðun um bráðabirgðadvalarleyfi. Bráðabirgðadvalarleyfi hefur ekki önnur réttaráhrif en þau sem sérstaklega er getið í lögum eða reglugerð.

Dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu getur ekki verið grundvöllur ótímabundins dvalarleyfis.

X. KAFLI

Önnur dvalarleyfi.

78. gr.

Dvalarleyfi á grundvelli sérstakra tengsla við landið.

Heimilt er að veita útlendingi dvalarleyfi á grundvelli þess að hann teljist hafa sérstök tengsl við landið, að fullnægðum skilyrðum 1. og 2. mgr. 55. gr., sé hann eldri en 18 ára og falli ekki undir ákvæði um önnur dvalarleyfi samkvæmt lögum þessum eða fullnægi ekki skilyrðum þeirra.

Til sérstakra tengsla geta m.a. talist tengsl sem útlendingur hefur stofnað til meðan á dvöl hans hér á landi hefur staðið samkvæmt útgefnu dvalarleyfi sem verður ekki endurnýjað eða hefur verið afturkallað vegna breyttra aðstæðna eða annarra atvika.

Fara skal fram heildstætt mat á tengslum umsækjanda við landið. Við það mat skal að jafnaði horft til lengdar lögmætrar dvalar. Jafnframt er heimilt að líta til:

- a. fjölskyldutengsla, þ.e. fjölskyldusamsetningar umsækjanda með tilliti til umönnunarsjónarmiða,
- b. félagslegra og menningarlegra tengsla við landið á grundvelli atvinnuþátttöku eða annarra sambærilegra tengsla.

Þrátt fyrir að útlendingur hafi ekki dvalist hér á landi getur hann í undantekningartilvikum talist hafa sérstök tengsl við landið þegar heildstætt mat á aðstæðum hans leiðir til þess., t.d. ef rík umönnunarsjónarmið eru til staðar og bersýnilega væri ósanngjarnt að veita umsækjanda ekki dvalarleyfi á grundvelli þeirra.

Til sérstakra tengsla við landið skv. 2. mgr. geta ekki talist þau tengsl sem útlendingur myndar við dvöl hér á landi skv. 64., 65., 66., 67., 68., 75., 76. og 77. gr. Með sérstökum tengslum í ákvæði þessu er auk þess hvorki átt við fjölskyldutengsl viðkomandi útlending, en um þau fer skv. VIII. kafla, né dvöl á grundvelli 21. gr. Hafi dvalarleyfi eða ótímabundið dvalarleyfi útlending verið afturkallað á grundvelli 59. gr. þar sem útlendingur hefur við umsókn gegn betri vitund veitt rangar upplýsingar eða leynt atvikum sem hefðu getað haft verulega þýðingu við leyfisveitinguna, t.d. ef um málamyndagerning skv. 8. mgr. 70. gr. er að ræða eða ef rökstuddur grunur er um það, geta þau tengsl sem útlendingur hefur myndað við landið á þeim tíma ekki talist til sérstakra tengsla og þá ber að synja um veitingu dvalarleyfis samkvæmt ákvæði þessu.

Heimilt er að veita dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu þó að útlendingur hafi um skamm-an tíma ekki fullnægt skilyrðum 1. mgr. 55. gr. um framfærslu ef ríkar sanngirnisástæður mæla með því.

Dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu skal ekki veitt til lengri tíma en eins árs. Heimilt er að endurnýja dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu enda hafi forsendur fyrir veitingu leyfisins í upphafi ekki breyst.

Dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu getur verið grundvöllur ótímabundins dvalarleyfis.

Ráðherra setur reglugerð um nánari skilyrði fyrir veitingu dvalarleyfis samkvæmt ákvæði þessu, m.a. um tilgang dvalar, til hvaða sjónarmiða skuli líta við mat á því hvort sérstök tengsl við landið teljast vera til staðar og hvenær getur komið til beitingar undantekningarreglu 4. mgr.

79. gr.

Dvalarleyfi á grundvelli lögmæts og sérstaks tilgangs.

Heimilt er að veita útlendingi dvalarleyfi á grundvelli lögmæts og sérstaks tilgangs að uppfylltum skilyrðum 1. og 2. mgr. 55. gr. sé hann eldri en 18 ára og falli ekki undir ákvæði um önnur dvalarleyfi samkvæmt lögum þessum. Dvalarleyfi samkvæmt þessu ákvæði skal einungis veitt til eins árs í senn. Heimilt er að endurnýja leyfið haldist tilgangur dvalar óbreyttur.

Dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu getur ekki verið grundvöllur ótímabundins dvalarleyfis.

Ráðherra setur reglugerð til leiðbeiningar um hvað teljast skuli til lögmæts og sérstaks tilgangs.

XI. KAFLI

Sérreglur um útlendinga sem falla undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og stofnsamning Fríverslunarsamtaka Evrópu.

80. gr.

Gildissvið.

Ákvæði þessa kafla gilda um rétt útlendinga sem eru ríkisborgarar ríkis sem fellur undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og stofnsamning Fríverslunarsamtaka Evrópu til að koma til landsins og dveljast hér á landi.

Ákvæði þessa kafla gilda einnig um aðstandendur EES- og EFTA-borgara sem fylgja honum til landsins eða koma til hans. Ákvæði kaflans gilda enn fremur um aðstandendur íslensks ríkisborgara sem fylgja honum eða koma til íslensks ríkisborgara sem snýr aftur til Íslands eftir að hafa nýtt rétt sinn til frjálsrar farar samkvæmt EES-samningnum eða stofnsamningi EFTA í öðru EES- eða EFTA-ríki.

81. gr.

Koma og dvöl.

Réttur til dvalar samkvæmt ákvæðum þessa kafla veitir rétt til að dveljast hvar sem er á Íslandi nema takmarkanir hafi verið settar samkvæmt lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim.

Réttur til dvalar samkvæmt ákvæðum þessa kafla kemur ekki í veg fyrir að útlendingur skv. 1. mgr. 80. gr. fái dvalarleyfi samkvæmt öðrum ákvæðum laga þessara.

Útlendingur sem hvorki er ríkisborgari EES- eða EFTA-ríkis né aðstandandi slíks borgara má koma til landsins án sérstaks leyfis til að veita þjónustu í allt að 90 starfsdaga á almanaksári sé hann sannanlega starfsmaður þjónustuveitanda á Evrópska efnahagssvæðinu eða í EFTA-ríki.

Ekki má neita EES- eða EFTA-borgara um að fá að njóta réttinda sinna á þeim grundvelli einum að viðkomandi sé ekki handhafí skráningarvottorðs skv. 89. gr., vottorðs eða skírteinis sem staðfestir rétt til ótímabundinnar dvalar skv. 91. gr., skjals sem vottar að umsókn um dvalarskírteini fyrir aðstandendur hafi verið lögð fram eða dvalarskírteinis skv. 90. gr. þar eð viðkomandi getur fært sönnur á rétt með ýmsum öðrum skjölum.

Aðstandendur, sem eru ekki EES- eða EFTA-borgarar, skulu vera undanþegnir kvöð um vegabréfsáritun ef þeir eru handhafar gilds dvalarskírteinis skv. 90. gr. Slíkar vegabréfsáritanir skulu að öðrum kosti gefnar út án endurgjalds eins fljótt og hægt er og hljóta flýti-meðferð samkvæmt almennum reglum þar um.

Hafi EES- eða EFTA-borgari eða aðstandandi, sem er ekki EES- eða EFTA-borgari, ekki nauðsynleg ferðaskilríki eða tilskildar vegabréfsáritanir, sé þeirra krafist, skal áður en slíkum einstaklingum er vísað frá gefa þeim tækifæri til að afla nauðsynlegra skjala eða fá þau send innan sanngjarns tíma eða til að fá framburð sinn staðfestan eða fá viðurkennt á annan hátt að þeir falli undir réttinn til frjálsrar farar og dvalar.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð frekari fyriræli samkvæmt þessu ákvæði, m.a. um flýtimeðferð skv. 5. mgr.

82. gr.

Dvöl aðstandenda EES- eða EFTA-borgara.

Aðstandandi EES- eða EFTA-borgara sem fellur undir ákvæði þessa kafla hefur rétt til að dveljast með honum hér á landi. Aðstandendur EES- eða EFTA-borgara sem hafa dvalarrétt eða rétt til ótímabundinnar dvalar hér á landi skulu óháð ríkisfangi eiga rétt á að stunda atvinnu eða gerast sjálfstætt starfandi einstaklingar hér á landi.

Aðstandandi EES- og EFTA-borgara er:

- a. maki og sambúðarmaki ef aðilar eru í skráðri sambúð eða sambúð sem er staðfest með öðrum hætti,
- b. niðji viðkomandi, maka hans eða sambúðarmaka í beinan legg sem er yngri en 21 árs eða á framfæri borgarans,
- c. ættingi viðkomandi, maka eða sambúðarmaka hans í beinan legg sem er á framfæri borgarans.

83. gr.

Réttur til dvalar í allt að þrjá mánuði.

EES- eða EFTA-borgara sem framvísar gildu vegabréfi eða kennivottorði er heimilt að koma til landsins án sérstaks leyfis og dveljast hér á landi í allt að þrjá mánuði frá komu hans til landsins svo lengi sem vera hans verður ekki ósanngjörn byrði á kerfi félagslegrar aðstoðar.

EES- eða EFTA-borgara sem fellur undir skilgreiningu 1. mgr. og er í atvinnuleit er heimilt að dveljast hér á landi í allt að sex mánuði frá komu til landsins. Sama gildir um aðstandendur borgarans.

Dvöl í öðru norrænu ríki skal ekki draga frá dvalartímanum.

Ákvæði 1. mgr. gildir einnig um aðstandanda EES- eða EFTA-borgara sem er ekki EES- eða EFTA-borgari, að því tilskildu að aðstandandinn fylgi eða komi til EES- eða EFTA-borgarans og hafi gilt vegabréf.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð frekari fyriræmi samkvæmt þessu ákvæði, m.a. um útreikning á lengd dvalar. Ráðherra sem fer með félagsmál er heimilt að setja frekari fyriræmi í reglugerð um skilgreiningu hugtaksins ósanngjörn byrði á kerfi félagslegrar aðstoðar að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

84. gr.

Réttur til dvalar lengur en í þrjá mánuði fyrir EES- eða EFTA-borgara.

EES- eða EFTA-borgari hefur rétt til dvalar hér á landi lengur en þrjá mánuði ef hann fullnægir einhverju af eftirtöldum skilyrðum:

- a. er launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur hér á landi,
- b. ætlar að veita eða njóta þjónustu hér á landi og uppfyllir jafnframt skilyrði c-liðar, eftir því sem við á,
- c. hefur nægilegt fé fyrir sig og aðstandendur sína til að verða ekki byrði á kerfi félagslegrar aðstoðar á meðan á dvöl stendur og fellur undir sjúkratryggingu sem ábyrgist alla áhættu meðan dvöl hans hér á landi varir,
- d. er innritaður í viðurkennda námsstofnun með það að meginmarkmiði að öðlast þar menntun eða starfsþjálfun, fellur undir sjúkratryggingu sem ábyrgist alla áhættu meðan dvöl hans hér á landi varir og getur sýnt fram á tryggja framfærslu.

Krefja má EES- eða EFTA-borgara um að framvísa fullnægjandi ferðaskilríkjum og gögnum sem staðfesta að hann uppfylli skilyrði a-, b- eða c-liðar 1. mgr., sbr. þó 4. mgr. 81. gr. Þá má krefja borgarann um að framvísa fullnægjandi ferðaskilríkjum og sýna fram á með yfirlýsingu eða jafngildum aðferðum að hann uppfylli skilyrði d-liðar 1. mgr., sbr. þó 4. mgr. 81. gr.

EES- eða EFTA-borgari sem dvelst á landinu, sbr. a-lið 1. mgr., en hættir að vera launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur heldur stöðu sinni sem slíkur við eftirfarandi aðstæður:

- a. á meðan hann er tímabundið óvinnufær vegna veikinda eða slyss,
- b. hann staðfestir að hann sé atvinnulaus án eigin atbeina eftir að hafa unnið við launað starf í meira en eitt ár og er jafnframt í virkri atvinnuleit á grundvelli laga um atvinnuleysisstryggingar,
- c. hann staðfestir að hann sé atvinnulaus án eigin atbeina eftir að lokið er ráðningarsamningi sem er til skemmri tíma en eins árs eða hann hefur án eigin atbeina misst atvinnu á því tímabili og er jafnframt í virkri atvinnuleit á grundvelli laga um atvinnuleysisstryggingar; í því tilviki skal hann halda stöðu sinni sem launþegi í a.m.k. sex mánuði,
- d. hefji hann starfsnám; sé ekki um að ræða atvinnuleysi fyrir eigin atbeina skal hann einungis halda stöðu sinni sem launþegi ef starfsnámið tengist fyrra starfi hans.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði samkvæmt þessari grein, m.a. um gögn skv. 2. mgr., um skilgreiningu á nægilegu fé, sbr. c-lið 1. mgr., um viðurkenndar námsstofnanir skv. d-lið 1. mgr. og um rétt EES- eða EFTA-borgara sem fellur undir a-lið 1. mgr. til áframhaldandi dvalar að loknu starfi, svo og aðstandenda hans.

85. gr.

Réttur til dvalar lengur en í þrjá mánuði fyrir aðstandendur sem eru EES- eða EFTA-borgarar.

EES- eða EFTA-borgara sem fylgir eða kemur til EES- eða EFTA-borgara sem hefur dvalarrétt skv. a-, b- eða c-lið 1. mgr. 84. gr. er heimilt að dveljast á landinu á meðan réttur borgarans til dvalar varir. Þetta ákvæði hefur ekki áhrif á sjálfstæðan rétt borgarans til dvalar skv. 84. gr.

EES- eða EFTA-borgari sem er maki, sambúðarmaki, barn eða ungmenni yngra en 21 árs og fylgir eða kemur til EES- eða EFTA-borgara sem á rétt til dvalar skv. d-lið 1. mgr. 84. gr. má dveljast á landinu á meðan réttur borgarans til dvalar varir.

Ef EES- eða EFTA-borgari fer af landi brott eða fellur frá njóta aðstandendur hans sem eru EES- eða EFTA-borgarar réttar til dvalar svo lengi sem þeir uppfylla skilyrði 1. mgr. 84. gr. Barn EES- eða EFTA-borgara og það foreldri sem fer með forsjá þess mega dveljast á landinu svo lengi sem barnið er innritað í nám í viðurkenndri námsstofnun.

Þrátt fyrir lögskilnað, ógildingu hjúskapar eða slit á sambúð heldur aðstandandi EES- eða EFTA-borgara dvalarrétti sínum svo lengi sem hann uppfyllir skilyrði 1. mgr. 84. gr.

86. gr.

Réttur til dvalar lengur en í þrjá mánuði fyrir aðstandendur EES- eða EFTA-borgara og aðra útlendinga sem eru ekki EES- eða EFTA-borgarar.

Ákvæði 1. og 2. mgr. 85. gr. gilda, eftir því sem við á, um útlendinga sem eru ekki EES- eða EFTA-borgarar en eru aðstandendur EES- eða EFTA-borgara sem hafa dvalarrétt skv. a-, b- eða c-lið 1. mgr. 84. gr. Sama gildir um maka, sambúðarmaka eða barn eða ungmenni yngra en 21 árs sem fylgir eða kemur til EES- eða EFTA-borgara sem hefur dvalarrétt skv. d-lið 1. mgr. 84. gr.

Við andlát EES- eða EFTA-borgara heldur aðstandandi sem er ekki EES- eða EFTA-borgari dvalarrétti sínum hafi viðkomandi dvalist á landinu sem aðstandandi EES- eða EFTA-borgara í minnst eitt ár fyrir andlát borgarans svo lengi sem viðkomandi uppfyllir skilyrði a-, b- eða c-liðar 1. mgr. 84. gr. eða dvelst á landinu sem aðstandandi einstaklings sem uppfyllir þau skilyrði. Barn EES- eða EFTA-borgara og það foreldri sem fer með forsjá þess mega dveljast á landinu ef borgarinn fer af landi brott eða fellur frá, óháð skilyrðum greinarinnar að öðru leyti, svo lengi sem barnið býr hér á landi og er innritað í viðurkennda námsstofnun.

Þrátt fyrir lögskilnað, ógildingu eða slit á sambúð heldur maki eða sambúðarmaki EES- eða EFTA-borgara sem er ekki EES- eða EFTA-borgari dvalarrétti sínum svo lengi sem hann uppfyllir skilyrði a-, b- eða c-liðar 1. mgr. 84. gr. að því tilskildu að:

- a. hjúskapur eða sambúð hafi varað í minnst þrjú ár, þar af eitt ár hér á landi, þegar skilnaður eða ógilding á sér stað eða sambúð er slitið,
- b. forsjá barns EES- eða EFTA-borgarans hafi með samningi eða dómi verið fengin viðkomandi maka eða sambúðarmaka,
- c. viðkomandi maki, sambúðarmaki eða barn/börn hafi orðið fyrir ofbeldi eða annarri alvarlegri misnotkun í hjúskapnum eða sambúðinni,
- d. viðkomandi maki eða sambúðarmaki hafi með samkomulagi eða dómi fengið umgengnisrétt við barn hér á landi.

87. gr.

Réttur EES- eða EFTA-borgara til ótímabundinnar dvalar.

EES- eða EFTA-borgari sem skv. 84. eða 85. gr. hefur dvalist löglega á landinu samfelld í minnst fimm ár hefur rétt til ótímabundinnar dvalar hér á landi. Réttur til ótímabundinnar dvalar er óháður skilyrðum 84. og 85. gr. Réttur til ótímabundinnar dvalar fellur niður dveljist viðkomandi utan landsins lengur en tvö ár samfelld.

Dvöl erlendis í skemmri tíma en samtals sex mánuði á ári, dvöl erlendis vegna herþjónustu eða dvöl í eitt skipti að hámarki í eitt ár af ríkum ástæðum, svo sem vegna meðgöngu, fæðingar, alvarlegra veikinda, náms eða starfsnáms eða starfa sem viðkomandi er sendur til í öðru landi, telst ekki rof á samfelldri dvöl skv. 1. mgr.

EES- eða EFTA-borgari sem dvalist hefur hér á landi skv. a-lið 1. mgr. 84. gr. öðlast rétt til ótímabundinnar dvalar þrátt fyrir að hafa ekki haft samfellda búsetu í fimm ár ef hann:

- a. hefur við starfslok náð lögbundnum ellilífeyrisaldri hér á landi eða hættir í launuðu starfi til að fara snemma á eftirlaun, að því tilskildu að hann hafi dvalist á landinu samfelld lengur en í þrjú ár og starfað hér á landi í minnst tólf mánuði samfelld þegar hann hættir störfum,
- b. hefur dvalist hér á landi í meira en tvö ár samfelld en hefur orðið að hætta störfum sökum varanlegrar örorku eða
- c. hefur starfað í öðru EES- eða EFTA-ríki eftir að hafa starfað og dvalist hér á landi samfelld í þrjú ár og telst hafa dvalist hér áfram, enda hafi hann snúið aftur til heimilis síns hér á landi a.m.k. einu sinni í viku.

Ef örorka skv. b-lið 3. mgr. er tilkomin vegna vinnuslyss eða atvinnusjúkdóms sem veitir rétt til bóta úr almannatryggingum, að hluta eða að öllu leyti, falla kröfur um lengd dvalar niður.

EES- eða EFTA-borgari, sem er aðstandandi einstaklings sem nýtur réttar til ótímabundinnar dvalar skv. 3. mgr. og býr hjá honum, öðlast rétt til ótímabundinnar dvalar frá þeim tíma þegar réttur til ótímabundinnar dvalar einstaklings sem EES- eða EFTA-borgarinn leiðir rétt sinn af hefst skv. 3. mgr.

EES- eða EFTA-borgari, sem er aðstandandi einstaklings sem nýtur réttar til dvalar skv. a-lið 1. mgr. 84. gr. og býr hjá honum, öðlast rétt til ótímabundinnar dvalar við andlát þess fyrrnefnda jafnvel þótt hinn látni hafi ekki öðlast rétt til ótímabundinnar dvalar skv. 1. eða 3. mgr. ef:

- a. hinn látni hafði dvalist á landinu í minnst tvö ár samfelld fyrir andlátið,
- b. hinn látni lést í vinnuslysi eða úr vinnutengdum sjúkdómi.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari fyrir mæli samkvæmt þessu ákvæði, m.a. um skilgreiningu á samfelldri dvöl.

88. gr.

Réttur aðstandenda sem eru ekki EES- eða EFTA-borgarar til ótímabundinnar dvalar.

Aðstandandi EES- eða EFTA-borgara sem er ekki EES- eða EFTA-borgari en hefur búið með EES- eða EFTA-borgara, sbr. 1. mgr. 86. gr., og hefur dvalist löglega á landinu samfelld í fimm ár öðlast rétt til ótímabundinnar dvalar hér á landi. Sama á við um aðstandanda sem er ekki EES- eða EFTA-borgari og hefur dvalist löglega á landinu í minnst fimm ár, sbr. 1. másl. 2. mgr. eða 3. mgr. 86. gr. Réttur til ótímabundinnar dvalar er óháður skilyrðum 84. gr. Réttur til ótímabundinnar dvalar fellur niður dveljist viðkomandi utan landsins lengur en í tvö ár samfelld.

Dvöl erlendis í skemmri tíma en samtals sex mánuði á ári, dvöl erlendis vegna herþjónustu eða dvöl í eitt skipti að hámarki í eitt ár af ríkum ástæðum, svo sem vegna meðgöngu, fæðingar, alvarlegra veikinda, náms eða starfsnáms eða starfa sem viðkomandi er sendur til í öðru landi, telst ekki rof á samfelldri dvöl skv. 1. mgr.

Réttur til ótímabundinnar dvalar skv. 5. og 6. mgr. 87. gr. gildir einnig um aðstandendur sem eru ekki EES- eða EFTA-borgarar.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari fyrirmæli samkvæmt þessu ákvæði, þar á meðal um skilgreiningu á samfelldri dvöl.

89. gr.

Skráningarvottorð.

EES- eða EFTA-borgara og aðstandanda hans sem dvelst hér á landi skv. 84. eða 85. gr. lengur en í þrjá mánuði ber að skrá sig. Frestur til skráningar er þrjú mánuðir frá komu til landsins. Skráningarvottorð skal gefið út eins fljótt og unnt er eftir að viðkomandi leggur fram gögn skv. 2. og 3. mgr.

Við skráningu EES- eða EFTA-borgara skv. 84. gr. er stjórnvöldum heimilt að óska eftir að hann leggi fram, auk gilds kennivottorðs eða vegabréfs:

- a. staðfestingu á ráðningu frá vinnuveitanda eða sönnun þess að hann sé sjálfstætt starfandi eða bjóði upp á þjónustu, sbr. a- eða b-lið 1. mgr. 84. gr.,
- b. staðfestingu á sjúkratryggingu og gögn um að hann hafi nægilegt fjármagn til að framfleyta sjálfum sér og aðstandendum sínum, sbr. c-lið 1. mgr. 84. gr.,
- c. staðfestingu á innritun viðkomandi í nám í viðurkenndri menntastofnun, staðfestingu á sjúkratryggingu og gögn um að hann hafi nægilegt fjármagn til að framfleyta sjálfum sér og aðstandendum sínum, sbr. d-lið 1. mgr. 84. gr.

Við skráningu EES- eða EFTA-borgara sem dvelst á landinu sem aðstandandi skv. 85. gr. er stjórnvöldum heimilt að óska eftir að hann leggi fram, auk gilds kennivottorðs eða vegabréfs:

- a. gögn til staðfestingar á þeim fjölskyldutengslum sem eru grundvöllur dvalarréttar,
- b. skráningarvottorð EES- eða EFTA-borgarans sem útlendingurinn fylgir til landsins eða kemur til,
- c. staðfestingu á framfærslu þegar réttur viðkomandi sem aðstandanda er háður framfærslu EES- eða EFTA-borgarans, sbr. b- og c-lið 2. mgr. 82. gr.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð frekari fyrirmæli samkvæmt þessu ákvæði, m.a. um framkvæmd skráningar og útgáfu skráningarvottorðs, um gjald sem heimilt er að taka fyrir útgáfu þess og um skyldu EES- eða EFTA-borgara í atvinnuleit til þess að skrá sig fái hann atvinnu eftir að frestur skv. 1. mgr. rennur út.

90. gr.

Dvalarskírteini fyrir útlendinga sem eru ekki EES- eða EFTA-borgarar og hafa rétt til dvalar skv. 86. gr.

Útlendingur sem dvelst hér á landi skv. 86. gr. í meira en þrjá mánuði skal fá útgefið dvalarskírteini. Umsóknarfrestur er þrjú mánuðir frá komu til landsins. Staðfesting á umsókn er gefin út um leið og viðkomandi leggur fram gögn skv. 2. mgr.

Með umsókn um dvalarskírteini fyrir aðstandanda skulu lögð fram eftirtalin gögn:

- a. gilt vegabréf,
- b. gögn til staðfestingar á þeim fjölskyldutengslum sem eru grundvöllur dvalarréttar,

- c. skráningarvottorð EES- eða EFTA-borgarans sem útlendingurinn fylgir til landsins eða kemur til,
- d. staðfesting á framfærslu þegar réttur aðstandanda er háður framfærslu hins, sbr. b- og c-lið 2. mgr. 82. gr.

Umsókn um dvalarskírteini skal afgreidd innan sex mánaða frá því að hún er lögð fram. Gildistími dvalarskírteinis er fimm ár frá útgáfudegi eða jafnlangur dvalartíma EES- eða EFTA-borgarans ef hann er styttri en fimm ár. Skírteinið fellur úr gildi ef viðkomandi dvelst utan landsins lengur en í sex mánuði á ári nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi.

Útlendingastofnun tekur ákvörðun um útgáfu skírteinis samkvæmt ákvæði þessu, að fenginni umsókn.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari fyrirsmæli samkvæmt þessu ákvæði, m.a. um framkvæmd skráningar og útgáfu dvalarskírteinis, um gjald sem heimilt er að taka fyrir útgáfu þess, um nauðsynleg gögn, sbr. 2. mgr., um gildistíma dvalarskírteinis og um nánari skilyrði þess að tímabundin dvöl erlendis hafi ekki áhrif á samfellda dvöl, sbr. 3. mgr.

91. gr.

Vottorð og skírteini um rétt til ótímabundinnar dvalar skv. 87. og 88. gr.

EES- eða EFTA-borgari sem hefur rétt til ótímabundinnar dvalar hér á landi skv. 87. gr. fær eftir umsókn vottorð um rétt til ótímabundinnar dvalar svo fljótt sem verða má.

Útlendingur sem hefur rétt til fastrar búsetu á landinu skv. 88. gr. fær skírteini til staðfestingar á rétti til ótímabundinnar dvalar á grundvelli umsóknar. Umsókn um slíkt skírteini skal afgreidd fyrir lok gildistíma dvalarskírteinis skv. 90. gr.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari fyrirsmæli samkvæmt þessu ákvæði, þar á meðal um framkvæmd skráningar og útgáfu vottorðs og skírteinis um rétt til ótímabundinnar dvalar og um gjald sem heimilt er að taka fyrir útgáfu þeirra.

92. gr.

Brottfall dvalarréttar EES- eða EFTA-borgara eða aðstandanda hans.

Réttur til dvalar samkvæmt ákvæðum þessa kafla fellur niður ef útlendingur hefur vísvitandi veitt rangar upplýsingar eða haldið leyndum upplýsingum sem skipta verulegu máli, ef um málamyndagering að hætti 8. mgr. 70. gr. er að ræða eða dvöl er í öðrum tilgangi en þeim sem samræmist 84., 85. eða 86. gr. Sama á við ef um aðra misnotkun er að ræða.

Heimilt er að synja um útgáfu dvalarskírteinis ef rökstuddur grunur er um að til hjúskapar eða sambúðar hafi verið stofnað í þeim tilgangi einum að afla dvalarleyfis og ekki er sýnt fram á annað svo að óyggjandi sé eða ef rökstuddur grunur er um að ekki hafi verið stofnað til hjúskapar með vilja beggja hjóna eða ef stofnun hjúskapar brýtur í bága við allsherjarreglu og meginreglu íslenskra laga.

Réttur til dvalar hér á landi skv. a- eða b-lið 1. mgr. 84. gr. fellur ekki niður vegna tímabundinna veikinda eða slyss eða ef um er að ræða þvingað atvinnuleysi EES- eða EFTA-borgara eftir að hann hefur starfað hér á landi lengur en eitt ár.

Útlendingastofnun tekur ákvörðun um hvort réttur til dvalar samkvæmt ákvæðum þessa kafla fellur niður.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari fyrirsmæli samkvæmt þessu ákvæði, m.a. um takmarkanir á brottfalli dvalarréttar.

93. gr.

Afturköllun dvalarskírteina eða vottorða og skírteina um rétt til ótímabundinnar dvalar.

Á grundvelli 92. gr. er heimilt að afturkalla skráningarvottorð, dvalarskírteini og vottorð og skírteini um rétt til ótímabundinnar dvalar.

Skráningarvottorð og dvalarskírteini er einnig heimilt að afturkalla ef skráning er ógild af öðrum ástæðum.

Vottorð og skírteini skv. 1. mgr. skulu afturkölluð þegar réttur til dvalar fellur niður skv. 3. másl. 1. mgr. 87. gr. eða 4. másl. 1. mgr. 88. gr.

Dvalarskírteini útlendings sem er ekki EES- eða EFTA-borgari skal afturkalla ef útlendingurinn fær dvalarleyfi samkvæmt öðrum kafla laga þessara.

Útlendingastofnun tekur ákvörðun um afturköllun samkvæmt ákvæði þessu.

94. gr.

Frávísun EES- eða EFTA-borgara eða aðstandanda hans.

Heimilt er að vísa EES- eða EFTA-borgara og aðstandanda hans frá landi við komu til landsins eða allt að sjö sólarhringum eftir komu ef:

- a. viðkomandi fullnægir ekki reglum sem settar eru um ferðaskilríki eða komu til landsins, sbr. þó 6. mgr. 81. gr.,
- b. viðkomandi hefur verið vísað úr landi og endurkomubann er enn í gildi og honum hefur ekki verið veitt heimild til að koma til landsins,
- c. um er að ræða háttsemi sem greinir í 1. mgr. 95. gr.,
- d. það er nauðsynlegt vegna allsherjarreglu, almannaöryggis eða almannaheilbrigðis.

Lögreglustjóri tekur ákvörðun um frávísun skv. a- og b-lið 1. mgr. en Útlendingastofnun skv. c- og d-lið 1. mgr. Nægilegt er að meðferð máls hefjist innan sjö sólarhringa frestsins. Heimilt er að synja til bráðabirgða útlendingi inngöngu í landið innan þess frests. Sú ákvörðun sætir ekki kæru.

Ef meðferð máls skv. 1. mgr. hefur ekki hafist innan sjö sólarhringa er heimilt að vísa EES- eða EFTA-borgara frá landi með ákvörðun Útlendingastofnunar samkvæmt ákvæðum b-, c- og d-liðar 1. mgr. innan þriggja mánaða frá komu til landsins.

95. gr.

Brottvísun EES- eða EFTA-borgara eða aðstandanda hans.

Heimilt er að vísa EES- eða EFTA-borgara eða aðstandanda hans úr landi ef það er nauðsynlegt með skírskotun til allsherjarreglu, almannaöryggis eða almannaheilbrigðis.

Brottvísun skv. 1. mgr. er heimilt að ákveða ef framferði viðkomandi felur í sér raunverulega, yfirvofandi og nægilega alvarlega ógn gagnvart grundvallarhagsmunum samfélagsins. Ákvörðun um brottvísun skal ekki eingöngu byggjast á almennum forvarnaforsendum. Ef viðkomandi hefur verið dæmdur til refsingar eða sérstakar ráðstafanir ákvarðaðar er brottvísun af þessari ástæðu því aðeins heimil að um sé að ræða háttsemi sem getur gefið til kynna að viðkomandi muni fremja refsivert brot á ný. Fyrri refsilagabrot nægja ekki ein og sér til þess að brottvísun sé beitt.

Einnig er heimilt að vísa EES- eða EFTA-borgara eða aðstandanda hans úr landi ef hann uppfyllir ekki skilyrði um dvöl skv. 83., 84., 85. eða 86. gr.

Einstaklingi sem hefur rétt til dvalar skv. 83. gr. er heimilt að vísa brott ef það er talið nauðsynlegt til verndar almannaheilbrigði og stjórnvöld hafa gert öryggisráðstafanir varðandi heilbrigði eigin borgara.

Útlendingastofnun tekur ákvörðun um brottvísun samkvæmt ákvæði þessu.

96. gr.

Endurkomubann EES- eða EFTA-borgara eða aðstandanda hans.

Brottvísun skv. 1. og 4. mgr. 95. gr. felur í sér bann við komu inn í landið síðar. Endurkomubann getur verið varanlegt eða tímabundið en þó ekki styttra en tvö ár. Við mat á því skal sérstaklega litið til atriða sem talin eru upp í 1. og 2. mgr. 95. gr.

Samkvæmt umsókn er heimilt að fella endurkomubann úr gildi ef nýjar aðstæður mæla með því og rökstutt er að orðið hafi verulegar breytingar á þeim aðstæðum sem réttlættu ákvörðun um endurkomubann. Taka skal ákvörðun um hvort fella eigi endurkomubann úr gildi innan sex mánaða frá því að umsókn er lögð fram. Sá sem sætir endurkomubanni hefur ekki rétt til að koma til landsins á meðan fjallað er um umsókn hans.

Við sérstakar aðstæður getur sá sem vísað hefur verið brott, eftir umsókn, fengið heimild til stuttrar heimsóknar til landsins án þess að endurkomubannið verði fellt úr gildi en þó að jafnaði ekki fyrr en að ári liðnu frá brottvísun.

Útlendingastofnun tekur ákvörðun um heimild EES- eða EFTA-borgara eða aðstandanda hans sem vísað hefur verið úr landi til endurkomu.

97. gr.

Takmarkanir á heimild til brottvísunar skv. 95. gr.

Brottvísun skal þrátt fyrir ákvæði 95. gr. ekki ákveða ef viðkomandi:

- a. hefur rétt til ótímabundinnar dvalar skv. 87. eða 88. gr. nema alvarlegar ástæður liggi til þess á grundvelli allsherjarreglu eða almannaöryggis,
- b. er EES- eða EFTA-borgari eða aðstandandi hans og hefur haft fasta búsetu hér á landi í tíu ár nema ákvörðun um brottvísun sé tekin á grundvelli brýnna ástæðna er varða almannaöryggi,
- c. er EES- eða EFTA-borgari eða aðstandandi hans undir lögaldri nema ákvörðun um brottvísun sé tekin á grundvelli brýnna ástæðna er varða almannaöryggi; þetta gildir þó ekki um barn ef brottvísun þess er nauðsynleg til að gæta hagsmuna þess eins og kveðið er á um í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.

Brottvísun skal ekki ákveða ef það með hliðsjón af málsatvikum og tengslum EES- eða EFTA-borgara eða aðstandanda hans við landið mundi fela í sér ósanngjarna ráðstöfun gagnvart viðkomandi eða nánustu aðstandendum hans. Við matið skal m.a. tekið mið af lengd dvalar á landinu, aldri, heilsufari, félagslegri og menningarlegri aðlögun, fjölskyldu- og fjárhagsaðstæðum og tengslum viðkomandi við heimaland sitt.

Brottvísun skal ekki vera sjálfkrafa afleiðing þess að EES- eða EFTA-borgari eða aðstandandi hans hafi leitað sér félagslegrar aðstoðar. Þá skal brottvísun aldrei ákveðin af þeirri ástæðu einni að kennivottorð eða vegabréf sé fallið úr gildi.

Með fyrirvara um ákvæði 95. gr. er ekki heimilt að vísa brott EES- eða EFTA-borgara eða aðstandanda hans ef viðkomandi:

- a. uppfyllir skilyrði a-liðar 1. mgr. 84. gr.,
- b. er í atvinnuleit, svo lengi sem viðkomandi getur lagt fram sönnun þess að hann sé í virkri atvinnuleit og hafi raunverulega möguleika á því að fá atvinnu.

XII. KAFLI
Frávísun og brottvísun.

98. gr.

Brottvísun útlendinga án dvalarleyfis.

Heimilt er að vísa útlendingi úr landi sem er án dvalarleyfis ef:

- a. hann dvelst ólöglega í landinu,
- b. hann hefur brotið alvarlega eða margsinnis gegn einu eða fleiri ákvæðum laga þessara, hefur af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi gefið efnislega rangar eða augljóslega villandi upplýsingar í máli samkvæmt lögum þessum eða kemur sér hjá að hlíta ákvörðun sem felur í sér að hann skuli yfirgefa landið,
- c. hann hefur á síðustu fimm árum afplánað refsingu erlendis eða verið dæmdur þar til refsingar fyrir háttsemi sem að íslenskum lögum getur varðað fangelsi lengur en þrjú mánuði; samsvarandi gildir um sérstakar ráðstafanir sem ákvarðaðar eru vegna slíkrar refsiverðrar háttsemi,
- d. hann hefur verið dæmdur hér á landi til refsingar eða til að sæta öryggisráðstöfunum fyrir háttsemi sem getur varðað fangelsi lengur en þrjú mánuði eða oftar en einu sinni verið dæmdur til fangelsisrefsingar á síðustu þremur árum,
- e. stjórnvald í Schengen-ríki hefur tekið endanlega ákvörðun um frávísun hans eða brottvísun fyrir brot gegn ákvæðum laga um komu og dvöl útlendinga,
- f. það er nauðsynlegt vegna öryggis ríkisins eða almannahagsmuna.

Svo framarlega sem 102. gr. á ekki við skal vísa útlendingi úr landi sem er án dvalarleyfis ef:

- a. hann hefur ekki yfirgefið landið innan veitts frests, sbr. 2. mgr. 104. gr.,
- b. honum er ekki veittur frestur til að yfirgefa landið af sjálfsdáðum í samræmi við 2. mgr. 104. gr.:
 1. vegna þess að hætta er á að hann muni koma sér undan framkvæmd ákvörðunar,
 2. vegna þess að umsókn hans um dvalarleyfi eða alþjóðlega vernd hefur verið hafnað þar sem hún þykir bersýnilega tilhæfulaus eða vegna þess að veittar voru rangar eða villandi upplýsingar,
 3. vegna þess að hann er talinn ógna allsherjarreglu, öryggi ríkisins eða almannahagsmunum, sbr. c-lið 2. mgr. 104. gr.

99. gr.

Brottvísun útlendinga sem hefur dvalarleyfi.

Heimilt er að vísa útlendingi úr landi sem hefur dvalarleyfi ef:

- a. hann hefur brotið alvarlega eða margsinnis gegn einu eða fleiri ákvæðum laga þessara eða af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi gefið efnislega rangar eða augljóslega villandi upplýsingar í máli samkvæmt lögum þessum,
- b. hann hefur á síðustu fimm árum afplánað refsingu í útlöndum eða verið dæmdur þar til refsingar fyrir háttsemi sem að íslenskum lögum getur varðað fangelsi lengur en eitt ár; samsvarandi gildir um sérstakar ráðstafanir sem ákvarðaðar eru vegna slíkrar refsiverðrar háttsemi,
- c. hann hefur verið dæmdur hér á landi til refsingar eða til að sæta öryggisráðstöfunum fyrir háttsemi sem getur varðað fangelsi lengur en eitt ár eða oftar en einu sinni verið dæmdur til fangelsisrefsingar á síðustu þremur árum,
- d. það er nauðsynlegt vegna öryggis ríkisins eða almannahagsmuna.

Hafi brotið verið framið áður en útlendingi var veitt dvalarleyfi gilda ákvæði 98. gr.

100. gr.

Brottvísun útlendinga sem hefur ótímabundið dvalarleyfi.

Heimilt er að vísa útlendingi úr landi sem hefur ótímabundið dvalarleyfi ef:

- a. hann hefur afplánað refsingu eða verið dæmdur til refsingar fyrir háttsemi sem að íslenskum lögum getur varðað þriggja ára fangelsi eða meira og átti sér stað á síðustu fimm árum erlendis eða á síðasta ári hér á landi; samsvarandi gildir um sérstakar ráðstafanir sem ákvarðaðar eru vegna slíkrar refsiverðrar háttsemi,
- b. það er nauðsynlegt vegna öryggis ríkisins eða almannahagsmuna.

Hafi brotið verið framið áður en útlendingi var veitt ótímabundið dvalarleyfi gilda ákvæði 99. gr.

101. gr.

Áhrif brottvísunar og endurkomubanna.

Við endanlega ákvörðun um brottvísun fellur útgefið dvalarleyfi, atvinnuleyfi og ótímabundið dvalarleyfi útlendinga úr gildi.

Brottvísun felur í sér bann við komu til landsins síðar. Endurkomubannið getur verið varanlegt eða tímabundið en skal að jafnaði ekki gilda skemur en tvö ár.

Samkvæmt umsókn má fella úr gildi endurkomubann hafi aðstæður breyst frá því að ákvörðun um brottvísun var tekin. Þegar sérstaklega stendur á, að jafnaði þó ekki fyrir en að tveimur árum liðnum, má samkvæmt umsókn heimila þeim sem vísað hefur verið brott að heimsækja landið án þess þó að endurkomubann falli úr gildi.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um endurkomubann, þar á meðal um lengd þess.

102. gr.

Vernd gegn frávísun og brottvísun. Takmarkanir við ákvörðun um brottvísun.

Útlendingi sem fæddur er hér á landi er óheimilt að vísa frá eða úr landi hafi hann frá fæðingu átt hér óslitið fasta búsetu samkvæmt þjóðskrá.

Norrænum ríkisborgara sem búsettur hefur verið hér á landi lengur en þrjú mánuði má því aðeins vísa frá eða úr landi að refsiverð háttsemi hans geti varðað eins árs fangelsi eða meira.

Brottvísun skal ekki ákveða ef hún, með hliðsjón af málsatvikum, alvarleika brots og tengslum útlendinga við landið, felur í sér ósanngjarna ráðstöfun gagnvart útlendingi eða nánustu aðstandendum hans. Sérstaklega skal taka tillit til þess ef um barn eða nánasta aðstandanda barns er að ræða og skal það sem barni er fyrir bestu haft að leiðarljósi við ákvörðun.

Ákvæði 3. mgr. á ekki við þegar brottvísun er nauðsynleg vegna öryggis ríkisins eða almannahagsmuna, sbr. f-lið 1. mgr. 98. gr., d-lið 1. mgr. 99. gr. og b-lið 1. mgr. 100. gr.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um mat á aðstæðum skv. 3. mgr.

103. gr.

Hvenær ákvörðun getur komið til framkvæmda.

Ákvörðun um frávísun skv. 106. gr. má framkvæma þegar í stað. Synjun á umsókn um endurnýjun dvalarleyfis eða um ótímabundið dvalarleyfi sem sótt er um innan frests skv. 2. mgr. 57. gr. má ekki framkvæma fyrir en ákvörðunin er endanleg. Sama gildir um ákvörðun um afturköllun skv. 59. gr. og um ákvörðun um brottvísun útlendinga sem hefur dvalarleyfi eða ótímabundið dvalarleyfi, EES- eða EFTA-borgara sem hefur skráð sig hér á landi skv.

XI. kafla eða norræns ríkisborgara sem hefur dvalist hér á landi lengur en þrjá mánuði. Að öðru leyti gilda ákvæði 29. gr. stjórnsýslulaga um frestun réttaráhrifa.

Útlendingastofnun er heimilt að fresta um hæfilegan tíma framkvæmd ákvörðunar sem felur í sér að útlendingur skuli yfirgefa landið ef það telst nauðsynlegt vegna sérstakra aðstæðna hans eða ómögulegt er að framkvæma ákvörðun að svo stöddu.

Áður en ákvörðun er tekin, sem felur í sér að fylgdarlaust barn skuli yfirgefa landið, skal Útlendingastofnun ganga úr skugga um að barninu sé tryggð aðstoð barnaverndarnefndar svo að það sem barninu er fyrir bestu sé haft að leiðarljósi, sbr. 5. mgr. 37. gr. Áður en slík ákvörðun kemur til framkvæmda skal Barnaverndarstofa ganga úr skugga um að í ríkinu sem barninu er vísað til séu ættingjar, forsjáraðilar eða fullnægjandi móttökuaðstaða fyrir börn.

Ekki er heimilt að synja umsókn um dvalarleyfi sem sótt er um í fyrsta sinn eða umsókn um endurnýjun sem sótt er um að liðnum fresti skv. 2. mgr. 57. gr. fyrr en útlendingnum hefur verið gefinn kostur á að leggja fram kæru.

Um það hvenær framkvæma má ákvarðanir vegna umsókna um alþjóðlega vernd eða vernd gegn ofsóknum fer skv. 35. gr.

104. gr.

Framkvæmd ákvörðunar.

Við synjun umsóknar um dvalarleyfi eða endurnýjun á dvalarleyfi þar sem útlendingur er staddur hér á landi skal skýrt kveðið á um heimild hans til áframhaldandi dvalar hér á landi.

Í málum skv. 1. mgr. og í öðrum tilvikum þar sem útlendingur hefur ekki rétt til dvalar hér á landi eða ákvörðun felur í sér að útlendingur skuli yfirgefa landið skal lagt skriflega fyrir hann að hverfa á brott. Að jafnaði skal Útlendingastofnun veita útlendingi frest í 7–30 daga til að yfirgefa landið sjálfviljugur. Heimilt er að veita styttri frest eða fella hann niður ef:

- a. hætta er á að útlendingur muni koma sér undan framkvæmd ákvörðunar, sbr. a-lið 3. mgr. 105. gr.,
- b. umsókn útlendinga um dvalarleyfi eða alþjóðlega vernd telst bersýnilega tilhæfulaus eða hann hefur vísitandi gefið misvísandi eða rangar upplýsingar við umsókn,
- c. slíkt telst nauðsynlegt vegna öryggis ríkisins eða almannahagsmuna,
- d. útlendingur fellur undir 1. mgr. 36. gr. um að umsókn hans um alþjóðlega vernd verði ekki tekin til efnismeðferðar hér á landi,
- e. útlendingi er vísað úr landi á grundvelli b-, c- eða d-liðar 1. mgr. 98. gr., 99. gr. eða 100. gr.,
- f. útlendingi er vísað frá eða brott á ytri landamærum Schengen-svæðisins.

Þegar það telst nauðsynlegt vegna sanngirnissjónarmiða er Útlendingastofnun heimilt að veita lengri frest en tilgreindur er í 2. mgr. Við mat á því hvort veittur skuli lengri frestur skal hvert tilvik kannað sérstaklega með hliðsjón af aðstæðum útlendinga.

Meðan á fresti skv. 2. mgr. stendur eða þegar framkvæmd ákvörðunar hefur verið frestað skv. 2. mgr. 103. gr. skal tryggt að útlendingur fái eins og kostur er að dveljast með fjölskyldu sinni, sé hún í landinu, og fái nauðsynlega heilbrigðisþjónustu og að tekið sé tillit til sérþarfa hans sem kunna að vera fyrir hendi vegna viðkvæmrar stöðu hans. Börnum skal einnig tryggður aðgangur að skyldunámi.

Útlendingur skal tilkynna Útlendingastofnun um fyrirhugaða brottför sína og leggja fram sönnun þess að hann hafi yfirgefið landið. Ef útlendingurinn fer ekki úr landi svo sem fyrir hann er lagt, frestur skv. 2. mgr. er ekki veittur eða líkur eru á að hann muni ekki fara sjálfviljugur má lögregla færa hann úr landi. Ef sérstaklega stendur á má færa útlendinginn til annars lands en þess sem hann kom frá. Ef útlendingur hefur gilda heimild til dvalar í öðru

EES- eða EFTA-ríki skal hann fluttur þangað. Ákvarðanir sem varða framkvæmd verða ekki kærðar sérstaklega. Útlendingi sem fellur undir ákvæðið og ekki hefur gild ferðaskilríki er skylt að afla sér þeirra.

Málshöfðun fyrir dómstólum til ógildingar á endanlegri ákvörðun á stjórnarsýslustigi um að útlendingur skuli yfirgefa landið frestar ekki framkvæmd hennar. Að kröfu útlendinga getur kærunefnd útlendingamála þó ákveðið að fresta réttaráhrifum endanlegrar ákvörðunar sé talin ástæða til þess. Krafa þess efnis skal gerð ekki síðar en sjö dögum eftir birtingu endanlegrar ákvörðunar. Frestun á réttaráhrifum skal bundin því skilyrði að útlendingur beri málið undir dómstóla innan fimm daga frá birtingu ákvörðunar um frestun réttaráhrifa úrskurðar og óski eftir að málið hljóti flýtimeðferð. Nú er beiðni um flýtimeðferð synjað og skal þá mál höfðað innan sjö daga frá þeirri synjun. Þó getur kærunefnd útlendingamála tekið ákvörðun um að fresta framkvæmd ef sýnt er fram á að verulega breyttar aðstæður hafi skapast frá því að endanleg ákvörðun var tekin.

Lögregla og Útlendingastofnun annast framkvæmd ákvarðana um frávisun og brottvísun. Útlendingastofnun er heimilt að fela viðurkenndum alþjóðastofnunum að annast aðstoð og fylgd umsækjenda um alþjóðlega vernd til heimarikis óski umsækjandi þess sjálfur. Í þeim tilvikum er heimilt að veita umsækjanda fjárhagsaðstoð sem tekur mið af upprunaríki hans, fjölskyldustærð, á hvaða stigi málsmeðferðar ósk um aðstoð við heimför er borin fram og því hvort hann teljist í sérstaklega viðkvæmri stöðu, sbr. 1. mgr. 25. gr. Þurfi umsækjandi ekki á aðstoð alþjóðastofnunar að halda til að snúa heim af sjálfsdáðum er heimilt að veita umsækjanda ferðastyrk. Skilyrði þess að fá fjárhagsaðstoð eða ferðastyrk er að umsækjandi óski sjálfur eftir aðstoð, hafi ekki fengið ákvörðun um brottvísun og veiti atbeina sinn til þess að afla nauðsynlegra upplýsinga og gagna.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um eftirlit með framkvæmd frávisana og brottvísana skv. 7. mgr. og eftirlit með þeim sem og nánari reglur um heimför af sjálfsdáðum og fjárhæðir ferðastyrkja og fjárhagsaðstoðar.

105. gr.

Þvingunarúrræði til að tryggja framkvæmd ákvörðunar.

Til að tryggja að ákvörðun skv. 104. gr. verði framkvæmd og í þeim tilvikum þegar ætla má að útlendingur komi sér undan framkvæmd hennar eða útlendingur sýnir af sér hegðun sem gefur til kynna að af honum stafi hætta getur lögregla lagt fyrir útlendinginn að:

- a. tilkynna sig,
- b. afhenda vegabréf eða annað kennivottorð, sbr. 19. gr., og
- c. halda sig á ákveðnu afmörkuðu svæði.

Fyrirmæli sem greinir í 1. mgr. má því aðeins gefa að ástæða sé til að ætla að útlendingur muni koma sér undan framkvæmd ákvörðunar, sbr. 104. gr., eða í þeim tilvikum sem útlendingur sýnir af sér hegðun sem gefur til kynna að af honum stafi hætta fyrir samfélagið. Fyrirmælin gilda ekki lengur en í fjórar vikur nema útlendingurinn samþykki það eða dómari ákveði annað samkvæmt reglum um meðferð sakamála.

Við mat á því hvort ástæða sé til að ætla að útlendingur muni koma sér undan framkvæmd ákvörðunar, sbr. 104. gr., er heimilt að taka tillit til almennrar reynslu af undankomu. Að öðru leyti ber að taka mið af aðstæðum í sérhverju tilviki. Framkvæma skal heildarmat á aðstæðum í máli útlendinga þar sem m.a. er litið til þess hvort:

- a. útlendingur hefur áður komið sér undan framkvæmd ákvörðunar sem fól í sér að hann skyldi yfirgefa landið, t.d. með því að virða ekki veittan frest skv. 2. mgr. 104. gr.,
- b. útlendingur hefur látið uppi andstöðu sína við að yfirgefa landið sjálfviljugur,

- c. útlendingi hefur verið vísað úr landi,
- d. útlendingur hefur verið dæmdur til refsingar eða annarrar öryggisráðstöfunar hér á landi,
- e. útlendingur hefur ekki verið samstarfsfús við að upplýsa hver hann er,
- f. útlendingur hefur forðast eða hindrað undirbúning heimfarar,
- g. útlendingur hefur gefið stjórnvöldum hér á landi rangar upplýsingar vegna umsóknar um dvalarleyfi eða alþjóðlega vernd,
- h. útlendingur ber ábyrgð á röskun á friði í eða við móttökustöð eða húsnæði umsækjenda um alþjóðlega vernd,
- i. útlendingur er talinn ógna öryggi ríkisins eða almannahagsmunum.

Efnauðsyn ber til að tryggja framkvæmd er heimilt að handtaka útlendinginn og úrskurða í gæsluvarðhald samkvæmt lögum um meðferð sakamála eftir því sem við á. Samsvarandi gildir ef útlendingur gerir ekki það sem nauðsynlegt er til að afla sér ferðaskilríkja, sbr. 5. mgr. 104. gr., og tilgangurinn er að færa útlendinginn fyrir fulltrúa lands sem við á í því skyni að fá útgefin ferðaskilríki.

Gæsla skal ekki ákveðin lengur en í tvær vikur. Gæslutíma má því aðeins framlengja að útlendingurinn fari ekki sjálfviljugur úr landi og líkur séu á að hann muni annars koma sér undan framkvæmd ákvörðunar, sbr. 104. gr. Má þá framlengja frestinn í allt að tvær vikur en þó ekki oftár en tvisvar.

Útlending má hvorki handtaka né úrskurða í gæsluvarðhald ef það með hliðsjón af eðli máls og atvikum að öðru leyti mundi fela í sér ósanngjarna ráðstöfun eða dómarrinn telur fullnægjandi að útlendingurinn sæti þess í stað úrræðum skv. 1. mgr.

Þvingunarúrræðum skv. 1. og 4. mgr. má beita þegar ákvörðun um að útlendingur skuli yfirgefa landið er tekin og þegar mál sem getur leitt til slíkrar ákvörðunar er til meðferðar.

106. gr.

Frávísun við komu til landsins.

Heimilt er að vísa útlendingi frá landi við komu til landsins eða allt að sjö sólarhringum frá komu ef:

- a. hann fullnægir ekki reglum sem settar eru um vegabréf, vegabréfsáritun eða komu til landsins,
- b. honum hefur verið vísað úr landi hér eða í öðru norrænu ríki, endurkomubann er enn í gildi og honum hefur ekki verið veitt heimild til að koma til landsins,
- c. hann hefur ekki tilskilið leyfi til dvalar eða vinnu eða getur ekki leitt líkur að þeim tilgangi sem gefinn er upp fyrir dvölinni,
- d. hann getur ekki sýnt fram á að hann hafi eða eigi tryggð nægileg fjárráð til dvalar hér á landi og til heimferðar,
- e. hann hefur hlotið refsingu eins og greinir í c- eða d-lið 1. mgr. 98. gr. eða b- eða c-lið 1. mgr. 99. gr. eða sérstök ástæða er af öðrum ástæðum til að óttast að hann muni fremja hér á landi eða í öðru norrænu landi refsiverðan verknað sem varðað getur fangelsi lengur en þrjá mánuði,
- f. reglur 6. gr. norræna vegabréfaeftirlitssamningsins eiga við og ætla má að útlendingurinn muni fara til annars norræns ríkis og að honum muni að öllum líkindum verða vísað þar frá vegna þess að ekki er fullnægt reglum um vegabréf eða vegabréfsáritun eða frávísun er heimil af öðrum ástæðum í viðkomandi ríki,
- g. hann getur ekki samkvæmt mati læknis ráðið persónulegum högum sínum sjálfur meðan á dvöl hans hér stendur, hætta er á að hann muni með framkomu sinni valda sér eða öðrum tjóni eða hann er haldinn alvarlegum smitsjúkdómi,

- h. hann hefur ekki greitt kostnað hins opinbera við fyrri færslu hans úr landi, sbr. 1. mgr. 107. gr., eða sekt sem honum var gert að greiða meðan á fyrri dvöl hans stóð,
- i. hann er skráður í Schengen-upplýsingakerfið í því skyni að honum verði synjað um komu,
- j. endanleg ákvörðun stjórnvalds í Schengen-ríki um brottvísun eða frávísun liggur fyrir á grundvelli þess að ástæða sé til að ætla að hann hafi framið alvarleg afbrot eða vegna rökstudds gruns um að hann ætli að fremja slík afbrot innan Schengen-svæðisins,
- k. það er nauðsynlegt vegna allsherjarreglu, þjóðaröryggis eða alþjóðasamskipta ríkisins eða annars ríkis sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu.

Nægjanlegt er að meðferð máls hefjist innan sjö sólarhringa frestsins. Heimilt er að synja til bráðabirgða útlendingi inngöngu í landið innan þess frests. Sú ákvörðun sætir ekki kærur.

Nú ber útlendingur að hann sé flóttamaður skv. 37. gr., ríkisfangslaus einstaklingur skv. 39. gr. eða veitir að öðru leyti upplýsingar sem benda til að ákvæði 1. mgr. 42. gr. eigi við og skal þá leggja málið fyrir Útlendingastofnun til meðferðar og ákvörðunar.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um undanþágu frá ákvæðum 1. mgr. að því er varðar þann sem hefur vegabréfsáritun eða dvalarleyfi gefið út af ríki sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu.

Heimilt er að vísa útlendingi frá landi eftir reglum 1. mgr. þótt sjö sólarhringa fresturinn sé liðinn. Þó verður meðferð máls að hefjast innan níu mánaða frá komu hans til landsins.

Ekki er heimilt að vísa útlendingi sem hefur dvalarleyfi eða ótímabundið dvalarleyfi frá landi skv. 5. mgr.

107. gr.

Ábyrgð á kostnaði.

Útlendingur sem færður er úr landi samkvæmt lögum þessum skal greiða kostnað af brottför sinni. Útlendingurinn skal einnig greiða kostnað af gæslu þegar hennar er þörf vegna þess að hann fer ekki úr landi af sjálfsdáðum. Krafan er aðfararhæf og hún getur auk þess verið grundvöllur frávísunar við síðari komu til landsins, sbr. h-lið 1. mgr. 106. gr. Lögreglunni er heimilt að leggja hald á farseðla sem finnast í förum útlendingans til notkunar við brottför. Sama gildir um fjármuni til greiðslu á kröfu vegna kostnaðar við brottför og gæslu samkvæmt ákvæði þessu.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við í þeim tilvikum þegar umsækjandi um alþjóðlega vernd er fluttur til annars ríkis sem tekur þátt í samstarfi á grundvelli samninga sem Ísland hefur gert um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um alþjóðlega vernd sem lögð er fram á Íslandi eða í einhverju samningsríkjanna, sbr. c-lið 1. mgr. 36. gr.

Nú er útlendingi sem komið hefur með skipi eða loftfari vísað frá landi skv. 94. eða 106. gr. og skal þá eigandi farsins eða leigutaki, og á þeirra vegum stjórnandi þess eða umboðsmaður hér á landi, annaðhvort taka útlendinginn um borð á ný eða flytja hann úr landi á annan hátt eða greiða kostnað sem hið opinbera hefur af því að færa útlendinginn úr landi. Á sama hátt er þeim skylt að taka fylgdarmenn um borð og greiða kostnað af fylgd með útlendingnum úr landi ef lögregla telur þess þörf.

Kostnaður við að færa útlending úr landi, sem ekki fæst greiddur skv. 1. eða 3. mgr., greiðist úr ríkissjóði.

Nú gengur útlendingur sem þarf leyfi lögreglunnar skv. 22. gr. á land án þess að hafa fengið slíkt leyfi og fer þá eftir reglum 3. mgr. um ábyrgð á kostnaði. Sama gildir þá að jafnaði einnig um kostnað sem hið opinbera kann að hafa af dvöl útlendingans hér á landi í allt að þrjá mánuði.

Ábyrgð skv. 3. og 5. mgr. gildir ekki við komu yfir innri landamæri Schengen-svæðisins.

XIII. KAFLI

Þvingunar- og rannsóknarræði.

108. gr.

Almennt um rannsókn og rannsóknarræði.

Útlendingi er skylt að veita aðstoð til að upplýsa hver hann er, að því marki sem stjórnvald skv. 2. mgr. 4. gr. krefst þess.

Um rannsóknarræði samkvæmt kafla þessum fer eftir ákvæðum laga um meðferð sakamála.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um hvað skylda megi útlending til að gera til að fullnægja skyldu skv. 1. mgr.

109. gr.

Haldlagning.

Ef vafi leikur á hver útlendingur er við komu til landsins eða síðar getur lögregla lagt hald á ferðaskilríki, farseðla og annað sem getur gefið upplýsingar um hver hann er. Sama gildir þegar vafi er um fyrri dvalarstað og það skiptir máli um rétt til dvalar hér á landi.

Lögregla getur lagt fyrir útlending að afhenda vegabréf eða annað kennivottorð ef ástæða er til að ætla að útlendingur muni koma sér undan framkvæmd ákvörðunar um brottvísun, sbr. 3. mgr. 105., eða í þeim tilvikum sem útlendingur sýnir af sér hegðun sem gefur til kynna að hann ógni allsherjarreglu, öryggi ríkisins eða almannahagsmunum. Við mat á því hvort ástæða sé til að ætla að útlendingur muni koma sér undan framkvæmd ákvörðunar er heimilt að taka tillit til almennrar reynslu af undankomu.

Lögregla skal leiðbeina útlendingi um að hann geti borið réttmæti haldlagningar undir dómara samkvæmt reglum laga um meðferð sakamála.

110. gr.

Leit á útlendingi, heimili hans eða í hirslum og hjá samverkamanni.

Ef rökstuddur grunur leikur á að útlendingur, í bága við fyrirmæli sem greinir í 1. mgr. 108. gr., haldi eftir eða leyni upplýsingum um hver hann er eða, í bága við fyrirmæli sem greinir í 14. gr., haldi eftir eða leyni upplýsingum um fyrri dvalarstað eða reyni að halda eftir gögnum eða leyna upplýsingum til þess að reyna að koma í veg fyrir að framfylgt verði ákvörðun um brottvísun á grundvelli ákvæða 98.–100. gr. er lögreglu heimilt að leita á útlendingnum, á heimili hans, í herbergi eða hirslum samkvæmt reglum laga um meðferð sakamála. Sama gildir ef rökstuddur grunur leikur á að til hjúskapar hafi verið stofnað í þeim tilgangi einum að afla dvalarleyfis eða ekki með vilja beggja, sbr. 8. mgr. 70. gr. Sama gildir jafnframt um aðila sem rökstuddur grunur er um að aðstoði útlending við að halda slíkum gögnum leyndum eða leyni upplýsingum um hver útlendingurinn er.

Leit skal ákveðin með úrskurði dómara nema sá sem í hlut á samþykki hana eða brýn hætta sé á að bið eftir úrskurði dómara valdi sakarspjöllum.

111. gr.

Ljósmynd eða fingraför.

Í þágu máls er heimilt að taka ljósmyndir og fingraför af útlendingi sem:

- a. getur ekki fært sönnur á hver hann er eða ef ástæða er til að ætla að útlendingurinn gefi rangar upplýsingar um hver hann er,

- b. leitar alþjóðlegrar verndar eða sækir um leyfi samkvæmt lögum þessum,
- c. hefur verið synjað um alþjóðlega vernd eða leyfi samkvæmt lögum þessum,
- d. hefur verið vísað frá landi eða úr landi eða ætla má að dveljist hér ólöglega.

Fingraför sem tekin eru skv. 1. mgr. er heimilt að færa í tölvufærða fingrafaraskrá. Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um færslu í og notkun gagnagrunna fyrir fingraför í samræmi við lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

112. gr.

Rannsókn á erfðaeefni.

Við ákvörðun í málum þar sem sýna þarf fram á fjölskyldutengsl er Útlendingastofnun heimilt að óska eftir því við umsækjanda um alþjóðlega vernd eða dvalarleyfi að hann gangist undir rannsókn á erfðaeefni og töku lífsýnis í því skyni, til að staðfesta að um skyldleika sé að ræða ef fyrirliggjandi gögn í því efni eru ekki talin veita fullnægjandi sönnun um skyldleika sem byggt er á eða hefur vægi í málinu. Neiti útlendingur án fullnægjandi ástæðu að gangast undir slíkar rannsóknir skal honum gert ljóst að slíkt kunni að hafa áhrif á stöðu hans og meðferð máls.

Heimilt er að taka gjald fyrir rannsókn á erfðaeefni og skal ráðherra í reglugerð kveða nánar á um skiptingu kostnaðar og um framkvæmd rannsókna á erfðaeefni. Heimilt er að krefja umsækjanda um fulla endurgreiðslu kostnaðar við lífsýnistöku og rannsókn á erfðaeefni komi í ljós að viðkomandi hafi gefið rangar upplýsingar.

113. gr.

Aldursgreining.

Ef grunur leikur á að umsækjandi um alþjóðlega vernd eða umsækjandi um dvalarleyfi vegna fjölskyldusameiningar villi á sér heimildir við meðferð máls eða segi rangt til um aldur við meðferð máls getur viðkomandi stjórnvald lagt fyrir útlending að hann gangist undir líkamsrannsókn til þess að ákvarða aldur hans. Niðurstaða úr slíkri líkamsrannsókn skal metin í samhengi við önnur atriði málsins og vafi metinn umsækjanda í hag.

Óheimilt er að þvinga viðkomandi til að gangast undir aldursgreiningu. Neiti útlendingur án fullnægjandi ástæðu að gangast undir aldursgreiningu skal honum gerð grein fyrir því hvaða áhrif neitun getur haft á meðferð málsins. Synjun á umsókn um alþjóðlega vernd getur ekki byggt á því eingöngu að viðkomandi hafi neitað að gangast undir aldursgreiningu.

Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd aldursgreiningar.

114. gr.

Skylda útlendinga til að tilkynna sig eða dveljast á tilteknum stað.

Heimilt er að skylda útlending til að sinna reglulegri tilkynningarskyldu um veru sína hér á landi eða dveljast á ákveðnum stað í tilvikum þar sem:

- a. ekki liggur fyrir hver útlendingurinn er, útlendingurinn neitar að gefa upp hver hann er eða ef rökstuddur grunur er um að hann gefi rangar upplýsingar um hver hann er,
- b. útlendingur sýnir af sér hegðun sem gefur til kynna að hann ógni allsherjarreglu, öryggi ríkisins eða almannahagsmunum,
- c. það þykir nauðsynlegt til þess að tryggja framkvæmd þegar tekin hefur verið ákvörðun um að útlendingur skuli yfirgefa landið og þegar mál sem getur leitt til slíkrar ákvörðunar er til meðferðar,
- d. útlendingurinn hefur hlotið dóm fyrir afbrot sem varðar meira en sex mánaða fangelsisvist eða rökstuddur grunur liggur fyrir um slíkt afbrot,

- e. eini grundvöllur dvalar útlendinga hér á landi er bann við endursendingu skv. 42. gr.,
- f. ætla má að útlendingurinn ógni öryggi ríkisins eða hann af öðrum ástæðum en þeim sem nefndar eru í d-lið hefur ekki virt ákvörðun um að hann skuli hverfa úr landi eða hann getur ekki farið úr landi.

Ákvarðanir um kröfu um að tilkynna sig eða dveljast á ákveðnum stað skulu teknar af lög-reglustjóra.

Útlendingurinn á rétt á að fá skorið úr því fyrir dómstólum hvort skilyrði fyrir ákvörðun skv. 1. mgr. séu til staðar og hvort grundvöllur sé fyrir að framfylgja ákvörðuninni. Lögreglan skal leiðbeina útlendingi sem hefur verið skyldaður til þess að tilkynna sig eða dveljast á ákveðnum stað um þennan rétt. Um slíka meðferð máls vísast til XV. kafla laga um meðferð sakamála.

Fyrirmæli skv. c-lið 1. mgr. er því aðeins heimilt að gefa að ástæða sé til að ætla að útlendingur muni koma sér undan því að ákvörðun um brottvísun verði framfylgt, sbr. 3. mgr. 105. gr. Fyrirmælin gilda ekki lengur en í fjórar vikur nema útlendingurinn samþykki eða dómari ákveði það samkvæmt reglum um meðferð sakamála.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

115. gr.

Handtaka og gæsluvarðhald.

Heimilt er að handtaka útlending og færa í gæsluvarðhald ef:

- a. ekki liggur fyrir hver útlendingurinn er, útlendingurinn neitar að gefa upp hver hann er eða ef rökstuddur grunur er um að hann gefi rangar upplýsingar um hver hann er,
- b. útlendingur sýnir af sér hegðun sem gefur til kynna að hann ógni allsherjarreglu, öryggi ríkisins eða almannahagsmunum,
- c. útlendingurinn hefur ekki sinnt kröfu um tilkynningarskyldu eða skyldu til dvalar á ákveðnum stað skv. 114. gr. og mál hans er enn til meðferðar hjá stjórnvöldum,
- d. endanleg ákvörðun hefur verið tekin um brottvísun, réttaráhrifum hefur ekki verið frestað og tilgangur handtöku er að flytja útlendinginn úr landi; skilyrði er að brottvísunin sé vegna brots og út frá aðstæðum útlendingans megi telja líkur til að hann fremji frekari brot,
- e. útlendingurinn er á íslenskum flugvelli og ætlunin er að senda hann úr landi,
- f. útlendingurinn telst ógn við þjóðaröryggi að mati lögreglu, sbr. 2. mgr. 26. gr., og ætlunin er að senda hann úr landi,
- g. nauðsynlegt þykir til að tryggja framkvæmd ákvörðunar um að útlendingur skuli yfirgefa landið og þegar mál sem getur leitt til slíkrar ákvörðunar er til meðferðar,
- h. útlendingur gerir ekki það sem nauðsynlegt er til að afla sér ferðaskilríkja, sbr. 5. mgr. 104. gr., og tilgangurinn er að færa útlendinginn fyrir fulltrúa þess lands sem við á í því skyni að fá útgefin ferðaskilríki.

Ekki skal beita þessu ákvæði ef tilkynningarskylda eða krafa um að dveljast á ákveðnum stað skv. 114. gr. er talin nægjanleg til að ná því markmiði sem að er stefnt.

Þegar þvingunarúrræði skv. d-, e-, g- eða h-lið 1. mgr. er beitt skal gæsluvarðhald ekki ákveðið lengra en tvær vikur. Gæsluvarðhald samkvæmt þessum liðum má því aðeins framlengja að útlendingurinn fari ekki sjálfviljugur úr landi og líkur séu á að hann muni annars koma sér undan framkvæmd ákvörðunar, sbr. 3. mgr. 105. gr. Er þá heimilt að framlengja gæsluvarðhald í allt að tvær vikur en þó ekki oftar en tvisvar.

Útlending er hvorki heimilt að handtaka né úrskurða í gæsluvarðhald ef það með hliðsjón af eðli máls og atvikum að öðru leyti mundi fela í sér ósanngjarna ráðstöfun eða fullnægjandi er að útlendingurinn sæti þess í stað öðrum vægari úrræðum þessa kafla.

Umsækjanda um alþjóðlega vernd, sem er yngri en 18 ára en eldri en 15 ára, er þá aðeins heimilt að úrskurða í gæsluvarðhald þegar hann hefur sýnt af sér hegðun sem gefur til kynna að hann ógni allsherjarreglu, öryggi ríkisins eða almannahagsmunum. Úrræði þessu skal einungis beitt þegar önnur vægari úrræði samkvæmt lögum þessum eða sem mælt er fyrir um í barnaverndarlögum koma ekki til greina eða ná ekki því markmiði sem að er stefnt. Við beitingu þessa ákvæðis skal ávallt taka tillit til aldurs umsækjanda og þarfa hans hverju sinni.

Lög um meðferð sakamála gilda um handtöku og gæsluvarðhald samkvæmt þessari grein, eftir því sem við á.

116. gr.

Refsiákvæði.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum ef maður:

- a. af ásetningi eða gáleysi brýtur gegn lögum þessum eða reglum, banni, boði eða skilyrðum sem sett eru samkvæmt lögnum eða
- b. af ásetningi eða stórfelldu gáleysi veitir í máli samkvæmt lögum þessum upplýsingar sem eru í verulegum atriðum rangar eða augljóslega villandi.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum ef maður:

- a. af ásetningi eða stórfelldu gáleysi nýtir starfskrafta útlendinga sem ekki hefur tilskilið leyfi lögum samkvæmt,
- b. af ásetningi eða stórfelldu gáleysi hefur milligöngu um vinnu eða húsnæði fyrir útlending eða gefur út eða miðlar yfirlýsingum, umsögnum eða skjölum til notkunar í máli samkvæmt lögum þessum ef hann notfærir sér með því ótilhlýðilega aðstæður útlendinga,
- c. af ásetningi með því að vekja, styrkja eða hagnýta sér ranga eða óljósa hugmynd eða á annan ótilhlýðilegan hátt tælir útlending til að koma til landsins í því skyni að setjast hér að eða stunda atvinnu,
- d. lætur öðrum í té vegabréf, ferðaskírteini fyrir flóttamenn, önnur ferðaskilríki eða svipuð skilríki sem heimilt er að nota sem ferðaskilríki og hlutaðeigandi veit eða má vita að útlendingur getur notað þau til að koma til landsins eða til annars ríkis,
- e. af ásetningi eða stórfelldu gáleysi aðstoðar útlending við að dveljast ólöglega hér á landi eða í öðru ríki,
- f. af ásetningi eða stórfelldu gáleysi aðstoðar útlending við að koma ólöglega hingað til lands eða til annars ríkis,
- g. af ásetningi eða stórfelldu gáleysi aflar eða reynir að afla dvalarleyfis á grundvelli hjúskapar, sbr. 8. mgr. 70. gr.,
- h. hefur í vörslum sínum falsað vegabréf, fólusuð skilríki eða falsaða vegabréfsáritun.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að sex árum að standa að skipulagðri starfsemi til að aðstoða útlendinga við að koma ólöglega til landsins eða til annars ríkis, hvort sem starfsemin er rekin í hagnaðarskyni eða ekki.

Nú er útlendingur fluttur til landsins með skipi eða loftfari án þess að hafa fullnægjandi ferðaskilríki og stjórnandi skips eða loftfars hefur ekki gengið úr skugga um að hann beri gild ferðaskilríki, sbr. 3. mgr. 18. gr., og er þá heimilt að gera stjórnanda farartækisins sekt.

Þegar brot er framið í starfsemi lögaðila er heimilt að gera lögaðilanum sekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga.

Tilraun eða hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

117. gr.

Heimflutningur.

Sá sem hefur milligöngu um að útlendingur flytjist til landsins án tilskilinna leyfa skal greiða allan kostnað við að flytja útlending úr landi.

XIV. KAFLI

Öryggi ríkisins. Tilkynningarskylda.

118. gr.

Sérákvæði vegna öryggis ríkisins o.fl.

Heimilt er að meina útlendingi landgöngu og synja um útgáfu dvalarleyfis og ótímabundins dvalarleyfis eða setja takmarkanir eða skilyrði ef nauðsynlegt þykir vegna utanríkisstefnu ríkisins, öryggis ríkisins eða mikilvægra þjóðarhagsmuna. Af sömu ástæðum er heimilt að framfylgja ákvörðun fyrr en greinir í 35. og 103. gr. Útlendingastofnun tekur ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð vegna öryggis ríkisins nánari ákvæði um tilkynningarskyldu en segir í 60. gr. eða reglum skv. 119. gr.

119. gr.

Tilkynningarskylda annarra.

Ráðherra getur sett reglur um:

- a. að sá sem rekur gististað, af hvers kyns tagi, eða heldur tjaldsvæði og þess háttar skuli halda skrá yfir þá sem þar gista og tilkynna lögreglunni um þá, telji hún upplýsingarnar nauðsynlegar til að koma í veg fyrir ógnanir, vegna meðferðar sakamáls eða til þess að upplýsa hvað hafi hent horfna menn eða fórnarlömb slysa,
- b. að flugrekandi eða stjórnandi loftfars sem kemur frá útlöndum eða fer til útlanda skuli láta lögreglunni í té skrá um farþega og áhöfn,
- c. að stjórnandi skips sem siglir yfir mörk landhelginnar á leið til eða frá íslenskri höfn skuli láta lögreglunni í té skrá um farþega og áhöfn,
- d. að sá sem fær útlending í þjónustu sína eða ræður útlending í launaða atvinnu skuli tilkynna það Útlendingastofnun áður en vinnan hefst,
- e. að atvinnumiðlanir skuli tilkynna Útlendingastofnun um útlendinga sem leita eða fá atvinnu,
- f. að Þjóðskrá Íslands skuli tilkynna Útlendingastofnun um útlendinga sem skráðir eru í þjóðskrá,
- g. að menntastofnanir skuli samkvæmt beiðni láta Útlendingastofnun í té skrá um erlenda námsmenn,
- h. að stjórnvöld skuli samkvæmt beiðni láta Útlendingastofnun eða lögreglunni í té upplýsingar um nafn útlending og heimili til nota í máli samkvæmt lögum þessum þrátt fyrir reglur um trúnað í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og barnaverndarlögum.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um hvaða upplýsingar skrár skv. 1. mgr. skuli hafa að geyma.

Þeim sem tilkynna á um er skylt að láta í té þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að tilkynningarskyldunni verði fullnægt.

XV. KAFLI
Reglugerðir, gildistaka o.fl.

120. gr.

Reglugerðir og reglur.

Ráðherra setur reglugerð eða reglur um nánari framkvæmd laga þessara, þar á meðal um:

1. Starfssvið einstakra stofnana, sbr. 4. gr.
2. Réttaraðstoð og talsmenn, sbr. 13. gr.
3. Hvaða skrár skuli haldnar og vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 17. gr.
4. För yfir landamæri og skilyrði fyrir komu, sbr. 18. gr.
5. Skilyrði vegabréfa og annarra kennivottorða, sbr. 19. gr.
6. Vegabréfsáritanir við komu til landsins og íslenskan hluta upplýsingakerfis um vegabréfsáritanir, þar á meðal persónuvernd, sbr. 1., 4., 8. og 9. mgr. 20. gr.
7. Langtímavegabréfsáritun, sbr. 21. gr.
8. Landgönguleyfi útlendra sjómanna, sbr. 22. gr.
9. Framkvæmd á greiningu á sérþörfum og stöðu umsækjanda um alþjóðlega vernd, sbr. 25. gr.
10. Stofnun og almennan rekstur móttökumiðstöðvar, sbr. 27. gr.
11. Réttindi umsækjanda um alþjóðlega vernd, sbr. 33. gr.
12. Stuðning við einstaklinga sem fá dvalarleyfi á grundvelli 43., 73. og 74. gr., sbr. 45. gr.
13. Gögn og gagnakröfur umsókna um dvalarleyfi, sbr. 52. gr.
14. Flýtimeðferð umsókna um dvalarleyfi, sbr. 53. gr.
15. Gjald fyrir endurútgáfu dvalarleyfisskírteinis, sbr. 54. gr.
16. Ótímabundið dvalarleyfi, sbr. 58. gr.
17. Dvalarleyfi á grundvelli vistráðninga, sbr. 68. gr.
18. Dvalarleyfi á grundvelli sérstakra tengsla við landið, sbr. 78. gr.
19. Lögmatan og sérstakan tilgang, sbr. 79. gr.
20. Eftirlit með framkvæmd brottvísana, sbr. 104. gr.
21. Hvað skylda má útlending til að gera til að upplýsa hver hann er, sbr. 108. gr.
22. Skiptingu kostnaðar og framkvæmd rannsóknar á erfðaefni, sbr. 112. gr.
23. Framkvæmd aldursgreiningar, sbr. 113. gr.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um:

1. Starfshætti og störf kærunefndar útlendingamála, sbr. 8. gr.
2. Störf flóttamannanefndar, sbr. 9. gr.
3. Hverjir skuli bera vegabréf eða kennivottorð, sbr. 14. gr.
4. Hvaða upplýsingar megi veita erlendum stjórnvöldum og skilyrði þess, sbr. 15. gr.
5. Þátttöku Íslands í tengslum við samvinnu á ytri landamærum, sbr. 18. gr.
6. Skyldu til að hafa vegabréfsáritun til að fara um flugvöll og um íslenskan hluta upplýsingakerfis um vegabréfsáritanir, sbr. 20. gr.
7. Málsmeðferð og málsmeðferðartíma í málum vegna umsókna um alþjóðlega vernd, sbr. 23. gr.
8. Umsóknir um alþjóðlega vernd og aðkomu barnaverndarnefnda, sbr. 24. gr.
9. Öflun upplýsinga vegna umsókna um alþjóðlega vernd, sbr. 26. gr.
10. Framkvæmd viðtals við umsækjanda um alþjóðlega vernd, sbr. 28. gr.
11. Nánari skilyrði fyrir beitingu forgangsmeðferðar, sbr. 29. gr.
12. Réttaraðstoð í málum um alþjóðlega vernd, m.a. menntun og þóknun talsmanna, sbr. 30. gr.

13. Málsmeðferð vegna beiðna um frestun réttaráhrifa, sbr. 35. gr.
14. Framkvæmd efnismeðferðar umsókna um alþjóðlega vernd, sbr. 36. gr.
15. Meðferð umsókna um viðurkenningu á ríkisfangsleysi, sbr. 39. gr.
16. Skilyrði fyrir fjölskyldusameiningu, sbr. 45. gr.
17. Framkvæmd útgáfu og endurnýjunar ferðaskírteinis fyrir flóttamann og vegabréfs fyrir útlending, sbr. 46. gr.
18. Dvöl umfram þrjá mánuði ef það leiðir af þjóðréttarsamningi, sbr. 49. gr.
19. Undanþágur frá kröfu um dvalarleyfi, sbr. 49. gr.
20. Undanþágu frá skyldunni til að sækja um dvalarleyfi fyrir komu til landsins, sbr. 51. gr.
21. Nánari fyrirmæli um grunnskilyrði dvalarleyfis, sbr. 55. gr.
22. Framfærslu umsækjanda um dvalarleyfi, sbr. 56. gr.
23. Skilyrði fyrir endurnýjun dvalarleyfis, sbr. 57. gr.
24. Skilyrði dvalarleyfis fyrir sjálfboðaliða og trúboða, sbr. 67. gr.
25. Viðmið varðandi nám og störf umsækjanda um dvalarleyfi á grundvelli hjúskapar eða sambúðar hér á landi, sbr. 70. gr.
26. Nánari skilyrði fyrir dvalarleyfi barna, m.a. um skilyrði vegna fósturbarna, sbr. 71. gr.
27. Rétt EES- eða EFTA-borgara til dvalar, m.a. um flýtimeðferð, sbr. 81. gr.
28. Fyrirmæli um lengd dvalar, sbr. 83. gr.
29. Skilgreiningu á hugtakinu ósanngjörn byrði, sbr. 83. gr.
30. Rétt EES- eða EFTA-borgara til dvalar lengur en þrjá mánuði, sbr. 84. gr.
31. Rétt EES- eða EFTA-borgara til ótímabundinnar dvalar, sbr. 87. gr.
32. Rétt aðstandenda sem ekki eru EES- eða EFTA-borgarar til ótímabundinnar dvalar, sbr. 88. gr.
33. Skráningarvottorð, sbr. 89. gr.
34. Dvalarskírteini, sbr. 90. gr.
35. Vottorð og skírteini um rétt til ótímabundinnar dvalar, sbr. 91. gr.
36. Brottfall dvalarréttar, sbr. 92. gr.
37. Endurkomubann og lengd þess, sbr. 101. gr.
38. Mat á aðstæðum við frávísun og brottvísun, sbr. 102. gr.
39. Undanþágu við frávísun við komu til landsins að því er varðar þann sem hefur vegabréfsáritun eða dvalarleyfi gefið út af ríki sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu, sbr. 106. gr.
40. Gagnagrunna fyrir fingraför, sbr. 111. gr.
41. Skyldu útlendinga til að tilkynna sig eða dveljast á tilteknum stað, sbr. 114. gr.
42. Nánari ákvæði vegna öryggis ríkisins, sbr. 118. gr.
43. Tilkynningarskyldu annarra, sbr. 119. gr.

121. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2017. Jafnframt falla þá úr gildi lög um útlendinga, nr. 96/2002, með síðari breytingum. Þrátt fyrir l. másl. öðlast 114. og 115. gr. þegar gildi.

Um mál sem borist hafa kærunefnd útlendingamála fyrir gildistöku laga þessara en hafa ekki verið afgreidd með úrskurði gilda ákvæði þessara laga.

122. gr.

Breyting á lögum um atvinnuréttindi útlendinga.

Við gildistöku laga þessara verður eftirfarandi breyting á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, með síðari breytingum:

1. Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:
 - a. 2. tölul. fellur brott.
 - b. Í stað orðanna „Einstaklingur eða fyrirtæki“ í 3. tölul. kemur: Sjálfstætt starfandi einstaklingur, fyrirtæki eða félag, þ.m.t. stofnun, félagasamtök eða annar aðili.
 - c. Í stað orðsins „Búsetuleyfi“ í 4. tölul. kemur: Ótímabundið dvalarleyfi.
 - d. Við bætast tveir nýir töluliðir, 7. og 8. tölul., svohljóðandi:
 7. *Sjálfstætt starfandi einstaklingur*: Hver sá sem starfar við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi í því umfangi að honum sjálfum er gert að standa mánadárlega, eða með öðrum reglulegum hætti samkvæmt reglum ríkisskattstjóra um reiknað endurgjald, skil á staðgreiðslu af reiknuðu endurgjaldi og tryggingagjaldi vegna starfs síns.
 8. *Nám*: Námsleiðir sem teljast til náms samkvæmt lögum um útlendinga.
2. Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:
 - a. 2. mgr. orðast svo:

Atvinnurekanda er óheimilt að ráða útlending til starfa, hvort heldur er um langan tíma eða skamman, sbr. þó 4. og 5. mgr. 19. gr., eða hlutast til um að útlendingur flytjist til landsins í því skyni án atvinnuleyfis enda sé hann ekki undanþeginn kröfu um atvinnuleyfi samkvæmt lögum þessum.
 - b. 3. mgr. orðast svo:

Útlendingi er óheimilt að starfa hér á landi sem sjálfstætt starfandi einstaklingur nema hann sé undanþeginn kröfu um atvinnuleyfi samkvæmt lögum þessum.
3. Við 2. másl. c-liðar 1. mgr. 7. gr. laganna bætist: en við mat á því hvort svo sé er Vinnu-
málastofnun m.a. heimilt að líta til viðmiðunarfjárhæða samkvæmt reglum ríkis-
skattstjóra um reiknað endurgjald sem og upplýsinga frá Hagstofu Íslands og launakann-
ana sem gerðar hafa verið af óháðum aðilum.
4. Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:
 - a. Í stað orðanna „krefst sérfræðiþekkingar enda sé ekki um að ræða tímabundið verk-
efni“ í b-lið 1. mgr. kemur: samkvæmt lögum eða venju hér á landi er þess eðlis að
það krefjist þess að sá sem því gegnir búi yfir tiltekinni sérfræðiþekkingu; auk þess
er Vinnu-
málastofnun heimilt að óska eftir að þar til bærir aðilar að mati stofnunar-
innar votti um að starfið sem um ræðir sé þess eðlis að það krefjist þess að sá sem því
gegnir búi yfir tiltekinni sérfræðiþekkingu.
 - b. Í stað orðanna „eins árs“ í 1. másl. 4. mgr. kemur: tveggja ára.
 - c. Á eftir orðunum „tvö ár í senn“ í 2. másl. 4. mgr. kemur: með sömu takmörkunum
og þegar leyfið var veitt í fyrsta skipti.
 - d. Við 4. mgr. bætist nýr máslíður, svohljóðandi: Þá er Vinnu-
málastofnun heimilt að
óska eftir upplýsingum frá atvinnurekanda í tengslum við starf viðkomandi út-
lendinga sem stofnunin telur nauðsynlegar til að meta hvort skilyrði framlengingar
atvinnuleyfisins séu uppfyllt, svo sem upplýsingum um hvort sérfræðiþekking út-
lendinga hafi nýst í því starfi sem hann var ráðinn til að gegna.
 - e. 5. og 6. mgr. falla brott.

5. Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:
 - a. Í stað orðanna „allt að eitt ár til viðbótar“ í 2. másl. 3. mgr. kemur: eitt ár í senn með sömu takmörkunum og þegar leyfið var veitt í fyrsta skipti.
 - b. Í stað orðsins „sex“ í 2. másl. 5. mgr. kemur: átta.
 - c. 6. mgr. fellur brott.
 - d. Í stað orðsins „vinnuafli“ í fyrirsögn greinarinnar kemur: starfsfólki.
6. Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:
 - a. Á eftir orðunum „tvö ár í senn“ í 2. másl. 2. mgr. kemur: með sömu takmörkunum og þegar leyfið var veitt í fyrsta skipti.
 - b. 3. mgr. fellur brott.
7. Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:
 - a. Í stað orðanna „samkvæmt lögum um útlendinga eða dvalarleyfi skv. 3. mgr. 11. gr. laga“ í a-lið 1. mgr. kemur: dvalarleyfi fyrir foreldra, dvalarleyfi á grundvelli sérstakra tengsla við landið eða dvalarleyfi á grundvelli lögmæts tilgangs samkvæmt lögum.
 - b. Í stað orðanna „c- og d-liðar“ í b-lið 1. mgr. kemur: b-, c- og d-liðar.
 - c. Í stað orðanna „sem veitt er í fyrsta skipti skal eigi veitt til lengri tíma en eins árs en þó aldrei“ í 1. másl. 2. mgr. kemur: skal eigi veitt.
 - d. Í stað orðanna „tímabundið atvinnuleyfi um allt að eitt ár í senn“ í 2. másl. 2. mgr. kemur: það með sömu takmörkunum og þegar leyfið var veitt í fyrsta skipti.
 - e. 3. og 4. mgr. falla brott.
8. Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:
 - a. Á eftir orðinu „mannúðarsjónarmiða“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: eða dvalarleyfi á grundvelli sérstakra tengsla við landið.
 - b. Í stað orðanna „eða óbundið atvinnuleyfi“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: tímabundið dvalarleyfi á grundvelli alþjóðlegrar verndar samkvæmt lögum um útlendinga eða ótímabundið dvalarleyfi samkvæmt lögum um útlendinga.
 - c. Á eftir 1. másl. 1. mgr. koma tveir nýir máslíðir, svohljóðandi: Hið sama á við vegna starfa nánustu aðstandenda útlendingis sem hefur dvalarleyfi vegna náms samkvæmt lögum um útlendinga og um er að ræða framhaldsnám á háskólastigi, doktorsnám eða rannsóknir hér á landi eða endurnýjað dvalarleyfi vegna náms samkvæmt lögum um útlendinga þar sem viðkomandi útlendingur hefur lokið námi hér á landi. Þá er heimilt að veita tímabundið atvinnuleyfi vegna starfa nánustu aðstandenda útlendingis sem hefur verið veitt dvalarleyfi fyrir íþróttafólk samkvæmt lögum um útlendinga enda sé gildistími dvalarleyfisins a.m.k. eitt ár.
 - d. Í stað orðanna „a-, b- og e-liðar“ í 2. másl. 1. mgr. kemur: a- og e-liðar.
 - e. Orðin „um dvalarleyfi fyrir aðstandendur“ í 3. másl. 1. mgr. falla brott.
 - f. Í stað orðanna „aðstandendur eða búsetuleyfis“ í 1. másl. 2. mgr. kemur: börn eða ótímabundins dvalarleyfis.
 - g. Orðin „um dvalarleyfi fyrir aðstandendur“ í 3. másl. 2. mgr. falla brott.
 - h. Í stað orðanna „skv. 1. mgr.“ í 1. másl. 3. mgr. kemur: samkvæmt ákvæði þessu.
 - i. Orðin „en eins árs en þó aldrei til lengri tíma“ í 1. másl. 3. mgr. falla brott.
 - j. Orðin „um allt að eitt ár í senn“ í 2. másl. 3. mgr. falla brott.
 - k. Í stað orðanna „þarf skilyrði d-liðar“ í 3. másl. 3. mgr. kemur: þurfa skilyrði a-, d- og e-liðar.
 - l. 4., 5. og 6. mgr. falla brott.

- m. Í stað orðanna „Börn“ og „aðstandendur eða búsetuleyfis“ í 7. mgr. kemur: Börnum; og: börn eða ótímabundins dvalarleyfis.
9. Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:
- A-liður 1. mgr. orðast svo: skilyrði b-, c- og d-liðar 1. mgr. 7. gr. séu uppfyllt.
 - Á eftir a-lið 1. mgr. kemur nýr stafliður, b-liður, svohljóðandi: starfshlutfall útlendings sé ekki meira en 40%.
 - Á eftir 1. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, 2. og 3. mgr., svohljóðandi:

Þrátt fyrir b-lið 1. mgr. er heimilt að veita atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu þegar starfshlutfall útlendings er meira en 40% þegar eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

 - starfið fer fram í námsleyfi samkvæmt námsskrá viðkomandi skóla,
 - útlendingi hafi áður verið veitt endurnýjað dvalarleyfi hér á landi vegna náms samkvæmt lögum um útlendinga þar sem hann hefur lokið háskólanámi hérlandis og dvelur hér í atvinnuleit á grundvelli sérþekkingar sinnar,
 - um sé að ræða nám sem fram fer á vinnustað.

Þegar um er að ræða nám sem fram fer á vinnustað skal liggja fyrir staðfesting frá hlutaðeigandi menntastofnun, íslenskri eða erlendri eftir því sem við á, um að nám viðkomandi útlendings á vinnustaðnum í nánar tiltekinn tíma sé nauðsynlegur hluti af námi hans hjá stofnuninni.
 - Í stað orðsins „sex“ í 1. másl. 2. mgr. kemur: tólf.
 - Í stað orðanna „samkvæmt lögum um útlendinga“ í 1. másl. 2. mgr. kemur: eða ráðningartíma samkvæmt ráðningarsamningi sé ráðningartími skemmri en gildistími dvalarleyfis.
 - Á eftir 1. másl. 2. mgr. kemur nýr máslíður, svohljóðandi: Í þeim tilvikum þegar um er að ræða nám sem fram fer á vinnustað skal atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu eigi veitt til lengri tíma en sem nemur þeim tíma sem hlutaðeigandi menntastofnun, íslensk eða erlend eftir því sem við á, hefur tilgreint í staðfestingu sinni skv. 3. mgr.
 - Í stað orðanna „og skilyrðum 1. mgr. er fullnægt“ í 2. másl. 2. mgr. kemur: með sömu takmörkunum og þegar leyfið var veitt í fyrsta skipti enda séu skilyrði 1. mgr. uppfyllt.
 4. og 5. mgr. falla brott.
10. Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:
1. mgr. orðast svo:

Heimilt er að veita útlendingi, sem fyrirhugað er að senda hingað til lands á vegum atvinnurekanda sem ekki hefur starfsstöð hér á landi, tímabundið atvinnuleyfi á grundvelli þjónustusamnings eða samstarfssamnings um kennslu-, fræði- eða vísindastörf, að uppfylltum skilyrðum c–e-liðar 1. mgr. 7. gr.
 2. mgr. orðast svo:

Þjónustusamningur eða samstarfssamningur um kennslu-, fræði- eða vísindastörf, eftir því sem við á, milli atvinnurekanda sem hefur starfsstöð hér á landi og atvinnurekanda sem ekki hefur starfsstöð hér á landi skal liggja fyrir. Í þeim tilvikum þegar um er að ræða þjónustusamning skal m.a. koma fram í samningi að skilyrði viðskiptanna sé að starfsmaður hins erlenda atvinnurekanda annist þjónustuna hér á landi. Í þeim tilvikum þegar um er að ræða samstarfssamning skal m.a. koma fram í samningi að um sé að ræða starf sem starfsmaður hins erlenda atvinnurekanda mun gegna hér á landi á grundvelli samstarfs milli hins íslenska atvinnurekanda og erlenda atvinnurekandans í tengslum við kennslu-, fræði- eða vísindastörf og skal þá viðkomandi

- starfsmaður hins erlenda atvinnurekanda hafa lokið háskólanámi sem er nauðsynlegt til að gegna því starfi sem um ræðir.
- c. Í stað orðsins „þjónustusamnings“ í 3. mgr. kemur: samnings.
 - d. 4. og 5. mgr. falla brott.
 - e. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Tímabundið atvinnuleyfi vegna sérhæfðra starfsmanna á grundvelli þjónustusamnings eða samstarfssamnings um kennslu-, fræðis- eða vísindastörf.*
11. Í stað orðanna „4. mgr.“ í 2. másl. 1. mgr. 16. gr. laganna kemur: 5. mgr.
 12. 17. gr. laganna fellur brott.
 13. Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna:
 - a. Í stað orðanna „kveðið sé á um annað í lögum þessum“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: fyrir liggja ákvörðun Útlendingastofnunar um að útlendingnum sé heimilt að dvelja hér á landi samkvæmt lögum um útlendinga.
 - b. Á eftir 2. másl. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Umsókn um tímabundið atvinnuleyfi skal skila til Útlendingastofnunar sem áframsendir hana svo fljótt sem unnt er til Vinnumálastofnunar.
 - c. Í stað orðanna „og 2. mgr. 9. gr.“ í 2. mgr. kemur: 2. mgr. 9. gr. og 15. gr.
 - d. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Í undantekningartilvikum er Vinnumálastofnun heimilt að taka til meðferðar aðrar umsóknir um tímabundið atvinnuleyfi en að framan greinir enda sé þá um sérstakar aðstæður að ræða.
 - e. Á eftir 1. másl. 3. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Umsókn skal skila til Útlendingastofnunar sem áframsendir hana svo fljótt sem unnt er til Vinnumálastofnunar.
 - f. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein, 4. mgr., svohljóðandi:

Þegar atvinnurekandi sækir um tímabundið atvinnuleyfi fyrir útlending skv. 8. gr. getur hann óskað eftir að Vinnumálastofnun taki ákvörðun um heimild útlendingans til að hefja störf hjá hlutaðeigandi atvinnurekanda á afgreiðslutíma umsóknar um dvalar- og atvinnuleyfi vegna starfs sem krefst sérfræðiþekkingar. Skilyrði er að Vinnumálastofnun hafi veitt tímabundið atvinnuleyfi með fyrirvara um veitingu dvalarleyfis vegna starfs sem krefst sérfræðiþekkingar samkvæmt lögum um útlendinga og að atvinnurekandinn ábyrgist greiðslu á heimflutningi útlendingans komi til þess að honum verði synjað um dvalarleyfið.
 - g. Í stað orðsins „Vinnumálastofnun“ í 1. másl. 4. mgr. kemur: Útlendingastofnun.
 - h. 5. mgr. fellur brott.
 14. Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. laganna:
 - a. Í stað orðanna „4. mgr.“ í 2. másl. 1. mgr. kemur: 5. mgr.
 - b. Í stað orðanna „skilríkjum um tímabundið atvinnuleyfi“ í 3. másl. 1. mgr. kemur: útgefnum tímabundnum atvinnuleyfum.
 - c. 4. másl. 1. mgr. fellur brott.
 - d. Í stað orðanna „skilríki“ og „þau“ í 2. mgr. kemur: útgefið atvinnuleyfi; og: það.
 15. Eftirfarandi breytingar verða á 22. gr. laganna:
 - a. Í stað orðanna „íslenskra ríkisborgara“ í c-lið kemur: og sambúðarmakar íslenskra ríkisborgara sem veitt hefur verið dvalarleyfi á grundvelli hjúskapar eða sambúðar samkvæmt lögum um útlendinga.
 - b. Í stað orðanna „dvalarleyfi sem flóttamenn“ í e-lið kemur: dvalarleyfi á grundvelli alþjóðlegrar verndar.

- c. Við bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Útlendingar sem hafa fengið ótímabundið dvalarleyfi samkvæmt lögum um útlendinga.
16. Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 23. gr. laganna:
- Í stað orðanna „fjórar vikur“ í 1. másl. kemur: 90 daga.
 - A-liður orðast svo: Vísinda- og fræðimenn, þ.m.t. doktors- og starfsmenn, í tengslum við kennslu-, fræði- eða vísindastörf hér á landi eða sambærilega starfsemi, og skal þá viðkomandi útlendingur hafa lokið háskólanámi í tengslum við það starf sem um ræðir.
 2. másl. b-liðar fellur brott.
 - Orðin „fyrir fyrirtæki sem ekki hafa útibú hérlandis“ í d-lið falla brott.
17. Á eftir orðunum „er skilyrt við“ í 2. másl. 24. gr. laganna kemur: atvinnurekandi hefur ekki staðið skil á staðgreiðslu skatta sem og tryggingagjaldi lögum samkvæmt vegna starfa viðkomandi útlendinga.
18. Eftirfarandi breytingar verða á 25. gr. laganna:
- Á eftir orðinu „skattyfirvalda“ í 1. másl. 2. mgr. kemur: kærunefndar útlendingamála, félagsþjónustu sveitarfélaga.
 - Í stað orðsins „heimilt“ í 3. mgr. kemur: skylt.
19. Í stað orðanna „17. gr.“ í 28. gr. laganna kemur: 27. gr.
20. Við 1. mgr. 32. gr. laganna bætist: stofnuninni.
21. Í stað orðanna „24. gr. laganna“ í 33. gr. laganna kemur: 34. gr.
22. 3. másl. 1. mgr. 34. gr. laganna fellur brott.
23. Eftirfarandi breytingar verða á 35. gr. laganna:
- Á eftir orðinu „fulltrúar“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: ráðherra, þess ráðherra sem fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum um útlendinga.
 - Við 1. másl. 1. mgr. bætist: einn frá hverjum aðila.
 - Við 2. mgr. bætast þrjú nýir stafliðir, c–e-liður, svohljóðandi:
 - þegar fyrirhugaðar eru breytingar á lögum þessum eða lögum um útlendinga,
 - í tengslum við vinnu að stefnumótun íslenskra stjórnvalda hvað varðar möguleika ríkisborgara ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins til að dvelja og starfa hér á landi,
 - ársfjórðungslega til að fara yfir stöðuna hvað varðar þátttöku ríkisborgara ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins á innlendum vinnumarkaði.
24. Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
- Tímabundin atvinnuleyfi sem veitt hafa verið fyrir gildistöku laga þessara halda gildi sínu. Heimilt er að framlengja tímabundin atvinnuleyfi sem veitt hafa verið fyrir gildistöku laga þessara að sömu skilyrðum uppfylltum og giltu um veitingu upphaflegu leyfanna.
- Óbundin atvinnuleyfi sem veitt hafa verið fyrir gildistöku laga þessara halda gildi sínu.
- Þrátt fyrir 2. mgr. fellur óbundið atvinnuleyfi úr gildi þegar útlendingur hefur dvalist erlendis samfelld lengur en átján mánuði. Vinnumálastofnun tekur ákvörðun um að fella leyfi úr gildi. Vinnumálastofnun er þó heimilt að fenginni umsókn að veita undanþágu frá tímamörkum 1. másl. þannig að útlendingur haldi óbundnu atvinnuleyfi þrátt fyrir lengri dvöl erlendis.

123. gr.

Breyting á barnaverndarlögum.

Við gildistöku laga þessara verður eftirfarandi breyting á barnaverndarlögum, nr. 80/2002, með síðari breytingum:

1. Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:
 - a. Við 5. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Ef fylgdarlaust barn sækir um alþjóðlega vernd tryggir Barnaverndarstofa hagsmuni þess eftir því sem nánar er kveðið á um í ákvæðum laga um útlendinga.
 - b. Í stað orðsins „hæli“ í fyrri málslíð 6. mgr. kemur: alþjóðleg vernd.
 - c. Við síðari málslíð 6. mgr. bætist: samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur um slíkan kostnað og útlagðan kostnað skv. 5. mgr.
2. Í stað orðsins „hæli“ í e-lið 1. mgr. 65. gr. kemur: alþjóðlega vernd.

124. gr.

Breyting á lögum um sjúkratryggingar.

Við gildistöku laga þessara verður eftirfarandi breyting á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum: Í stað orðsins „hæli“ í 1. mgr. 16. gr. laganna kemur: alþjóðlega vernd.

125. gr.

Breyting á lögum um íslenskan ríkisborgararétt.

Við gildistöku laga þessara verður eftirfarandi breyting á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100/1952, með síðari breytingum: Í stað orðanna „búsetuleyfi útgefið“ í 3. mgr. 8. gr. laganna kemur: útgefið ótímabundið dvalarleyfi.

Samþykkt á Alþingi 2. júní 2016.